




Útgjöld til velferðarmála á Norðurlöndum sem hlutfall af landsframleiðslu.

Skv. tölum frá OECD 2019

Source: Social Expenditure: Aggregated data



Öryrkjabandalag Íslands vill benda Alþingi á eftirfarandi staðreynd:

Norræna velferðarkerfið hefur ekki náð til Íslands

Íslenska velferðarkerfið er langt undir þeim viðmiðum sem gilda á hinum Norðurlöndunum. Hvergi í Evrópu er jafn mikil umönnunarskylda og hér á landi og má segja að kerfinu sé að hluta velt yfir á heimilin. Yfir 35 þúsund Íslendingar annast sjúka, aldraða eða fatlaða ættingja án þess að fá greitt fyrir

þá umönnun og oftast eru þetta konur. En konur á aldrinum 50 til 66 eru í dag líklegastar til að bætast í hóp öryrkja. Útslitnar á líkama eða sál. Ef um væri að ræða norræna vegakerfið sem Ísland væri að byggja upp, þá væru hér allir vegir einbreiðir og stór hluti ómalbikaður.

Félagsleg útgjöld Íslands ríkisins voru samkvæmt samantekt Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, 17,4 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2019. Þessi tala ein og sér segir ekki mikið. En þegar hún er borin saman við sambærileg útgjöld annara landa kemur í ljós að Ísland á töluvert langt í land með að innleiða hið Norræna velferðarkerfi, sem stjórnáráðgjafi verður tíðrætt um.

Öryrkjabandalag Íslands ákvað að skoða sambærileg útgjöld hjá frændum okkar í Noregi. Norðmenn vorðu riflega fjórðungi landsframleiðslu sinnar í félagsleg útgjöld árið 2019. Svíþjóð var á svipuðu róli með hlutfallið 25,5%. Danir gerðu hins vegar mun betur og þar voru félagsleg útgjöld 28,3% af landsframleiðslu árið 2019. Finnland trónir svo á toppnum í þessum samanburði þegar horft er til Norðurlandanna, með hlutfallið 29,1%.

Þegar rætt er um félagsleg útgjöld er OECD að miða við greiðslur frá opinberum stofnunum, skattkerfið, atvinnuleysisbætur, lífeyri og veittu þjónustu hvort sem er frá ríki eða sveitarfélögum.

Meðaltalsútgjöld þeirra ríkja sem OECD tekur saman gögn yfir, er 20%.

Það er ljóst af þessum tölum að allt tal um að hér á landi vilji stjórnáráðgjafi stefna að hinu Norræna módeli, þegar kemur að velferðarmálum hefur ekki skilað sér í framkvæmdum. Ísland og íslenska kerfið er mikill eftirbátur þegar kemur að félagslegum útgjöldum ef við viljum miða við nágranna okkar.

Sláandi staðreyndir

Önnur og ekki síður sláandi birtingarmynd þess hvað við verjum litlu í félagsleg útgjöld, er hve mikill hluti umönnunar ættingja er lagður á herðar landsmanna. Næri 9% Íslendinga, eða um 35 þúsund manns, telja sig hafa umönnunarskyldu gagnvart öldruðum, sjúkum eða fötluðum ættingja. Næri tíu sinnum fleiri Íslendingar þurfa að taka þessi umönnunarskilyrði til sín en Danir, þar sem samsvarandi prósentu er 0,7. Í Svíþjóð er hlutfallið 2,8% Noregi 2,6% og Finnlandi 2,9% samkvæmt Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Þessar tölur sem Öryrkjabandalagið er hér að vitna til segja í raun að stórum hluta

félagslega kerfisins hefur einfaldlega verið velt yfir á íslensk heimili, en hvergi í Evrópu er viðlíka hátt hlutfall þar sem svo stór hluti félagslega kerfisins er á ábyrgð fjölskyldna og einstaklinga.

Tölurnar tala sínu máli

Þessar tölur kallast á við upplýsingar í nýútkominni skýrslu á vegum Heilbrigðisráðuneytisins, þar sem leitast var við að greina rekstrarkostnað hjúkunarheimila. Þar kemur fram að mikið vantar upp á að viðmið fyrir hjúkunarheimili sett af Landlæknisembættinu náist. Gildir það bæði um að uppfylla kröfur um fjölda faglærðra starfsmanna og einnig að fjölda umönnunarklukkustunda sé náð. Þetta stóra gap á hjúkunarheimilum er væntanlega mætt af einhverju leiti af aðstandendum og skýrir að hluta þessar tölur hér að ofan.

Öryrkjabandalagið undrast af hverju Landlæknisembættis sé að setja viðmið fyrir þessa þjónustu en því er svo ekki fylgt eftir? Þetta er spurning sem stjórnáráðgjafi geta velt fyrir sér.

Kynbundin verkaskipting?

Kolbeinn H. Stefánsson bendir á í skýrslu sinni um fjölgun

öryrkja, að aukningin sé að stærstum hluta tilkomin vegna kvenna á aldrinum 50 til 66 ára, eða næri helmingur aukningarinnar. Kolbeinn skrifar; „Mögulegar skýringar gætu legið í kynbundinni verkaskiptingu á vinnumarkaði, aukinni byrði kvenna af heimilishaldi, af umönnun barna sem og eldri eða veikra fjölskyldumeðlima og kynbundnu ofbeldi, svo dæmi séu nefnd.“

Umönnunarbyrði mikil

Tölur Eurostat hér að ofan styðja einmitt við þetta. Umönnunarbyrði er hvergi meiri en á Íslandi. Þrátt fyrir allt tal um jafnfrétti þá virðist enn inngróíð í okkar samfélag að þessar byrðar leggjast í miklum meirihluta á konur.

Bak við þessar prósentutölur er mæður, ömmur, frænkur og systur sem eru rétt komnar á miðjan aldur en geta hreinlega ekki meir.

Norræna velferðarkerfið hefur ekki náð til Íslands og þar vantar mikið upp á. Árið 2021 er hins vegar kosningarár og þá huga stjórnáráðgjafi að stefnu og horfa til framtíðar. Hér er tækifæri til að vinna til góðs.

Hvað segja formenn stjórnáráðgjaflokka við þeim isköldu tölum sem birtar eru hér að ofan og draga því miður draga upp frekar dapra mynd af íslenska velferðarkerfinu.

Spurt var:

1. Af hverju ver Ísland svona miklu lægra hlutfalli til velferðarkerfisins en nágrannalöndin?
2. Er vilji til að breyta þessu af hálfu þins flokks?
3. Vilt þú draga úr tekjuskurðingum fyrir öryrkja sem fara út á vinnumarkað eða halda þeim óbreyttum?

Formönnum allra stjórnáráðgjaflokka var sent erindi þessa efnis og fylgja þau svör á síðu tvö í fjórblöðungu Öryrkjabandalagsins, sem að þessu sinni faðmar Fréttablaðið.



Öryrkjabandalag Íslands heldur upp á sextíu ára afmæli samtakanna

„Komið fram við okkur eins og fólk“

Til hamingju með daginn Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ.

„Já takk kærlega fyrir það. Hinn formlegi afmælisdagur er 5. maí en við minnumst þessara tímamóta allt árið.“

Hvað er þér efst í huga á þessum tímamótum?

„Mér finnst í fyrsta lagi mikilvægt að við minnum á okkur og þau fjölmörgu réttindamál sem við erum að berjast fyrir. Sum þessara mála hafa fylgt okkur allt of lengi án góðrar niðurstöðu. En ég ætla líka að leyfa mér að vera bjartsýn á afmælisárinu. Við finnum fyrir því að skilningur hjá atvinnurekendum er að aukast. Þá er ég að vísa til þess að við höfum lengi barist fyrir því að auka möguleika

fatlaðs fólks til atvinnuþátttöku. Spurning mín er aðallega hvort og með hvaða hætti þessi aukni skilningur birtist í formi starfa. Covid hefur sýnt okkur að það er ekki nátturlögmál að allir mæti til vinnu á sama staðinn.

Það er líka merkilegt að stór hluti þjóðarinnar hefur nú síðastliðið ár í Covidinu, upplifað þá einangrun sem fatlað fólk býr við, sumir allt sitt líf. Fólk hefur þurft að vera heima hjá sér og geta ekki farið út nema afskaplega takmarkað, vonandi eykur það skilning þjóðarinnar á daglegum aðstæðum margs fatlaðs fólks. Það er líka jákvætt að fjölmörg fyrirtæki hafa verið að koma til móts við starfsfólk, t.d. með því að senda heim stóla og skjái, sem er í raun viðeigandi aðlögun, nokkuð sem sem við höfum kall-

að lengi eftir, en mörgum vaxið í augum.“

Þuríður segir málalistann langan þegar spurt er hvað sé efst á baugi í réttindabaráttunni.

„Við höfum beðið allt of lengi eftir því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur. Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu í júní 2019 um að lögfesta samninginn ekki síðar en 13. desember 2020. Sá dagur rann upp, en engin kom lögfestingin. Þetta er afar stórt hagsmunamál fyrir okkar hóp. Þetta snýst um aðgengi að menntun, atvinnu og samfélaginu í svo víðri merkingu.

Við höldum líka á lofti kröfu um réttlæti alla daga, til dæmis kröfunni um mannsæmandi líf. Hvaða réttlæti er það að fólk,

sem hefur sér ekkert til saka unnið annað en að fatlast sökum veikinda eða slysa á lífsleiðinni, eða fæðast fatlað, sé geymt í neðstu tröppu samfélagsins. Hluti þessa hóps þarf að hafa sitt framfæri af örorkulífeyri sem í dag er fimmtíu þúsund krónum lægri en atvinnuleysisbætur og hundrað þúsund krónum undir lægstu launum. Í þessu samhengi spyr maður sig oft um réttlæti og þá afstöðu ríkisins að láta okkar hóp búa við mjög háa skerðingarprósentu á lífeyri ef við vinnum okkur inn einhverjar tekjur. Reyndin er að þeir sem hafa getu og vilja, þurfa í raun að borga með sér á vinnumarkaði.

Einn erfiðasti áhrifaþátturinn í því að við höfum ekki náð fram réttlæti, er að við glímum við

mikla fordóma. Sá hópur öryrkja sem býr við lægstu framfærsluna, á mjög erfitt með að eiga fyrir fatnaði, mat og húsnæði. Grun þarfir allra. Við höfum velt fyrir okkur af hverju við búum við þessa fordóma. Margir trúá því að öryrkjar nenni ekki að vinna fyrir sér. Geti það alveg en bara vilji það ekki. Ekkert er fjær sanni og ég bara spyr, hvernig hagar er það að viðhalda fordómum í garðs fatlaðs fólks og öryrkja. Okkar fólk er margt hvert í lægsta þrepi þjóðfélagsins og af hverju vilja einhverjir tryggja að það verði áfram þannig. Ég verð að segja að ég missi tiltrú á sumu fólki þegar ég upplifi þetta. Og ég krefst réttlætis fyrir okkar hóp.“

1. Af hverju ver Ísland svona miklu lægra hlutfalli til velferðarkerfisins en nágrannalöndin? | 2. Er vilji til að breyta þessu af



Katrín Jakobsdóttir
formaður
Vinstri Grænna



Fullur vilji til að bæta í

Um helmingur allra útgjalda ríkisins fer til heilbrigðis- og velferðarmála. Á yfirstandandi kjörtímabili hafa útgjöld til beggja málefna sviða vaxið umtalsvert að raunvirði. Á næstu misserum þarf að halda áfram að bæta í.

VG telur mikilvægt og leggur áherslu á að styrkja samneysluna og þar á meðal það sem að velferðarkerfinu snýr, til að tryggja að þau sem þurfa stuðning samfélagsins fái hann. Þau skref sem hafa verið stigin á þessu kjörtímabili hafa verið mikilvæg og það er fullur vilji til að halda áfram á þeirri vegferð.

Já, það er mikilvægt að halda áfram að draga úr skerðingum í bótakerfum. Breytingar sem verða gerðar þurfa að koma þeim sem lakast standa best, og munu gerast í skrefum.

Öll svör eru stytta og birtast í heild sinni á obi.is



Inga Sæland
formaður Flokks Fólksins



Þúsundir í fá

Þetta er mannanna verk og vilji sig á velferðarkerfið er ekki me undir eru hnepptir í rammgerð eru okkar minnstu bræður og sy uð sér nema stjórnvöld hjálpi þe

Flokkur Fólksins hefur lagt fram m.a nefna 350.000 kr. lágmarks mannatryggingaþega skuli hæk

Það er löngu orðið tímabært að öryrkjum. Við erum líka fólk.



Bjarni Benediktsson
formaður
Sjálfstæðisflokksins



Framlög vaxið mest hér

Samanburður þarf að fara fram á réttum forsendum, m.t.t. ólíkra kerfa. Hér eru lífeyrisgreiðslur að miklu greiddar úr starfstengdum lífeyrissjóðum og séreignasparnaði, en ekki ríkissjóði. Leiðrétt fyrir þessu fer hlutfallið í Finnlandi niður í 17% og 18% í Noregi og Svíþjóð, m.v. 15% hér á landi. Munurinn er því mun minni en gefið er til kynna. Rúmlega helmingur allra útgjalda ríkissjóðs fer til félags-, húsnæðis- trygginga- og heilbrigðismála.

Framlög til velferðarmála hafa vaxið mest hér á landi af Norðurlöndunum milli 2015 og 2019. Á bak við þá aukningu eru m.a. umfangsmiklar kerfisbreytingarnar sem ráðist var í fyrir ellilífeyrisþega árið 2017.

Ég hef talað fyrir því að við tökum upp nýja nálgun, m.a. með starfsgetumati. Þar horfum við á kraftinn sem býr í fólki og hvað fólk getur, frekar en einungis hvað það getur ekki. Til að auðvelda skrefin út á vinnumarkað teldi ég rétt að ekki kæmi til tekjuskerðinga í nánar tiltekinn tíma.

Öll svör eru stytta og birtast í heild sinni á obi.is



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar



Endurskoða t

Ástæðan er skortur á framtíðarferðarmál séu samofin. Það hefi stað þess að ráðast að rótum þe

Já. Viðreisn lítur á það sem þjóðkerfi. Aukið aðgengi að þjónust

Við höfum verið þeirrar skoðun þunglamalegt og flókið. Viðreisnið með það að markmiði að einn liður í því er að taka tekjus



Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður
Framsóknarflokksins



Útrýmum takmörkunum

Það er stefna Framsóknar að á Íslandi séu lífskjör þau bestu í heimi í alþjóðlegum samanburði. Ísland á að vera með besta velferðarkerfi heimsins.

Vert er að benda á þær jákvæðu breytingar sem gerðar hafa verið innan velferðarkerfisins á þessu kjörtímabili. Mikið hefur áunnist t.d. minnkuð greiðsluþátttaka einstaklinga innan kerfisins m.a. á tannlæknaþjónustu. Þetta eru skref í rétta átt og samræma stefnu Framsóknar um að manngildi eigi að vera ofar auðgildi.

Framsókn leggur höfuðáherslu á að virkja sem flesta einstaklinga sem vilja og hafa getu til að sækja vinnumarkaðinn. Grundvallaratriði í mannréttindum hvers og eins er atvinnusókn, við sitt hæfi, óháð efnahag og búsetu. Framsókn leggur áherslu á að útrýma öllum takmörkunum sem standa í vegi fyrir því að öryrkjar geti sótt vinnumarkaðinn.

Öll svör eru stytta og birtast í heild sinni á obi.is



Logi Einarsson
formaður
Samfylkingarinnar



Purfum alger

Almannatryggingakerfið byggir hvorki nógu almennt né nógu s snúa vörn í sókn.

Við viljum styrkja atvinnuleysis- tryggja mannsæmandi framfær þróun í landinu. Samfylkingin e sköttum og vinnuleytjandi skerð vegna barnabóta. Við leggjum s tekna öryrkja.

Það er nauðsynlegt að ráðast í úr flækjum og gera kerfið man kjaragliðnun undangenginna á

Mótaður af ættleiðingunni

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra var ættleiddur skömmu eftir fæðingu. Hann hafði samband við blóðmóður sína að undirlagi eiginkonu sinnar og eignaðist þá aðra fjölskyldu og áttaði sig á að ættleiðingin hefði mótad pólitíska sýn hans og um leið hann sjálfan sem manneskju. ➔ 22



Heilun með leir

Gjörningnum Handmótuð áhrif er ætlað að beina athyglinni að 1.600 nauðgunarmálum sem felld voru niður á síðustu tuttugu árum. ➔ 28



Toppa Eurovision

Tugir milljóna munu fylgjast með rafíþróttamótinu í Laugardalshöll sem er stærra en Eurovision. ➔ 30



Hvenær drepur maður mann?

Snæfríður Ingvarsdóttir segir það hafa tekið á að setja sig í spor konu á réttargeðdeild fyrir morð í kvikmyndinni Alma. ➔ 54

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GRILLTÍMABILIÐ ER HAFIÐ

Kynntu þér fjölbreytt úrval grilla og aukahluta á bls: 4-5 í Sumargrill sérblaðinu. Sjáðu allt úrvalið á elko.is



Fimmtíu mega koma saman

COVID-19 Ný reglugerð heilbrigðisráðherra um fjöldatakmörkanir tekur gildi á mánudag og gildir í rúmar tvær vikur. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins.

Fjöldatakmörkanir fara úr 20 í 50 manns, sund-, baðstaðir og líkamsræktarstöðvar mega taka á móti 75 prósentum af leyfilegum hámarksfjölda gesta, hámarksfjöldi þátttakenda í íþróttum og sviðslistum verður 75 í hverju hólfi eða á sviði og hámarksfjöldi gesta á sitjandi viðburðum fer úr 100 í 150 manns.



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

Þá verður opnunartími veitingastaða lengdur um klukkustund. Einnig verða ýmsar tilslakanir gerðar á skólastarfi. Þannig verður hámarksfjöldi fullorðinna 50 og hámarksfjöldi nemenda 100 í hverju rými. Foreldrar og aðstandendur mega koma inn í skólana og blöndun milli barna innan skóla verður heimil í sundi og íþróttum í grunnskólum.

Þá verður blöndun nemenda milli hólfa einnig leyfð í háskólum.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis kemur fram að undanfarið hafi fá smit utan sóttkvíar greinst og tekist hafi að ná utan um hópsmit þótt ekki sé þar með sagt að veiran hafi verið upprætt úr samfélaginu. –jþ

Landsfundur VG hófst í gær



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs (VG) og forsætisráðherra, flutti ávarp á tölfta landsfundu VG sem hófst í gær. Hún sagði að kjörtímabilið hefði verið óvenjulegt og lærdómsríkt. Í kosningunum í haust verði kosið um það hvaða stefnu íslenskt samfélag á að taka að loknum faraldri, flokkur hennar vilji vísa veginn og taldi hún upp þær leiðir sem þau sjái færar á þeirri vegferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Daði og Gagnamagnið héldu til Hollands í nótt

EUROVISION Daði og Gagnamagnið, flytjendur framlags Íslands í Eurovision, héldu til Hollands í nótt og var það við hæfi að sjálfur Gagnamagns-strætóinn keyrði íslenska hópinn frá Efstaleitinu út á Keflavíkurflugvöll.

Daði og Gagnamagnið hafa verið á töliverðu skriði í veðbönkum að undanförunum og er nú spáð fimmta sæti í Eurovision. Malta er enn efst en það hefur yfirleitt ekki þótt góðri lukku stýra að vera svona lengi efst löngu fyrir keppnina sjálfa. Margir spá einnig Frakklandi, Sviss og Ítalíu góðu gengi. Þá hefur Grikkland boðað eitthvað alveg nýtt á sviðinu sem margir Eurovision-aðdáendur bíða spenntir eftir að sjá.

Fyrsta æfing Daða og Gagnamagnsins verður á mánudag en þá mátar hann lagið 10 years við sviðið. Daði verður áttundi á sviði síðara undanúrslitakvöldið, fimmtudaginn 20. maí. Hann er á eftir Moldóvum og á undan Serbum en því



Gagnamagns-strætóinn ók með hópinn á Keflavíkurflugvöll.

» Fyrsta æfing Daða og Gagnamagnsins verður á mánudag en þá mátar hann lagið 10 years við sviðið.

sidarnefnda hefur verið spáð upp úr riðlinum. Lokakvöldið verður laugardaginn 22. maí og hafi veðbankarnir rétt fyrir sér munum við Íslendingar eiga okkar fulltrúa þar. –bb

Leiddist stærðfræðin og hönnuðu borðspil

Hópur nemenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ hefur búið til stærðfræðispil sem ætlað er börnum á aldrinum sex til þrettán ára en markmiðið með spilinu er að gera stærðfræði meira aðlaðandi fyrir krakka á grunnskólaaldri.

MENNTUN „Við erum í áfanga í skólanum sem heitir frumkvöðlafræði og þar fengum við það verkefni síðasta haust að búa til vöru og stofna fyrirtæki í kringum vöruna. Fyrirtækið tók svo þátt í samkeppninni Ungir frumkvöðlar.“

Við ákváðum að hanna og framleiða stærðfræðispil fyrir krakka á aldrinum sex til þrettán ára. Markmiðið var að gera spil fyrir krakka svo þeir geti lært stærðfræði á skemmtilegri hátt,“ segir Dagmar Íris Hafsteinsdóttir, ein þeirra sem standa að fyrirtækinu.

„Við áttum það sameiginlegt að hafa fundist leiðinlegt að læra stærðfræði í grunnskóla og vildum leggja okkar af mörkum til þess að gera stærðfræði meira spennandi fyrir krakka í dag.“

Spilið heitir Summa og inniheldur spilaborð og spil þar sem eru stærðfræðisurningar og verkefni í flokkunum samlagning, frádráttur, margföldun, deiling og orðadæmi.

Það eru mismunandi erfiðleikastig á hverju spaldi þannig að það geta allir fengið spurningu við sitt hæfi,“ segir Dagmar enn fremur.

„Við höfum hafið sölu á spilinu og hægt er að kaupa það á samfélagsmiðlum fyrirtækisins. Til að finna það skrifar maður summa.spil.“

Þá höfum við haft samband við skólustjóra í grunnskólum og forráðamenn frístundaheimila og kannað áhuga þeirra á að kaupa spilið.

Við höfum fengið góð viðbrögð og salan fer ágætlega af stað. Þeir krakkar sem við höfum heyrt í sem hafa prófað spilið eru ánægð með það. Þau segja að það sé miklu skemmtilegra að spila saman og keppa en að vera ein að reikna með kennslubók.“



Spilið Summa samanstendur af spilaborði og spilastokki með stærðfræðisurningum og ýmsum verkefnum í nokkrum flokkum. MYND/ADSEND

Það eru mismunandi erfiðleikastig á hverju spaldi þannig að það geta allir fengið spurningu við sitt hæfi.

Dagmar Íris Hafsteinsdóttir, ein höfundu spilsins



Til stóð að halda vörusýningu með öllum þeim um það bil 150 verkefnum sem tóku þátt í samkeppninni en henni var aflýst vegna faraldursins.

„Þess í stað erum við að kynna vöruna á samfélagsmiðlum. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt ferli, það er að framleiða vöruna, vera í samskiptum við prentsmiðju og aðra sem hjálpuðu við að búa til vöruna og svo þá sem við erum að reyna að selja þetta.“

Svo gerðum við ársskýrslu í fyrsta skipti. Þetta er allt saman búið að vera bæði skemmtilegt og hefur veitt okkur góða reynslu,“ segir Dagmar. hjorvaro@frettabladid.is

Alicante í haust

Beint morgunflug

• Flugsæti eingöngu

• Benidorm

• Altea

Frá 19.990 kr

www.aventura.is

• Sími: 556 2000
• Sundagarðar 2 - 104 Reykjavík





TOYOTA C-HR HYBRID

BÍLL Í C-HRFLOKKI



Verð frá: 5.490.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is

Söluráðgjafar okkar eru í C-HRlega góðu skapi þessa dagana. Láttu sjá þig, þeir taka óvenju vel á móti þér.

ICELANDAIR 

100.000. kr. gjafabréf* frá Icelandair fylgir öllum nýjum Toyota C-HR til 1. júní.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300


Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum. Birt með fyrirvara um villur.



5

sveitarfélög byggja eða skipuleggja nú nýja miðbæi.



73

konur fengu styrk til náms frá Menntunarsjóði Mæðrarstyrksnefndar í vetur.




57

prósent stúlkna í 10. bekk á Íslandi hafa verið beðnar um að senda af sér ögrandi myndir eða nektarmyndir í gegnum netið.



935

voru nýskráðar fólksbifreiðar á Íslandi í apríl á þessu ári.



451

milljón var söluverð þjóðkirkjunnar á Kirkjuhúsinu. Premur og hálfu ári áður hafnaði þjóðkirkjan tilboðum sem voru upp að 921 milljón.

Þrjú í fréttum Hlaðvarp, ráðherrar og skipulagsgáfa

Sölvi Tryggvason
fjölmiðlamaður

brast í grát í hlaðvarpsþætti sínum þar sem hann lýsti yfir sakleysi í tengslum við orðróm sem gekk um þjóðfélagið um meint ofbeldi gagnvart konum af hans hálfu. Eftir að þátturinn fór í loftið stigu tvær konur fram sem sögðust hafa leitað til lögreglu vegna meints ofbeldis af hálfu Sólva. Í kjölfarið fór af stað umræða á samfélagsmiðlum þar sem fjöldi kvenna opnaði sig um kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
dómsmálaráðherra

sækist eftir 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í sameiginlegu prófkjöri Reykjavíkurborgardæmanna. Þar mun hún keppa við Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra sem tilkynnti í síðustu viku að hann sækist einnig eftir 1. sæti í Reykjavík.



Guðni Th. Jóhannesson
forseti Íslands

var bólusetur með bóluefni Astra Zeneca í Laugar-dalshöllinni. „Ég man svo vel eftir óttanum, áhyggjunum og uggnum fyrir rúmlega ári. Hvað er að gerast? Hvernig mun okkur takast að bregðast við? Nú höfum við séð hér í sameiningu mátt samvinnu, mátt visindanna og almenna skynsemi Íslendinga,“ sagði Guðni sem var hestánægður með skipulagið í kringum bólusetninguna og sagði að Íslendingar hefðu afsannað það að skipulagsgáfa væri ekki okkar sterkasta hlið.



Dýrtíð í alþjóðaviðskiptum getur tafið efnahagsbatann

Miklar hækkunar á hrávörum og flutningskostnaði geta hægt á efnahagsbatanum. Aðalhafnæðingur Samtaka iðnaðarins segir verðbólgu áhyggjuefni. Seðlabankinn geti fundið sig knúinn til að hækka vexti til að viðhalda trúverðuleika verðbólguþéttisins. Hækkunirnar eru ekki allar komnar fram.

VIÐSKIPTI Verðhækkunar flutningskostnaðar og hráværa gætu leitt til aukinnar verðbólgu, hægari kaupmáttaraukningar og hærri stýrivaxta. Þannig er hætt við að efnahagslegir erfiðleikar sem fyrirtæki og heimili glíma við í dag muni aukast. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins.

„Það er mjög slæmt að fá þessar hækkunar í núverandi ástandi þegar atvinnuleysi er mikið og töluverður framleiðsluslaci í hagkerfinu. Hvað þá ef þær leiða til vaxtahækkana. Lágvaxtaumhverfið er ein af grunnforsendum fyrir kröftugum efnahagsbata,“ segir Ingólfur Bender, aðalhafnæðingur Samtaka iðnaðarins, í samtali við Fréttablaðið.

Skipafélög heimsins fækkuðu skipum í umferð og drógu úr umsvifum til að bregðast við Covid-19. Þessi samdráttur í afkastagetu hefur nú leitt til verðhækkunar þegar eftirspurn er vaxandi. Þannig hefur kostnaður við flutning 40 feta gáms frá Austur-Asíu til Norður-Evrópu fimmfaldað frá upphafi faraldursins.

Þá hafa hækkunar á verði almenns hrávöruverðs síðustu misseri verið þær mestu í heilan áratug. Samkvæmt gögnum Alþjóðabankans hefur hrávöruverð án orkuverðs hækkað um ríflega 40 prósent á síðustu 12 mánuðum og rúm 11 prósent frá áramótum.

Sem dæmi hefur verð á timbri hækkað um 60 prósent á erlendum mörkuðum frá því í september í fyrra og er nú í sögulegu hámarki. Seljendur timburs á Íslandi hafa hækkað verðið á bilinu 10 til 20 prósent á skömmum tíma og því



Flutningskostnaður hefur mikið áhrif hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ljóst, að því er kemur fram í greiningunni, að talsvert af hækkun timburverðs á heimsmarkaði eigi eftir að brjóta fram hér á landi. Þessi verðhækkun hefur umtalsvert áhrif á byggingarkostnað.

Hagfræðingar hjá hollenska fjármálaráðgjafi ING gera ráð fyrir að trúflanir í sjóflutningum og skortur á gámum muni hafa nokkur áhrif til aukinnar verðbólgu á næstu mánuðum, eða um 0,3 prósentustig í Bandaríkjunum og 0,4 prósentustig í Bretlandi og á evrusvæðinu. Þá er mat þeirra að hækkunar á hrávöruverði muni stuðla að aukningu í verðbólgu um 0,7 prósentustig í Bandaríkjunum og 1,1 prósentustig

í Bretlandi og á evrusvæðinu.

„Það má reikna með því að áhrifin verði engu minni á Íslandi og færa mætti rök fyrir því að þau gætu orðið enn meiri,“ segir Ingólfur. Ástæðan er sú að hugsanlegt er að hér hafi þetta meiri áhrif á verðbólguvæntingar þar sem kjölfesta þeirra í verðbólguþéttis Seðlabankans er ekki um þessar mundir jafn sterk og á ofangreindum svæðum.

Verðbólgan mælist nú 4,6 prósent hér á landi og hefur hún aukist nokkuð undanfarið, ekki síst vegna mikillar verðhækkunar á innfluttum vörum. Skýra verðhækkunar innfluttrar voru þannig

Vaxtahækkun er hins vegar ekki það sem við þurfum fyrir efnahagsbatann.

Ingólfur Bender, aðalhafnæðingur Samtaka iðnaðarins



2,0 prósentustig af núverandi verðbólgu en til samanburðar skýrir húsnæðisliðurinn 0,9 prósentustig. Samhlíða aukinni verðbólgu hafa verðbólguvæntingar hækkað og mælast nú yfir verðbólguþéttis Seðlabankans.

„Best væri ef Seðlabankinn gæti komist hjá því að bregðast við þessari þróun með hækkun vaxta og það væri möguleiki ef verðbólguvæntingar væru við verðbólguþéttis Seðlabankans,“ segir Ingólfur.

„Aftur á móti hefur trúverðuleiki verðbólguþéttisins bedið hnekkni að undanförunum vegna þess að verðbólgan er komin það langt yfir markmiðið. Þá lítur málið öðruvísi við Seðlabankanum. Hann gæti fundið sig knúinn til að hækka vexti til að viðhalda trúverðuleika verðbólguþéttisins jafnvel þó að verðhækkunar á hrávörum og flutningskostnaði séu utan hans áhrifsviðs. Vaxtahækkun er hins vegar ekki það sem við þurfum fyrir efnahagsbatann.“

thorsteinn@frettabladid.is

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

Troðfull verslun af merkjavöru
frá eftirtöldum
verslunum

herra
GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

568 9234

544 2410

HANZ

KRINGLUNNI

567 0120

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

Mathilda

Kringlunni 552 8600

ENGLABÖRNIN

falleg föt á stelpur og stráka...

KRINGLUNNI

552 2201




Herra
lagerinn
outlet

30-50%

afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512



Brautirnar eru fánlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá

GEZE

Pýsk gæðavara.



JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Húvetningafélagið í Reykjavík



AÐALFUNDUR Húvetningafélagsins í Reykjavík

verður haldinn í Kiwanishúsinu Smiðjuvegi 13a í Kópavogi
þriðjudaginn 25. maí 2021 klukkan 20:00

Dagskrá fundarins verður:

1. Formaður gerir grein fyrir störfum félagsins milli aðalfunda.
2. Gjaldkeri leggur fram yfirlit reikninga félagsins, fyrir liðið almanaksár.
3. Ákvörðun upphæðar árgjalds.
4. Skýrslur nefnda og starfsmanna félagsins.
5. Kosningar.
6. Önnur mál
 - Tillögur sem koma eiga til afgreiðslu, undir þessum lið, skulu vera skriflegar.

EIGÐU
BRAKANDI
SUMAR



Ólöf Nordal heitin sigraði í síðasta prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem fór fram árið 2016 og því á enginn sigur að verja. Margir vilja fylla hennar skarð og mikil samkeppni er um forystusæti í borgarkjördæmunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Baráttan farin af stað

Prófkjörbarátta meðal Sjálfstæðismanna í Reykjavík er farin af stað. Allir þingmenn kjördæmanna verða í kjöri en fáir aðrir hafa lýst áhuga á framboði.

STJÓRN MÁL Æsilegasta prófkjörbaráttan í aðdraganda komandi kosninga verður án efa sú sem nú er hafin hjá Sjálfstæðismönnum í Reykjavík.

Guðlaugur Þór Þórðarson og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherrar flokksins í kjördæminu, hafa bæði lýst því yfir að þau sækist eftir fyrsta sæti en venju samkvæmt er eitt prófkjör haldið fyrir bæði Reykjavíkurborgarkjördæmin.

Fimm ár eru síðan síðast var haldið prófkjör í flokknum fyrir alþingiskosningar en stillt var á lista fyrir kosningarnar 2017 vegna þess hve brátt þær bar að.

Í prófkjöriinu 2016 bar Ólöf Nordal heitin sigur úr bítum og því á enginn þann sigur að verja í prófkjöriinu sem fer fram 4. til 5. júní næstkomandi.

Guðlaugur Þór var í öðru sæti á eftir Ólöfu í síðasta prófkjöri og leiddi lista flokksins í Reykjavík suður en Áslaug Arna var í öðru sæti á sama lista. Af þeim sem Fréttablaðið hefur rætt við undanfarna daga þykir flestum líklegast að þau nái efstu tveimur sætum og leiddi sitt kjördæmið hvort. Þó er hvorki hægt að afskrifa Brynjar Níelsson, sem mun líklega sækjast eftir 2. sæti í prófkjöriinu, né Sigríði Á. Andersen fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Sigríður hefur enn ekki lýst yfir framboði og töluverð spenna ríkir um hvort hún muni blanda sér í baráttuna um 1. sætið eða veðja frekar á öruggt þingsæti og gefa kost á sér ofarlega á lista.

Brynjar náði þriðja sæti í prófkjöriinu 2016 en Sigríður hafnaði hins vegar í 5. sæti og varð undir í baráttunni við bæði Brynjar og Áslaugu Örnú sem varð í 4. sæti. Brynjar vék hins vegar fyrir Sigríði þegar stillt var á lista ári síðar

» Eftirvænting ríkir um framboðstillkynningu Sigríðar Á. Andersen. Ætlar hún að blanda sér í baráttuna um 1. sætið eða veðja frekar á öruggt þingsæti?

og skipaði hún 1. sæti í Reykjavík norður en Brynjar var í 2. sæti í því kjördæmi.

Spennan um framboð Sigríðar og gengi hennar í prófkjöriinu lýtur einnig að því hvernig flokksmenn meta störf hennar, bæði í tengslum við Landsréttarmálið, sem varð til þess að hún sagði af sér ráðherraembætti, en ekki síður einarða afstöðu hennar til sóttvarnaaðgerða stjórnvalda og viðbragða við heimsfaraldrinum.

Þá má ætla að niðurstaðan í þessu spennandi prófkjöri muni varpa ljósi á hug reykviskra Sjálfstæðismanna til kynslóðaskipta í flokknum. Guðlaugur og Birgir Ármannsson, sem einnig verður í kjöri, hafa verið lengst allra Sjálfstæðismanna á þingi, frá árinu 2007.

Þá má ætla að niðurstaðan í þessu spennandi prófkjöri muni varpa ljósi á hug reykviskra Sjálfstæðismanna til kynslóðaskipta í flokknum. Guðlaugur og Birgir Ármannsson, sem einnig verður í kjöri, hafa verið lengst allra Sjálfstæðismanna á þingi, frá árinu 2007.

embætti hált yfirstandandi kjörtímabil. Hún þykir bæði dugleg og fylgin sér.

Birgir Ármannsson hefur ekki enn lýst yfir framboði en hann bauð sig fram í 2. til 4. sæti í síðasta prófkjöri. Hann hafnaði í því sjötta. Það dugði honum til þingsætis en hann hefur í aðdraganda undanfarna kosninga verið í baráttusæti flokksins og kosninganætur ídulega spennandi á hans heimili.

Auk þingmannanna fimm sem fullvíst þykir að verði allir í kjöri, hefur Diljá Mist Einarsdóttir, aðstoðarkona Guðlaugs Þórs, þegar lýst yfir framboði. Hún gerði það með nokkrum hvelli um síðustu helgi, en þá birtust opnauglýsingar um framboð hennar bæði í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Hún sækist eftir 3. sæti og nái hún því mun hún verma 2. sætið í öðru hvoru kjördæminu.

Fullvíst þykir einnig að Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarkona Þórisar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, taki þátt með von um öruggt þingsæti. Hún tók sæti á þingi á síðasta kjörtímabili þegar Ólöf Nordal lést en hélt því ekki eftir síðustu kosningar.

Diljá Mist er því ein þeirra framboðenda sem nefndir hafa verið sem ekki hefur tekið sæti á Alþingi. Miðað við spennuna sem ríkir um prófkjörið og harða baráttu um forystusætin hlýtur að koma nokkuð á óvart hve lítil þátttakan er. Líklegt verður að telja að 7. og 8. sætið gefi í það minnsta von um varþingmannssæti en hér hafa aðeins sjö kandidatar verið nefndir til sögunnar. Enn er þó nægur tími til stefnu fyrir nýtt og upprennandi fólk til að freista gæfunnar. Framboðsfrestur í prófkjörið rennur út næsta föstudag.

adalheidur@frettabladid.is

RISA

TAX FREE

DAGAR

5.-12. maí

**Taxfree* af öllum snyrtivörum,
leikföngum, skóm, fatnaði, garni,
búsáhöldum og raftækjum**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

HAGKAUP

Doktorsnemasjóður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til styrktar rannsóknum á samspili landnýtingar og loftlags

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2021 kl. 15:00

Doktorsnemasjóður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins auglýsir eftir umsóknum. Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir á samspili landnýtingar og loftlags. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í doktorsnámi á sviði náttúruvísinda. Sjóðurinn veitir styrki samkvæmt almennum áherslum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni rannsakenda og aðstöðu þeirra til að sinna verkefnum. Rannís hefur umsjón með sjóðnum.

Styrkir sjóðsins eru ætlaðir doktorsnemum og eru veittir í allt að 36 mánuði. Veittir verða þrjú styrkir. Umsækjendur verða að hafa verið samþykktir inn í doktorsnám við íslenskan háskóla. Doktorsgráðan skal vera veitt frá íslenskum háskóla en möguleiki er á sameiginlegri gráðu með erlendum háskóla.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar og reglur um sjóðinn er að finna á www.rannis.is.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið


rannís
www.rannis.is



Yfir 40 þúsund manns hafa verið bólusettt í þessari viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Geðraskanir áhættuþáttur vegna Covid

Hraðar gekk að bólusetja karla en konur í vikunni. Þú er að bólusetja alla karla í forgangshópi sjö. Ekki eru allir meðvitaðir um að þeir tilheyri þeim hópi, til að mynda fólk með kvíða og þunglyndi.

COVID-19 Allir karlmenn í forgangshópi sjö hafa nú verið bólusetttir gegn Covid-19. Þeim hópi tilheyri fólk með undirliggjandi sjúkdóma og þeir sem eru í sérstökum áhættuhópi samkvæmt reglugerð um Covid-19 bólusetningar. Hópurinn telur tugþúsundir einstaklinga.


Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að enn eigi eftir að bólusetja hóp kvenna sem tilheyri forgangshópi sjö, ástæðan fyrir því að hraðar gangi að bólusetja karla sé sú að konur yngri en 55 ára fái ekki bóluefni frá AstraZeneca.

Þá segir Ragnheiður að bólusetningar hafi gengið vel í vikunni, nú sé að liða undir lok stærsta vika bólusetninga hér á landi, en í vikunni hafa yfir 40 þúsund einstaklingar verið bólusetttir. Notað hefur verið bóluefni frá Pfizer, Moderna, Jansen og AstraZeneca. Forgangshópar sjö og átta fengu bólusetningu ásamt því að bólusettt hefur verið eftir aldursröð. Í forgangshópi átta eru meðal annars kennarar og leikskólakennarar.

„Þetta hefur gengið vel og við komumst langt niður í aldur með karlmennina, alveg niður í '74 árganginn,“ segir Ragnheiður.

Fréttablaðið fékk fjölda ábendinga í gær frá einstaklingum sem boðaðir voru í bólusetningu á fimmtudag með bóluefni frá AstraZeneca en töldu sig ekki tilheyra forgangshópi sjö. Meðal þeirra voru þrjú karlmenn á fertugsaldri. Þeir þáðu allir bólusetninguna en voru ekki meðvitaðir um að þeir væru í forgangshópi sjö. Þeir eiga það sameiginlegt að vera á sama aldri og hafa glimt við kvíða og þunglyndi í fortíðinni. Þeim er þó batnað af sjúkdómnum og eru ekki lengur á lyfjum.

Aðspurð segir Ragnheiður það hafa komið upp að fólk geri sér ekki grein fyrir því að það sé í forgangi í bólusetningu. Forgangshóparnir séu teknir saman út frá skráningu sjúkdóma í sjúkraskrá og lyfjagagnrunni. Þá séu geðraskanir

 Þetta hefur gengið vel og við komumst langt niður í aldur með karlmennina, alveg niður í '74 árganginn.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HH



á lista yfir þá sjúkdóma sem teljast sem áhættuþáttir, þar undir falli kvíði og þunglyndi.

Í leiðbeiningum fyrir einstaklinga með áhættuþátti fyrir alvarlegri Covid-19 sýkingu á vef Embættis landlæknis segir að alvarlegar geðraskanir falli undir áhættuþátti. Þar segir meðal annars að einstaklingar sem glími við alvarlega geðsjúkdóma „eins og alvarlegt þunglyndi, geðklofa og geðhvörf eru taldir líklegri en aðrir til að smitast af COVID-19 samkvæmt nýlegum rannsóknum.“

Þeir einstaklingar sækja meðal annars seinna heilbrigðisþjónustu, séu líklegri til að reykja og neyta áfengis og séu oftar í ofþyngd. Þar segir einnig að einstaklingar með alvarlegar geðraskanir séu „taldir í áhættu á alvarlegri veikindum af völdum Covid-19. Þeir eru líklegri til að leggjast inn á sjúkrahús og dánartíðni meðal þeirra er hærra.“

Á vef Stjórnarráðsins birtist undir lok dags í gær tilkynning sem segir að sóttvarnarlæknir hafi ákveðið að bólusetja tilviljana-kennit innan hvers forgangshóps í stað þess að boða eftir aldri. Segir að þetta sé meðal annars með hliðsjón af niðurstöðum úr líkani Íslenskrar erfðagreiningar.

birnadrofn@frettabladid.is

Frábær tilboð í verslunum N1 um land allt



Skoðaðu fleiri tilboð í vefverslun okkar



20% afsláttur

Dimex Smíðavesti

Dimex Smíðavesti EN ISO 20471. Hægt að víkka með aukafliða til að nota yfir úlpu. Hægt að nota með fallbúnaði.



20% afsláttur

Dimex mittisbuxur

Dimex mittisbuxur. Teygjanlegt efni, teygist á 4 vegu. Sýnileikavottaðar. EN ISO 20471 CL1.



20% afsláttur

Dunlop stígvél

Dunlop Purofort professional stígvél eru hentug við margskonar aðstæður. Þau eru létt og með höggdýfni í sóla. Endast vel og gott að þrifa þau.



20% afsláttur

Tork Salubrin handsóttthreinsir

Gel til handsóttthreinsunar. Flaskan gefur um 250 skammta. Inniheldur 70% alkahól.



25% afsláttur

Mobil Delvac MX ESP 15W-40 20L

Minerólslíða olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum með sóttnasíu (DPF) og hreinsunarbúnaði í útblásturskerfi.



25% afsláttur

Tork Prem WC pappír

Extra mjúkur WC pappír þrefaldur fyrir veggskammtara.

Verslanir N1 um land allt 440 1000

Tilboð í fyrirtækjaverslunum og vefverslun N1 í maí eru í boði fyrir N1 korthafa. Skráðu þitt fyrirtæki í vefverslun N1 til að sjá verð með gildandi afslátti.

N1 ALLA LEIÐ

Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% hreinan rafbíl með 455 km drægi.



Movement that inspires

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarjeppingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.


Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro. Opið í dag frá 12-16.

Kia e Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 31.372 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir
allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuerfittir sem kaupandi þor kostnað af. Lesið meira um ábyrgðina á www.kia.is/askja
**m.v. 50% rimborgun og lán til 96 mána. Vaxir 4,00%. Hleðslugæsla áms er 2,575.646 kr. Aftag hlutfrásbilla kosningar er 5,05%.



Ástandið er skelfilegt á Indlandi.

Stökkbreyting á Indlandi sem fylgst er með

INDLAND Embætti landlæknis á Englandi fylgist grannt með útbreiðslu á afbrigði kórónaveirunnar sem dreifir sér nú á Indlandi.

Samkvæmt BBC telja vísindamenn að afbrigðið sé að minnsta kosti jafn bráðsmitandi og afbrigðið sem var greint í Kent á Englandi í fyrra. Samkvæmt heimildum BBC bendir hins vegar ekkert til þess að bóluefni virki ekki gegn þessu afbrigði.

Talið er að um 500 tilfelli af afbrigðinu hafa verið greind í Englandi, flest í London og norðvesturhluta Englands og eykst smit hratt. —mhj

Met í fjölda látinna í Japan

JAPAN Japönsk stjórnvöld ákváðu í gær að framlengja neyðarástand í landinu vegna Covid-19 fram til maíloka. Alls létust 145 af völdum kórónaveirunnar í Japan í gær, sem er mesti daglegi fjöldi látinna þar í landi síðan faraldurinn hófst.

Fjórða bylgja faraldursins gengur nú yfir í landinu þar sem alls hafa greinst 622 þúsund tilfelli. Neyðarástandið, sem mun nú ná til alls landsins, hefur verið í gildi í höfuðborginni Tókýó þar sem stendur til að halda Ólympíuleikana í sumar.

Undirskriftasöfnun hefur verið hrundið af stað í landinu þar sem þess er krafist að leikunum verði aflýst í ljósi aðstæðna. Á tveimur dögum höfðu um 200 þúsund undirskriftir safnast. „Í ljósi aðstæðna verður að teljast ólíklegt að Ólympíuleikarnir í Tókýó geti farið fram með öruggum hætti,“ segir á heimasíðu undirskriftasöfnunarinnar.

—atv

Rödd karla vantar yfirleitt í ofbeldisumræðuna

SAMFÉLAG „Það sem þarf fyrst og fremst að gerast er að strákar tali við stráka og að karlar tali við karla,“ segir Sólborg Guðbrandsdóttir, tónlistarkona og aktivisti. Hún segir að strákar og karlmenn þurfi að gripa inn í aðstæður verði þeir vitni að því að vinur þeirra tali niðurlægjandi um eða til kvenna eða beiti ofbeldi.

Þetta kom fram í föstudagsþætti Viðreisnar í gær sem bar yfirskriftina Konur og öryggi: Lyklar, piparsprey og tónlist í öðru eyranu. Auk



Sólborg Guðbrandsdóttir aktivisti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sólborgar var rætt við þær Tatjónu Latinovic, formann Kvenréttindafélags Íslands, og Þorbjörgu S. Gunnlaugsdóttur, þingmann Viðreisnar.

„Það dugir ekki að konur séu endalaust að tala um þetta,“ segir Tatjana. Undir það tekur Sólborg.

„Á meðan kynferðisbrotamál í samfélaginu eru einhvern veginn samtöl kvenna þá erum við held ég ekki að fara að komast neitt áfram. Af því að konur bera ekki ábyrgð á því að þær séu beittar ofbeldi.“

Það sé sorglegt að konur þurfi að opna sig upp á gátt á nokkurra ára fresti og rifja upp kynferðisofbeldi sem þær hafi orðið fyrir til þess að samfélagið trúi þeim.

Þorbjörg segir að breikka þurfi samtalið. „Að við séum ekki annað slagið að opna augu hluta samfélagsins fyrir því að ofbeldi er hluti af daglegum veruleika kvenna, því miður, annað hvort ofbeldi eða þessi stöðuga tilfinning og upplifun um að vera á varðbergi, um að gæta sín, um að passa sig,“ segir hún. —bb

Ekki einhugur um einkaleyfi á bóluefnum milli ríkja heims

Alþjóðlegur stuðningur eykst við tillögu um að afnema einkaleyfi á Covid-19 bóluefnum. Stuðningsmenn hugmyndarinnar telja að þannig verði hægt að auka framleiðslu og aðgengi að bóluefninu, sérstaklega í fátækari löndum þar sem þau sárvantar. Aðrir telja að einkaleyfin hamli ekki framleiðslu.

COVID-19 Vaxandi fjöldi landa styður nú við hugmyndina um að fella niður einkaleyfi á Covid-19 bóluefnum. Markmiðið þar að baki er að framleiðsla og aðgengi að bóluefni á heimsvísu muni aukast, sér í lagi í fátækari löndum.

Tillagan var fyrst lögð fram síðasta haust þegar þróunarlönd með Indland og Suður-Afríku í fararbroddi báru hana upp en mættu andstöðu, meðal annars frá Bandaríkjastjórn Donalds Trump.

Hugmyndinni óx ásmegin í vikunni þegar Bandaríkin breyttu afstöðu sinni og lýstu yfir stuðningi við tillöguna. Joe Biden Bandaríkjaforseti hafði lofað í kosningaherferð sinni að hann myndi beita sér gegn einkaleyfunum.

„Það er heimskrísan í heilbrigðismálum og fordæmalausar aðstæður faraldursins kalla á róttæk viðbrögð,“ sagði Katherine Tai, fulltrúi Bandaríkjastjórnar í viðskiptamálum, í yfirlýsingu vegna málsins. „Bandaríkjastjórn telur vernd einkaleyfa mikilvæga en til að binda enda á faraldurinn styður hún afnám einkaleyfa á bóluefnum gegn Covid-19.“

Bandarísk yfirvöld hafa nú lýst yfir að þau muni beita sér fyrir



Fjöldi landa, þar á meðal Bandaríkin og Frakkland, styður við hugmynd um að fella niður einkaleyfi á Covid-19 bóluefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hugmyndinni við Alþjóðaviðskiptastofnunina þar sem talið er að um 100 af 164 aðildarríkjum séu fylgjandi hugmyndinni.

Evrópusambandið hefur sagst vera reiðubúið að ræða tillöguna og hafa ríki á borð við Ítalíu og Frakkland veitt henni fullan stuðning.

Utan sambandsins hefur Vladímír Pútín Rússlandsforseti lýst yfir stuðningi við tillöguna.

Á meðal þeirra ríkja sem hafa lagst gegn hugmyndinni er Þýskaland. Þar er talið að einkaleyfin hafi ekki hamlandi áhrif á framleiðslu bóluefnis í heiminum og að mikil-

» Á meðal þeirra ríkja sem hafa lagst gegn hugmyndinni er Þýskaland. Þar er talið að einkaleyfin hafi ekki hamlandi áhrif á framleiðslu bóluefnis í heiminum.

vægt sé að vernda hugverkaréttinn sem sé uppspretta nýsköpunar.

Bresk stjórnvöld hafa áður beitt sér gegn afnámi einkaleyfanna. Þau hafa núna lýst yfir að þau séu reiðubúin að vinna með Alþjóðaviðskiptastofnuninni til að takast á við vandann, meðal annars með því að finna leiðir til að auka enn frekar á framleiðslu bóluefnis.

Þá hafa lyfjafyrirtækin sem framleiða bóluefnin sagt að verndin sem einkaleyfin veiti hafi verið hvati til að framleiða þau á mettime. Thomas Cueni, yfirmaður Alþjóðasambands lyfjaframleiðenda, hefur lýst því yfir að helsta vandamálið um þessar mundir sé dreifing bóluefnisins og tregða ríkra landa til að útbýta skömmtum til fátækari þjóða. arnartomas@frettabladid.is

Mmm...

Grill um helgina?



Fabrikkan Ribeye borgarar 2x175 g

1379

kr. pk.



Hamburgarar 4 stk. með brauði

998

kr. pk.

Ódýrt

Góður með steiktum sveppum og Chimichurri majói



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

GLÆSILEGUR
**TAX
FREE**
HAGKAUP
KAUPAUKI FYLGIR



Margverðlaunaðar íslenskar húðvörur

BIOEFFECT á Tax Free dögum í Hagkaup 5.-12. maí.

BIOEFFECT tautaska ásamt On-The-Go Essentials ferðasetti fylgir með öllum kaupum yfir 15.000 kr.

Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Skeifunni og Akureyri

BIOEFFECT



Stríður straumur lá í Laugardalshöllina í vikunni þar sem bólusetningin fór fram á höfuðborgarsvæðinu. Veðrið lék við þá sem þurftu að bíða.

Upp með ermar og inn fór nálin

Forsetinn, heilbrigðisráðherra, landlæknir, kennarar og karlmenn voru meðal þeirra tugþúsunda sem fengu bólusetningu í vikunni. Mikið fjór var í Laugardalshöll og skipulagið fékk verðskuldað hrós á þessari stærstu bólusetningarviku til þessa.



Guðni Th. Jóhannesson breytti upp ermar alsæll með sprautuna. Forsetinn fékk AstraZeneca og skartaði bol frá Hugleiki Dagsyni, svokölluðum HÚH!-bol. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Alma Möller landlæknir fékk dynjandi lófatak þegar hún mætti en hún kom færandi hendi með bakkelsi handa hjúkrunarfræðingum í tilefni dagsins.

Rúmlega 14 þúsund manns voru bólusett á sama degi og forsetinn og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. Skipulagið fékk mikið hrós frá þeim sem fengu bóluefni.



250.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI FYLGIR NÝJUM I-PACE

Jaguar I-Pace er margverðlaunaður, rafmagnaður sportjeppi sem setti ný viðmið þegar hann leit fyrst dagsins ljós. Komdu og sjáðu af hverju hann fékk öll þessi verðlaun.

Jaguar I-Pace. Verð frá: 9.590.000 kr.

Velkomin í reynsluakstur Opíð í dag frá 12-16

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500




JAGUAR



MILLJÓNIR Í AÐAL- VINNING

DRÖGUM EFTIR 3 DAGA

Sex 30 milljón króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir á einfaldan miða

Miðaverð er 1.700 kr. fyrir einfaldan miða og 3.400 kr. fyrir tvöfaldan miða

Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

VERTU MEÐ | das.is | 561 7757



HAPPRÆTTI



PINTO

Hornsófi í Pintolínunni. Í koníaksbrúnu Colorado áklæði. Innra byrði rúðanna er úr endingargóðum kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr sterku, svörtu járni. Stærð: 293 x 217 x 85 cm

295.992 kr. ~~369.990 kr.~~



BILOXI

Biloxi sófinn fæst í gráu og bláu Danny áklæði og ljósgráu og búrgúndí rauðu Diva áklæði. Þéttur og góður svampur gerir sófan þægilegan. Vegna skemmtilegrar hönnunar fær sófinn verðskuldaða athygli. 47 cm sethæð. Stærð: 200 x 80 x 84,5 cm

95.992 kr.
~~119.990 kr.~~



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Cleveland sófar eru fánlegir í ótal útgáfum. 2ja, 3ja sæta, horn- og tungusófar. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

159.992 kr.
~~199.990 kr.~~



VENICE

Glæilegur 3ja sæta sófi, þéttur með baki sem styður vel við. Fæst í bláu eða gráu sléttflaeli. Einnig fánlegur 2ja sæta og stóll. Stærð: 184 x 85 x 89 cm

151.992 kr.
~~189.990 kr.~~



RIA

Nettir og einstaklega þægilegir 3ja sæta sófar. Í gráu eða dökkgráu Holly áklæði. Fánlegur í bleiku (Dusty Rose) sléttflaeli. (Einnig fánl. 2ja sæta) Stærð: 192 x 83 x 79 cm

87.992 kr.
~~109.990 kr.~~

NATUZZI EDITIONS



NATUZZI EDITIONS C198

Stórglæsilegir, vandaðir 2ja og 3ja sæta leðursófar frá Natuzzi Editions. Hágæða koníaksbrúnt Natuzzi leður, vönduð bólstrun og frágangur.

2ja sæta: 172 x 94 x 79 cm

3ja sæta: 204 x 94 x 79 cm

351.992 kr. ~~439.990 kr.~~ **399.992 kr.** ~~499.990 kr.~~



FLORIDA

Glæsilegur og þægilegur hornsófi. Áferðarfallegt, ekta leður allan hringinn, leðrið fæst dökkbrúnt, dökkgrátt eða svart. Þétt, mjúk sæti og bak með fallegum þversaumum. Sófinn fæst með vinstra eða hægri horni (það er ekki færanlegt). Stærð: 260 x 218 x 95 cm

319.992 kr.
~~399.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.

* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby

SÓFA DAGAR ALLIR SÓFAR 20% AFSLÁTTUR*



BLUES

Stílhreinn sófi sem sver sig í ætt skandinavískrar hönnunar. Fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu velúrklæði. Kaldpressaður svampur og silikontrefjar veita góðan stuðning og endingu. Svartir og sterkir járnfætur. Sethæð 44 cm.

2,5 sæta, stærð: 190 x 85 x 92 cm

103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

Skammell

23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 205 x 85 x 92 cm

111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

Hnakkapúði

11.992 kr. ~~14.990 kr.~~

SÓFABORÐ, PÚÐAR & TEPPI EINNIG MEÐ 20% AFSLÆTTI* Á SÓFADÖGUM ÓTRÚLEGT ÚRVAL



V. sófi: 180 x 68 x 73 cm.

Borð: 144,5 x 74,5 x 67 cm.

H. sófi: 170 x 68 x 73 cm.

BALI ÚTISÓFI OG BORÐ

Fallegt og þægilegt garðsett úr svörtu Poly rattan (tveggja þræða 8 mm flötu fléttuefni). Ofið utan um duftþúðaða járngrind (sinkrör). Hornsófi og hátt matborð. Með settinu fylgja setpullur og þægilegar bakpullur úr svampi með áklæði úr pólýester.

Heildarverð:

111.992 kr.

~~139.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

#MeToo – 2



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Undanfarin vika hefur um margt verið sérkennileg. Margt var jákvætt – en eitt mál yfirskyggt þó önnur.

Um síðustu helgi tók að bera á því á samfélagsmiðlum að þá ónafngreindur einstaklingur var borinn sökum um ofbeldisverk. Meðal annars beindust spjötin í þeim færslum að fjölmiðlum og var ákæft spurt hvers vegna þeir þögðu. Var í því sambandi vísað til ábyrgðar þeirra og þöggun nefnd í því samhengi.

Óhætt er að fullyrða að flestir fjölmiðlar leituðu á sunnudag og mánudag eftir einhverri fötfestu í þessum söguburði, en án árangurs. Enginn var reiðubúinn til að segja neitt og rökrétta ályktunin því sú að enginn vissi neitt.

Fjölmiðlar elta ekki söguburð og birta nema hafa fyrir því vissu að sagan eigi við rök að styðjast og traustar heimildir séu fyrir fréttinni. Svo var ekki þá. Áfram logaði netið og hávaðinn jókst. Þar kom að sá sem böndin höfðu borist að nýtti eigin fjölmiðil til að taka viðtal við sig sjálfan með aðstoð lögmanns síns. Er sú framganga öll með miklum ólíkindum, ekki sist lögmannsins. Og sumir grétu með.

Í síðareglum lögmannafélagsins segir í II. kafla að lögmanni beri að fordast að samkenna sig skjólstæðingi sínum. Þeir sem horfðu geta sjálfir dæmt um hvort lögmaðurinn gætti þessa.

Fréttablaðið birti svo á miðvikudagskvöld frétt um yfirlýsingu sem lögmaður tveggja kvenna sendi blaðinu og sagði sögu þeirra. Í ljósi þeirra sagna eltust ummæli og myndskreið margra illa. Vonandi verður hið sanna í málinu leitt fljótt í ljós.

Í Fréttablaðinu í gær var athyglisvert viðtal við Ingólf Gíslason, prófessor í félagsfræði. Hann segir það ekki óalgengt að umræða sem þessi skapist þegar slík mál koma upp, ekki sist þegar þekktir einstaklingar eigi í hlut.

„Það er mjög sérstök þörf að vilja taka afstöðu til einhvers sem maður veit ekkert um og oft verður til í samfélaginu gífurleg hysteria í svona aðstæðum,“ segir Ingólfur og vísar til Lúkasar-málsins viðfræga. „Þarna er fólk bara að gefa frá sér gagnrýna hugsun.“

#MeToo var tímabær bylting þar sem konur risu upp gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi, oftast af hendi karla, og sögðu frá.

Ingólfur segir rannsóknir benda til þess að eftir #MeToo séu konur líklegri til að segja frá verði þær fyrir ofbeldi. „Það er óskaplega bjartsýnt að reikna með því að svona bylting losi okkur við þetta en dropinn holar steininn,“ segir hann.

„Konur segja frekar frá, þær sætta sig síður við og eru ólíklegri til að festast í ofbeldissambandi. Breytingin hvílir í því að allar þessar hreyfingar hafa hvatt konur til að tala og segja frá, og sjá að þær séu ekki einar,“ bætir Ingólfur við.


Ofbeldi er samfélagsmeini í hvaða mynd sem er. Líður í að uppræta það er að þeir sem því beita axli ábyrgð og þeir segi frá sem fyrir því verða.

#Metoo – 2 verður vonandi til þess.



Þar kom að sá sem böndin höfðu borist að nýtti eigin fjölmiðil til að taka viðtal við sig sjálfan með aðstoð lögmanns síns.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Lífsgjöf græðginnar



Gudni forseti. Alma landlæknir. Kári Stefánsson. Þau hafa verið mörg „Kóðak mómentin“ í Laugardalshöll undanfarin vikur þar sem myndum er smelt af þjóðþekktum einstaklingum í bólusetningu gegn Covid-19.

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, þakkaði nýverið „græðgi“ fyrir tilvist bóluefnanna. Borubráttur lýsti Johnson því yfir að þau hefðu orðið til vegna þess að „stórfyrirtæki vildu tryggja hluthöfum sínum myndarlegar arðgreiðslur.“

Fljótt á titið virðist Boris hafa rétt fyrir sér. Við nánari athugun blasir hins vegar önnur mynd við.

Tveggja milljarða tekjutap

Í síðasta mánuði voru samþykkt lög á Alþingi um almannaeillasmáttök. Gjafir til líknarmála má nú í auknum mæli nota til skattfrádráttar. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði margs konar þjónustu eiga betur heima hjá „þriðja geiranum“ en hinu opinbera og hann vill að „sem flestir séu meðvitáðir um“ að nú sé hægt að „styrkja góð málefni og minnka skattgreiðslurnar um leið“.

Árið 2000 unnu alþjóðlegu góðgerðarsamtökin Play-Pump „uppbyggingarverðlaun“ Alþjóðabankans fyrir að setja upp vatnsdælar í þorpum í Afríku. Dælnar voru þó engar venjulegar dælar. Um var að ræða hringekjur fyrir börn sem dældu vatni upp úr brunnum í nærliggjandi vatnstank þegar þeim var snúið. Myndir af brosandri krökkum í hringekjum að leysa vatnsskortinn í þorpinu sínu fóru sem eldur um sínu. Mektarfolk og stórstjórnur kepptust við að leggja samtökunum lið – George og Laura Bush, rapparinn Jay-Z – og styrkirnir flæddu inn.

Þeir flæddu þó hraðar en vatnið sem pumpurnar dældu. Við athugun kom í ljós að dælnar voru sex sinnum afkastaminni en hefðbundnar handdælar. Þegar Owen Scott, kanadískur verkfræðingur, fór til Afríku til að gera úttekt á dælnum sá hann engin börn, aðeins uppgefnar þorpskonur snúa leiktækjum

lögum stundum. En hvers vegna höfðu svona margir fallið fyrir hringekjunum?

Owen Scott sagði ástæðuna „Kóðak mómentið“. „Um leið og útlendingur með myndavél birtist við hringekjuna ... urðu krakkarnir spenntir. Og þegar krakkar eru spenntir fara þeir að leika sér.“

Talið er að breytingar á lögum um almannaeillasmáttök hér á landi hafi neikvæð áhrif á skatttekjur ríkissjóðs sem nemur tveimur milljörðum króna á ári. „Ég held að þessu tekjutapi ríkissjóðs sé mjög vel varið ...“ sagði Bjarni Benediktsson í viðtali.

En er það víst?

Boris Johnson þakkar „stóru lyfjafyrirtækjunum“ og „kapítalismannum“ fyrir að hafa orðið mannkyninu til bjargar. Jafnkampakátur segist Bjarni Benediktsson hafa „mikla trú á einkaframtakinu“. En hætt er við að þeir Bjarni og Boris sjái aðeins „Kóðak mómentið“.

Þó að á bólusetninga-ljósmyndum í fjölmiðlum blasi við fólk með einkaframtakið í handleggnum hvílir það framtak á herðum heilu kynslóðanna af skattgreiðendum. Á sama tíma og menn þakka Pfizer, Moderna og AstraZeneca lífsgjöfina bendir hagfræðingurinn Mariana Mazzucato á að allar helstu tækni- og vísindaframfarir síðustu áratuga – Google, iPhone-inn, framfarir í læknis- og lyfjafræði – byggja á afrakstri rannsókna sem fjármagnadar hafa verið með skattfé. Athugun leiðir í ljós að 97% af kostnaði við þróun bóluefnis AstraZeneca kom úr vósum almennings.

Gjafir til almannaeillasmáttaka endurspeglar áhuga-svið og reynsluheim þess sem gefur, ekki hvar þörfin er mest. Í Bandaríkjunum enda aðeins 12% styrkja til góðgerðarmála hjá samtökum sem vinna að því að bæta kjör fólks; meirihlutinn fer til lista- og menntastofnana. Lýðræðislega kjörin stjórnvöld þurfa hins vegar að rökstyðja áherslur sínar og tryggja samfélagslega gagnsemi fjárútláta.

Það er ekkert að því að fólk láti fé af hendi rakna til „Kóðak mómenta“ að eigin vali. En hvers vegna á það að teljast til skattfrádráttar?

519 5500 · FASTBORG.IS

Þín borg

Í fasteignaviðskiptum fylgjum við þér alla leið

B O R G
F A S T E I G N A S A L A



SUBARU

Confidence in Motion

NÝR OG SPENNANDI

SUBARU OUTBACK



ENNEM / SIA / NMO0573

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16

Ef Subaru hentar í eitthvað þá eru það íslenskar aðstæður. Komdu á frumsýninguna og kynntu þér fjórhjóladrifið fræga og byltingarkennda EyeSight akstursaðstoð sem veitir þér og þínum alhliða öryggi.

SUBARU OUTBACK 4x4 SJÁLFSKIPTUR

Verð frá: 7.590.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

 **EyeSight**
Driver Assist Technology

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Einstakt vor mögulegt hjá Chelsea

Bæði karla- og kvennalið Chelsea hafa staðið sig einkar vel á yfirstandandi leiktið en liðin eiga möguleika á að bæta samtals sex bikurum við í bikarsafn félagsins. Kvennaliðið gæti skilað fjórum þessara titla í hús og unnið fernuna í fyrsta skipti í sögunni.

FÓTBOLTI Karlalið Chelsea í knattspyrnu tryggði sér sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu með sigri gegn Real Madrid í miðri viku en fyrr í vor komst liðið í úrslit ensku bikarkeppninnar. Kvennaliðið á síðan möguleika á því að vinna fernuna í fyrsta sinn.

Fari Chelsea með sigur af hólmi í úrslitaleikjum Meistaradeildarinnar í karla- og kvennaflokki yrði félagið það fyrsta í sögunni til þess að vinna þá keppni í báðum flokkum á sama keppnistímabili.

Kvennaliðið er að spila í úrslitum Meistaradeildarinnar í fyrsta sinn en liðið sló út Karólínu Leu Vilhjálmisdóttur og liðsfélaga hennar hjá Bayern München í undanúrslitum keppninnar.

Kvennaliðið getur unnið fernuna

Einn titill er í húsi hjá kvennaliðinu en liðið vann enska deildarbikarinn. Þá er liðið á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og í átta liða úrslitum enska bikarsins.

Úrslitaleikurinn í Meistaradeild kvenna fer fram í Gautaborg í Svíþjóð 16. maí næstkomandi þar sem Chelsea mætir Barcelona.

Það verður nóg að gera hjá stuðningsmönnum Chelsea um miðjan maí en 15. maí leikur karlaliðið við Leicester City í úrslitaleik enska bikarsins á Wembley.

Lokahnykkurinn á annasömum mánuði er svo úrslitaleikur Meistaradeildar karla sem spilaður verður í Ístanbul í Tyrklandi 29. maí. Þar eigast við Chelsea og Manchester City.

Svífur um bæinn þessa dagana

Jóhann Már Helgason, stuðningsmaður Chelsea, viðurkennir að hann gangi stoltur um götur bæjarins í bláu treyjunni þessi dægrin.

„Það er gaman að vera stuðningsmaður Chelsea í dag, ég neita því ekki. Bæði karla- og kvennalið félagsins eru komin í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

Konurnar eru aðeins einum sigri frá því að tryggja sér enska meistaratitilinn og karlaliðið leikur einnig til úrslita um enska FA-bikarinn – þannig að þessi maímánuður verður alger veisla fyrir



Danski sóknarmaðurinn Pernille Harder hefur komið frábærlega inn í kvennaliðið á leiktiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

okkur stuðningsmenn Chelsea,“ segir Jóhann Már um þessa dagana.

„Það er ekki hægt að segja annað en að Roman Abramovitsj hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann ákvað að taka í gikkinn og reka Frank Lampard til þess að fá Thomas Tuchel til starfa.

Margir stuðningsmenn Chelsea, þeirra á meðal ég, vildu gefa Lampard meiri tíma en árangur Tuchel er óumdeildur og liðið orðið eitt það besta í Evrópu á aðeins tæpum fjórum mánuðum,“ segir Jóhann um þjálfaraskiptin sem gerð voru hjá karlaliðinu um miðja leiktiðina.

Tuchel búið til sterka liðsheild

„Það sem Tuchel hefur tekist að gera er að búa til gríðarlega sterka liðsheild þar sem hann nýtir breiðan leikmannahóp liðsins til hins ýtrasta. Leikmenn eins og Christensen, Alonso og Rudiger sem voru meira og minna úti í kuldunum hjá Lampard hafa allir fengið hlutverk.

Svo er líka gaman að sjá leikmann eins og Kai Havertz sýna lokins þá



Þýski framherjinn Timo Werner hefur verið vaxandi hjá Chelsea í vetur.

hæfileika sem í honum búa. Það er engu að síður varnarleikurinn sem gerir Chelsea að því afli sem liðið er orðið. Liðið hefur haldið 18 sinnum hreinu í þeim 24 leikjum frá því að Tuchel tók við sem er nánast galin tölfræði.

Liðið fær varla á sig skot og þegar skotin loksins leka í gegn er Edoúard Mendy eins og sannkallaður Heimaklettur í markinu,“ segir hann um þær breytingar sem þýski knattspyrnustjórninn hefur gert eftir að hann tók við stjórnartaumunum.

Það er ekki hægt að segja annað en að Roman Abramovitsj hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann ákvað að taka í gikkinn og reka Frank Lampard til þess að fá Thomas Tuchel til starfa.

Jóhann Már Helgason

„Það sem gerir Chelsea svo einkar skemmtilegt fyrir okkur stuðningsmennina er að liðið virðist alltaf eiga sína bestu leiki gegn hinum stóru liðunum, eins Liverpool, Man. City, Real Madrid og Man. Utd hafa kynnst – en samanlagt hafa þessi lið skorað eitt mark gegn Chelsea,“ segir Jóhann um þá maskínu sem Chelsea er orðið.

Emma Hayes unnið þrekvirki

„Hjá kvennaliðinu er hún Emma Hayes búin að vinna kraftaverk með liðið. Chelsea er duglegt að ráða og reka þjálfara karlamegin en því er ekki að skipta hjá kvennaliðinu, Hayes tók við Chelsea árið 2012 og er enn við völd.

Hún er með yfir 67% vinningshlutfall á þessum tíma og er búin að vinna þrjá meistaratitla á Englandi og sá fjórði bætist vonandi við núna á sunnudaginn kemur,“ segir Jóhann en Chelsea sýndi metnað sinn í verki hjá kvennaliðinu í sumar með því að fá til liðs við sig Pernille Harder fyrir metfé.

„Vegferð Chelsea í Meistaradeildinni er búin að vera aðdáunarverð, þær hafa lagt risalið á borð við Wolfsburg og FC Bayern til að komast í úrslitaleikinn við Barcelona núna 16. maí.

Það verður erfiður leikur, en þær Bláu eru til alls líklegar eins og karlaliðið líka,“ segir þessi gallharði stuðningsmaður Chelsea um árangur kvennaliðsins.

„Vonandi verður Chelsea Football Club fjórum bikurum ríkari þegar maí mánuður verður að kveldi kominn,“ segir Jóhann um framhaldið hjá liðunum tveimur.

hjorvaro@frettabladid.is



LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

DEFENDER 90 ER MÆTTUR!


Sá sterkasti sem við höfum skapað. Verðugur arftaki fyrirrennaranna sem sigrað hafa torfærur heimsins í 70 ár. Í Defender eru þér allir vegir færir – og flestar vegleysur.

LAND ROVER DEFENDER 90. Verð frá: 12.190.000 kr.

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Rafmagn & bensín 

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN *ECLIPSE CROSS* PHEV



Frábær ferðabíll á góðu verði!

Eclipse Cross PHEV er fjórhjóladrifinn tengiltvinnbíll sem gengur fyrir rafmagni og bensíni og tekur þig allt að 45 kílómetra (skv. WLTP) á rafmagninu eingöngu. Hann kemur með 2,4 lítra sparneytinni bensínvél og 13,8 KWst rafhlöðu. Nýr Eclipse Cross PHEV er með lyklalausú aðgengi, hraðastilli, hita í stýri, bakkmyndavél, þreytuviðvörðun, akreinavara og svona mætti lengi telja. Þú kemst lengra á nýjum og glæsilegum Eclipse Cross PHEV.

Komdu í heimsókn og skoðuðu glæsilegan grip.

Einstakt kynningarverð frá **4.990.000 kr.**

Skoðuðu úrvalið á www.hekla.is/mitsubishisalur

www.mitsubishi.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílákjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



MITSUBISHI
MOTORS
Drive your Ambition

Fylgdu okkur!



@mitsubishi

Að ná utan um hið ósagða



Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is

Kolfinna Nikulásdóttir leikstjóri og **Þórunn Gréta Sigurðardóttir** framkalla líkamlegt og tilfinningalegt ástand í ofbeldissambandi í nýrri óperu, KOK, sem byggð er á ljóðabók Kristínar Eiríksdóttur.

Óperan KOK eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur sem byggir á samnefndri ljóðabók Kristínar Eiríksdóttur sem kom út árið 2014 var frumsýnd á Nýja sviði Borgarleikhússins á miðvikudaginn.

Ljóð Kristínar, sem fjalla á beinskeyttan hátt um samband og sambandsleysi, eru í öruggum höndum Þórunnar Grétu tónskálds, sem nær vel að fanga bæði ástand og umhverfi með óhefðbundinni tækni.

„Harpan og fiðlan eru hluti af ákveðinni veru. Ég nota hljóðlíkingar þegar ég vinn með texta og einn áhrifavaldur í fiðluhljóminum er ítalska tónskáldið Salvatore Sciarrino,“ segir Þórunn. Hún segir eitt-hvað líkamlegt við textann hennar Kristínar.

Eldgos og gæsaþú

„Þetta er svo mikil gæsaþú; hárin rísa, neglurnar klofna. Þarna er verið að lýsa líkamlegu ástandi þegar maður gengur í gegnum ákveðnar tilfinningar. Þetta fer í gegnum líkamann áður en röddin brýst fram. Ég vinn mikið út frá þessum hughrifum og bý til hljóðheim með þessum lýsingum, út frá þessum hrolli, þessari kligju og þessum kalda svita í lófunum.“

Þungamiðjan í verkinu er að standa upp gegn einhverju ofurfli og það sem gerist í líkamanum í aðdraganda og í kjölfar þess. Þórunn segir að skipta megi verkinu niður í þrjá þætti: jarðhræringarnar, kvikusöfnun og gos.

„Við vorum einmitt að æfa þetta í mestu jarðskjálftahrinunum. Kannski hugsa ég svolítið um verkið eins og eldgos.“

Þórunn nýtur þess að semja verk ofan í flytjendur, ef svo mætti að orði komast, og reyna á þanþól raddarinnar og er verkið nánast samið fyrir Hönnu Dóru Sturludóttir mezzósópran.

Ryk dustað af minningum

Ljóðabók Kristínar er mjög sjónræn og þar er blandað saman ljóðum og myndlist. Í sviðsetningu óperunnar er unnið áfram með þessa hugmynd



Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari og Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran túlka og tjá flóknar tilfinningar í óperunni KOK sem byggir á ljóðum Kristínar Eiríksdóttur. MYND/ GUNNLOÐ JÓNA RÚNARSÓTTIR



Leikstjórinn Kolfinna Nikulásdóttir segir alltaf hafa legið beint við að þær Þórunn Gréta myndu vinna verkið saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI



Þetta virkar eins og endurlit manneskju á eitthvert ástand sem var, ofbeldi, kúgun, eða eitthvað sem var ekki rétt, en án þess að vera af einhverjum ásetningi.

Kolfinna

af einhverjum ásetningi. Kannski var þetta óvart. Stundum upplifir maður ástina í sjálfri sér sem ofbeldisfulla. Það er stundum erfitt að orða það en eina leiðin til þess að tala um það er með því að finna það í gegnum svona verk.“

Saumúð dramatík

Á meðan Þórunn vann í hljóðviddinni var Kolfinna að huga að hinu þrívíða. Vinna þeirra fléttaðist svo saman og var svo dramatíkin saumúð inn í óperuna.

„Ég er með mjög úthugsaðar hugmyndir um hverja hreyfingu og bendingu en þetta er algjör samvinna. Ég sá fyrir mér hvítt því mig langaði að vinna með leikhúsmiðlenn og fara eitthvert með hann og Steinunn kom með þessa hugmynd með lökin.“

Mér er búið að líða eins og málara að vinna með Pálma Jónssyni ljósamanni og Sigurði Möller, manni mínum og myndbandshönnuði. Nú er mikið í tísku að vinna með mínimalisma en mér finnst gaman að fara gegn því. Það mætti segja að þetta verk sé ódur til miðilsins á ákveðnum myndlistarfleti. Við komumst upp með það því óperan er svo abstrakt.“

Ákveðinn línudans

Er erfitt að koma svona abstrakt verki frá sér á skiljanlegan hátt? Að segja svona sögu eða varpa fram þessu ástandi?

„Þetta er í raun tvennt ólíkt: Að segja sögu og verkja tilfinningu. Við eltum það sem er í bókinni, það er ekki línuleg frásögn eða saga þótt það sé fullkomin uppbygging í bókinni. Við erum vön sögu og viljum sögu, eðlilega. Þannig að okkar verkefni var að teygja þetta nær söguforminu án þess að svikja þetta abstrakt form og lögmálin í ljóðlistinni og tónlistinni.“

Þetta er ákveðinn dans því mér finnst eins og þetta verk sé ekki saga, þetta er ástand,“ segir Kolfinna og vekur athygli á þeirri þróun sem verður á ljóðmælandanum í gegnum verkið sem byrjar á „mér“ og „þér“ og endar á „okkur“ og „þeim“.

„Bókin byrjar á: „þú gafst mér holur og ég gaf þér tönn“ og færast út í: „við eigum svo lítið“ og „þið gáfuð okkur“. Hún fer úr þessum minnsta hring yfir í stærri hring, úr þessu persónulega yfir áfallamynstur sem erfist milli kynslóða.“

Önnur sýning á KOKi verður í Borgarleikhúsinu á sunnudaginn. ■

Viðarparket – Harðparket – Vínyparket

MIKIÐ URVAL
Á LAGER

Parket
dagar



ALFABORG
- allt á gólfíð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



með því að varpa myndböndum, sem Sigurður Möller Sivertsen hannaði, á vegginn, gólfíð og á flytjendurna sjálfa.

„Við ákváðum að fara lengra inn í þetta ástand sem Kristín skapar í ljóðabók sinni,“ segir Sigurður.

Sviðið er sveipað hvítu efni sem minnir á dúka eða rúmföt; búið er að breiða yfir húsgögnin, eins og til að varðveita gamalt heimili í tímahylki. Í gegnum verkið sjáum við söngkonuna dusta rykið af erfidum minningum með orðum Kristínar og tónlist Þórunnar.

Sjálfbærir búningar

Hvítir kjólar flytjendanna virðast renna saman við umhverfið; fiðluleikarinn Una Sveinbjarnardóttir og hörpuleikarinn Katie Buckley eru eins og varanlegur hluti af frásögninni í verkinu en í lokin nær ljóðmælandinn, sem Hanna Dóra mezzósópran túlkar, bókstaflega að klæða sig úr ástandinu.

„Þegar ég les textann hennar Kristínar sé ég fyrir mér eitthvað fornt og tímalaust og mig langaði að ná þessu fram í búningahönnuninni,“ útskýrir Steinunn Eyja Halldórsdóttir búningahönnuður. Steinunn hannaði búningana og sviðsmynd með sjálfbærni að

leiðarljósi og notaði efni frá Rauða krossinum.

Ofbeldi ástarinnar

Þórunn, Kristín og Kolfinna Nikulásdóttir leikstjóri hafa áður unnið saman við gerð útvarpsverksins Fákafen sem hlaut Grímuverðlaun árið 2018.

„Það var aldrei spurning um neitt annað, hver ætti að gera þetta verk,“ segir Kolfinna með vísan til þess að þær hafi smellið saman í fyrra verkefninu. Hún upplifði bókina á sama hátt og Þórunn, sem myndrænt og líkamlegt verk.

„Kristín nær að draga upp mynd af ástarsambandi sem maður getur sjálfur ekki orðað, um þetta ofbeldi í ástinni. Þarna nær hún að festa hendur á hinu ósagða, eitthvað sem maður finnur fyrir gegnumgangandi í ástinni og mennskunni. Þetta er á einhverri vídd sem maður finnur en nær ekki að setja í orð í daglegu lífi. Hún gerir þetta svo meistaralega,“ lýsir Kolfinna. Hún segist hafa þurft að lesa bókina í hollum og þurft að leggja hana itrekað frá sér þegar líkami hennar brást við orðunum.

„Þetta virkar eins og endurlit manneskju á eitthvert ástand sem var, ofbeldi, kúgun, eða eitthvað sem var ekki rétt en án þess að vera



Auglýsing

Hlutafjárútboð Sildarvinnslunnar hf.



Útboðið hefst mánudaginn 10. maí

Almennt útboð á útgefnum hlutum hefst kl. 10:00, mánudaginn 10. maí 2021 og lýkur kl. 16:00 miðvikudaginn 12. maí 2021.

Í útboðinu eru boðnir til sölu 447.626.880 þegar útgefni hlutir í Sildarvinnslunni hf. Gefi eftirspurn tilefni til hafa seljendur heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu um allt að 51.000.000 hluti, þannig að fjöldi seldra hluta muni samtals verða allt að 498.626.880.

Tekið verður við áskriftum á útboðstímabilinu á eftirfarandi vefsíðu: www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíðu umsjónaraðila, Landsbankans hf., www.landsbankinn.is og á vefsíðu Sildarvinnslunnar hf., www.svn.is.

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Sildarvinnslunni hf. er að nafnverði 1 króna.

Tilboðsbók A

Tilboðsbók B

Tilboðsverð	Tilboð gerð innan verðbilsins 55-58 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útboð). Verð í tilboðsbók A verður ekki hærra en í tilboðsbók B.	Tilboð gerð yfir lágmarksverði 55 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útboð).
Stærð útboðs 24,6-26,0 ma.kr. að söluandvirði ¹⁾	90.909.091 hlutir (um 20% af útboði).	356.717.789 hlutir (um 80% af útboði).
Réttur til að stækka útboð í 27,4-28,9 ma.kr. að söluandvirði	Seljendur hafa rétt til að stækka útboðið um allt að 51.000.000 hluti (eða sem nemur 3% af þegar útgefna hlutafé).	
Stærð áskrifta ²⁾	Áskriftir að kaupverði 100 þ.kr. – 20 m.kr.	Áskriftir að kaupverði yfir 20 m.kr. Tilboð ekki yfir stærð útboðs.
Meginreglur varðandi úthlutun ³⁾	Leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1 m.kr.	Samþykki tilboða verður ákvarðað á grundvelli tilboðsverðs. Ef til umframeftirspurnar kemur verður skerðing hlutfallsleg.

Áætlað er að niðurstaða útboðsins verði birt á vefsíðu Sildarvinnslunnar hf. eigi síðar en 14. maí 2021. Gjaldlagi og eindagi áskrifta er áætlaður 20. maí 2021.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Sildarvinnslunni hf. eru fjárfestar hvattir til að kynna sér upplýsingar um Sildarvinnsluna hf. og lýsingu félagsins sem dagsett er 3. maí 2021, og hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lýsinguna má finna á vefsíðu Sildarvinnslunnar hf., www.svn.is/fjarfestar/ eða á vef umsjónaraðila, www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Landsbankinn hf. umsjónaraðili útboðsins, veitir upplýsingar og tæknilega aðstoð:

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf.

Sími: +354 410-4040

Tölvupóstfang: vl@landsbankinn.is

Frekari upplýsingar: www.landsbankinn.is/sildarvinnsla

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.

Sími: +354 410-4000

Tölvupóstfang: utbod@landsbankinn.is

Frekari upplýsingar: www.landsbankinn.is/sildarvinnsla

¹⁾ Miðað við grunnstærð útboðs og verðbil í tilboðsbók A. Seljendur áskilja sér rétt til þess að breyta innbyrðis stærð tilboðsbóka reynist eftirspurn gefa tilefni til þess og að teknu tilliti til markmiða útboðsins.

²⁾ Með áskriftum er átt við tilboð sem þátttakendur (áskrifendur) leggja fram í hlutafjárútboðinu.

³⁾ Seljendur áskilja sér rétt til þess að vika frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt til að ná fram markmiðum útboðsins, þ.m.t. að hafna áskriftum í heild eða að hluta án sérstakrar tilkynningar eða rökstuðnings þar um.

Guðlaugur Þór Þórðarson tók stórt skref og hafði samband við blóðmóður sína sem hafði gefið hann til ættleiðingar skömmu eftir fæðingu. Guðlaugur hefur nú eignast stóra fjölskyldu til viðbótar við þá sem hann átti fyrir.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, tók það stóra skref að hafa samband við blóðmóður sína fyrir nokkrum misserum og eftir að hann fór að kanna rætur sínar hefur hann uppgötvað fjöldann allan af ættingjum. Guðlaugur var ættleiddur nánast við fæðingu en það var ekki fyrr en eftir hvatningu frá eiginkonu hans að hann fór að kanna uppruna sinn. Nú veit hann hversu mikið ættleiðingin hefur mótað hann sem manneskju og hans pólitísku sýn.

„Ég er afskaplega lánsamur með það uppeldi sem ég fékk og þau gildi sem ég ólst upp við. Að horfa á alla jafnt, sýna ræðdeild og sýna djörfung. Það er lán að alast upp við þessar aðstæður, að fá stuðning og umhyggju. Ég hef ekki verið að vekja sérstaka athygli á þessu en það er mikilvægt að fólk viti að þetta fyrirkomulag er gott og veitir börnum tækifæri við vissar aðstæður. Fólk gerir oft ráð fyrir því að það hafi verið hræðilegt að vera ættleiddur en það er ekki svo leiðis, þvert á móti. Ég er þakklátur fyrir að hafa alist upp hjá fólki sem beið eftir mér og veitti mér ómælda ást og umhyggju. Mér finnst blóðforeldrar mínir, þá sérstaklega móðir mín, hafa gert alveg hárrétt í þessum aðstæðum. Það hefur ekki verið auðveld ákvörðun.“

Jólabarnið

Foreldrar hans, Þórður Sigurðsson og Sonja Guðlaugsdóttir, höfðu um árabíl reynt að eignast barn en ekki tekist. Það lá fyrir að blóðforeldrar hans yrðu ekki saman, blóðmóðir hans átti barn fyrir og aðstæður hennar á þeim tíma leyfðu ekki annað barn. „Það var í gegnum sameiginleg tengsl sem þetta kom til. Vinafólk foreldra minna þekkti til og hafði milligöngu um þetta.“

Guðlaugur er fæddur 19. desember 1967. „Ég var kominn til foreldra minna í Borgarnes rétt fyrir jólin, svona jólabarn.“

Eiginkona Guðlaugs, Ágústa Johnson, hvatti hann eindregið til að hafa samband við blóðfjölskyldu sína. „Ég er þakklátur henni fyrir það og mjög margt annað. Það var mjög erfitt að finna rétta daginn til að gera þetta. Þeir sem þekka mig vita að ég á auðvelt með að ganga að fólki og spjalla við það, en þetta var erfitt. Þetta er ekki eitthvað sem maður gerir á hverjum degi.“

Svo kom sá dagur að hann fór í heimsókn til blóðmóður sinnar. „Ég kynnti mig fyrir henni. Auðvitað vissi hún um mig og viðtökurnar voru hlýjar. Ég er mjög stoltur af henni, hún hefur staðið sig afskaplega vel og ég er henni þakklátur fyrir að hafa gefið mér þau tækifæri sem ég fékk við ættleiðinguna.“

Líkur blóðföður sínum

Guðlaugur viðurkennir að hann hefði átt að taka skrefið miklu fyrr. „Þó að ég hafi alltaf vitað þetta þá er maður í sínum heimi og líður vel þar. Ég átti stórfjölskyldu sem hafði tekið mér opnum örmum.“ Biðin hafði það í för með sér að Guðlaugur hittir aldrei blóðföður sinn. „Ég náði því ekki, ég var of seinn. Mér skilst að þetta hafi verið öndvegismaður í alla staði,“ segir hann. „Og að ég sé líkur honum. Hann var með svipuð áhugamál og ég, reyndar ekki stjórnmál, en hann var áhugamaður um sögu og spilaði bridge og skák, var líka alltaf að segja sögur. Ég er ekki saklaus af því.“

Frá því hann hafði samband við blóðmóður sína hefur ættingjunum



Tíminn alltaf stóri vandinn

Guðlaugur ásamt heimilishundinum Mána.
FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN



Ari
Brynjólfsson
arib
@frettabladid.is

fjölgað til muna. „Ég hef verið að taka hús á fólki sem er blóðskylt mér, ég hefði átt að gera það mun fyrr því þetta er skemmtilegt og gott fólk. Sumt þekkti ég reyndar áður, vissi bara ekki að það væri skylt mér. Til dæmis býr bróðir minn hérna í Grafarvoginum. Hann kallaði mig til þegar frændsystkinin hittust og þar voru margar tengingar. Það er frábært þegar frændgarðurinn stækkar.“

Tíminn er hins vegar alltaf stóri vandinn. „Það er bara staðreynd að ég vinn mjög mikið. Ég er með samviskubít yfir að ná ekki að sinna fjölskyldunni almennilega. Þegar foreldrar mínir voru aldraðir þá setti ég þau í forgang. Það eina sem mig virkilega vantar er meiri tími.“



Ég kynnti mig fyrir henni. Auðvitað vissi hún um mig og viðtökurnar voru hlýjar.

Guðlaugur vissi snemma á ævinni að hann væri ættleiddur. „Það var aldrei neitt leyndarmál, allur bærinn vissi af því. Það hefði verið mjög sárt að vita það seint eða komast að því fyrir tilviljun. Mín reynsla er að það er alltaf best að segja börnum það um leið og þau hafa til þess þroska,“ segir hann. „Ég hef alla tíð talsvert verið spurður út í ættleiðinguna og verið ófeiminn við að ræða hana og ég vona að það geti orðið hvatning til annarra að gera það líka. Það kom fyrir að ég varð fyrir aðkasti frá einhverjum krökkum, ég veit ekki til þess að neinn annar í Borgarnesi á þessum tíma hafi verið ættleiddur. En það situr ekki í mér, börn eru bara börn.“
Fyrsta minning hans úr æsku ➔



AUKIN LÍFSGÆÐI LENGRA LÍF

Styrktarsjóður Lyfju hefur opnað fyrir umsóknir. Markmið sjóðsins er að veita styrki til heilsueflandi verkefna sem stuðla að auknum lífsgæðum landsmanna eða hafa forvarnargildi.

Við hvetjum alla áhugasama aðila að sækja um á lyfja.is/styrkir

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2021.



➔ er þó öllu verri, það er að liggja á sjúkrahúsi fjögurra ára gamall eftir að hafa höfuðkúpubrotnað. „Ég lá með blóð rennandi úr höfðinu, læknirinn benti á mömmu og vildi fá mig til að bera kennsl á hana til að kanna hvort ég væri nokkuð skaddaður. „Þetta er Sonja Guðlaugsdóttir, móðir mín,“ svaraði ég, það virtist vera allt í lagi með mig.“

Gagnrýndur af mömmu

„Ég er ekki fæddur inn í Sjálfstæðisflokkinn, ég kem af venjulegu fólki úr litlum bæ á landsbyggðinni. Ég varð hins vegar mjög fljótt pólitískur, hef líklega verið sex ára þegar ég fór að rífast. Foreldrar mínir höfðu áhyggjur þegar ég hóf ferilinn, því þau þekktu lítið það umhverfi sem ég var að fara inn í en studdu mig alla leið þegar ég hóf þátttöku.“

Foreldrar Guðlaugs eru bæði nýlega látin. „Ég sakna þeirra mikið. Þegar ég heyrði í mömmu fékk ég til dæmis alltaf tilfinningu fyrir því hvernig stór hópur í Sjálfstæðisflokknum hugsaði, ég fékk ákveðna línu,“ segir hann og brosir. „Ég fékk ekki gagnrýnislaust uppeldi, hvað þá þegar ég var kominn í stjórn-málin.“

Stjórnmaálaferillinn hófst þegar Guðlaugur flutti frá Borgarnesi til Akureyrar í menntaskóla og þangað liggja einnig sterkar taugar. „Ungir Sjálfstæðismenn fyrir norðan voru fljótir að átta sig á að þarna væri mjög pólitískur maður,“ segir hann.

Sýn Guðlaugs á flokkinn byggist mjög á uppruna hans. „Mín hugsjón snýst um að gefa öllum tækifæri, að bakgrunnur fólks skipti engu máli. Innmúraður maður í flokknum sagði eitt sinn við mig að ég ætti ekki að bjóða mig fram til forystu, Sjálfstæðisflokkurinn væri nokkrar fjölskyldur og að ég tilheyrði þeim ekki,“ segir hann.

„Ég tók ekki mark á því og sem betur fer hefur fólkið í flokknum ekki gert það heldur. Ég hef barist fyrir stöðu minni í flokknum, ekki fengið neitt gefins í því. Sjálfstæðisflokkurinn á að vera fjöldahreyfing en ekki einkaklúbbur útvalinna. Ég mun aldrei hvika frá þeirri afstöðu minni.“

Ekki allir úr sömu átt

Staða flokksins í íslenskum stjórnmálum hefur breyst mikið frá því Guðlaugur settist á þing árið 2003, fyrir 18 árum. Hann vill að Sjálfstæðisflokkurinn sé fjöldaflokkur. „Fjöldaflokkur er mun merkilegra fyrirbæri en margir átta sig á.“ Það snúist ekki aðeins um sýnina að það sé hagur launþega að atvinnulífina gangi vel, heldur líka að vera með breiðan hóp innan flokksins.

„Frá því að flokkurinn var stofnaður hafa aldrei allir verið sammála. Þegar hann var hvað stærstur gátu innan hans verið mikil átök og heilbrigð skoðanaskipti. Til er fræg saga af því þegar Ólafur Thors sagði við gagnrýnanda sinn innan flokksins: „Haltu áfram að skamma okkur!“ Um leið og við hættum að hlusta á gagnrýni og tókum ekki á móti nýju fólki til starfa þá fer ekki vel. Það þarf að vera markmið að ekki komi allir úr sömu áttinni, sama hópnum,“ segir hann.

Guðlaugur er í góðu sambandi við fjölmarga flokksmenn, bæði kjörna fulltrúa og grasrótina. Baráttumálin eru þau sömu og þegar hann gekk til liðs við flokkinn.

„Þegar ég var ungur Sjálfstæðismaður og var að hitta menn eins og mig í dag, hvernig vildi ég að þeir væru? Ég vildi að þeir væru samkvæmir sjálfum sér, trúir uppruna sínum og sannfæringu sinni. Ráðdeild í ríkisrekstri hefur alltaf verið mér hugleikin og ég hef reynt að stuðla að henni þegar ég hef verið í aðstöðu til þess, bæði sem þingmaður og ráðherra í tveimur ráðuneytum.“

Hann segir stóra verkefnið vera að treysta stöðir atvinnulífsins, samanburðarþjóðir okkar séu með traust efnahagskerfi og fjölbreytt



Þó að Grafarvogurinn sé hans helsta vígi hefur Guðlaugur sterkar taugar til Borgarness og Akureyrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Guðlaugur sumarið 1968, þá hálfis árs. Stórfjölskyldan tók hlýlega á móti honum og því sá hann ekki ástæðu til að hafa samband við blóðfjölskyldu sína fyrr en á fullorðinsaldri.

MYND/
ÚR EINKASAFNI

atvinnulíf. „Það gerist ekki af sjálfu sér. Sumir stjórnmálamenn átta sig ekki á þessu og stundum virðist skorta á skilning á rekstrarumhverfi fyrirtækja hjá þeim.“

Guðlaugur er nákvæmur og forðast að fara með fleipur, hann næst ekki á flug þegar kemur að hita-málum á borð við Samherjamálið. Hann þvertur fyrir að það mál sé eitthvað viðkvæmt, hann vilji einfaldlega ekki tjá sig um hluti sem hann er ekki búinn að kynna sér til hlítar. „Þegar fyrirtæki eru orðin mjög stór þá verður að gera mjög miklar kröfur til þess hvernig þau haga sér. Í okkar litla þjóðfélagi þarf að sýna samfélagslega ábyrgð og auðmýkt. Sama á reyndar við um risana á fjölmiðlamarkaði.“

Útilokar ekki formannsframboð

Guðlaugur útilokar ekki að sá dagur komi að hann bjóði sig fram til formanns Sjálfstæðisflokksins og það hefur oft verið nefnt við hann. „Ég útiloka það ekki en það stendur ekki til eins og málum er háttað. Flokkurinn er með öflugan formann sem ég styð. Ég stefni áfram á 1. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og kvíði því ekki að leggja stórf



Guðlaugur ásamt foreldrum sínum, Þórði Sigurðssyni og Sonju Guðlaugsdóttur.

MYND/
ÚR EINKASAFNI

mín í dóm kjósenda þegar kemur að prófkjöri og kosningum. Ég er stoltur af því sem við höfum komið í verk í utanríkisráðuneytinu. Verkefnalistinn er langur og auðvelt að kynna sér hann.“

Hann segir ekki erfitt að starfa í núverandi ríkisstjórn, en það sé vissulega öðruvísi. „Við erum stundum ósammála en náum alltaf á endanum að komast að niðurstöðu sem allir eru svipað óánægðir með,“ segir hann og brosir. „Þarna skiptir reynslan svo miklu máli.“

Hann hefur nokkrar áhyggjur af of mikilli nýliðun á þingi. „Í síðustu ríkisstjórn fór ég að sofa og vaknaði með tvö hundruð sms um að ríkisstjórnin væri fallin. Það var ekki

vont fólk í þeirri ríkisstjórn, bara reynslulítið. Ef þú hefur talað við mig fyrir 18 árum þá hefði ég alveg verið með sjálfstraustið til taka að mér verkefnið sem ég sinni núna. Í dag er ég rosalega ánægður með að hafa öðlast reynslu og þroska áður en ég tók þau að mér,“ segir Guðlaugur. „Þegar ég hitti utanríkisráðherra annarra landa er ég oftast ungi maðurinn. Ég segi yfirleitt engum að ég sé með hvað mesta þingreynslu á Íslandi, erlendis teljast 18 ár ekkert rosalega mikið.“

Mótmælin voru þroskandi

Í kjölfar hrunsins var tvísýnt um stjórnmaálaferil Guðlaugs. Meðal annars var mótmælt fyrir utan heimili hans og það heyrst á honum að þetta er ekki tími sem hann langar að rifja upp. „Þetta var erfitt. Það kom reyndar minnst við



Ég hef tekið á móti 36 kettlingum, ég missti meira að segja af lokabætti Gæfu eða gjörvileika til að taka á móti kettlingum.

sjálfan mig, en ég fann það á fjölskyldunni hvað þetta tók á,“ segir hann.

„Þetta var mjög þroskandi. Ég reyndi að setja mig í spor þeirra sem áttu um sárt að binda, fólks sem var búid að missa mikið. Ég setti skuldamála heimilanna í forgang og nú erum við komin með húsnæðis-kerfi sem hjálpar fólki að eignast í stað þess að skulda. Þetta var góður skóli, en erfiður.“

Fyrir tveimur árum var honum svo hótáð lífláti á netinu vegna þriðja orkupakkans. „Það var sett af stað hrein og klár lygasaga sem breiddist út eins og eldur í sinu á samfélagsmiðlum um að fjölskylda mín myndi hagnast á virkjun á skógræktarjörð með tilkomu þriðja orkupakkans. Ég barðist gegn þessari virkjun og hún er ekki nálægt jörðinni,“ segir hann og hlær.

„Þó að svona hótanir séu yfirleitt ekki meira en orðin tóm þá á að taka þær alvarlega og ég hvet alla sem lenda í svona til að láta lögregluna vita. En svo það sé sagt þá voru margir góðir vinir mínir ósammála mér í þessu máli og við það geri ég engar athugasemdir. Ég veit að þeir tóku ekki þátt í ófrægingarherferðinni gegn mér. Það voru aðeins örfáir menn sem sáu ekki fyrir í baráttunni. Umbúðalaus skoðana-skripti eru holl og nauðsynleg og engan veginn hægt að gera kröfu um að allir séu alltaf sammála.“

Barnabörnin orðin þrjú

Guðlaugur er mikill dýravinur, heimilishundurinn Máni er duglegur að koma til hans og fá klapp. „Ég hef tekið á móti 36 kettlingum, ég missti meira að segja af lokabætti Gæfu eða gjörvileika í sjónvarpinu til að taka á móti kettlingum. Ég var sá eini í skólanum daginn eftir sem hafði ekki séð þáttinn.“

Guðlaugur á tvíbura með Ágústu og hún átti tvö börn fyrir. Barnabörnin eru nýlega orðin þrjú. „Þetta er ótrúleg gæfa,“ segir hann og brosir út að eyrum. „Ég er mjög stoltur af börnunum fjórum, þau eru öll mjög sjálfstæð. Ef einhver heldur að tvíburar séu alltaf líkir þá er það fullkominn misskilningur. Mínir tvíburar gætu ekki verið mikið ólíkari,“ segir hann.

„Pabbi sagði að við værum með börnin í láni til 15 ára aldurs, síðan væri bara að bíða og vona það besta. Ég held að það sé alveg rétt og mér sýnist ég ekki þurfa að kvíða neinu.“ ■



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

15|05

LAUGARDAGUR
KL.14:00 & 16:00

16|05

SUNNUDAGUR
KL.14:00 & 16:00

HVAR ER HÚFAN MÍN?

LITRÍKIR TÓNLEIKAR
FYRIR BÖRN Á
ÖLLUM ALDRI


Hvar er húfan mín?, Ja, fússum svei!, Dvel ég í draumahöll, begar piparkökur bakast og fjölmörg önnur kunnugleg lög Thorbjörns Egners úr *Kardemommubænum* og *Dýrunum í Hálsaskógi* hljóma nú á fernum tónleikum í Eldborg í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hóps frábærra leikara.

Við leggjum áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum gildandi sóttvarnareglum. Sætaframboð er takmarkað og því gott að tryggja sér miða sem fyrst á sinfonia.is.

- Hlökkum til að sjá þig!

Hljómsveitarstjóri
Daníel Bjarnason

Einsöngvarar **Jóhanna Vigdís Arnardóttir,**
Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson
og **Sigurður Þór Óskarsson**



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050



Horft niður á væntanlegt torg, tröppurnar næst verða bæði til að ganga um og sitja í. Til vinstri handar verða veitingahús, verslanir og íbúðir og veitinga- og tónleikastaður hægra megin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tröppurnar og torgin verða hellulögð eins og sést á þessari myndi.

Nostrað við hinn nýja miðbæ Selfoss



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun
@frettabladid.is

Óhætt er að segja að nýi og gamli tíminn mætist í hinum nýja miðbæ á Selfossi sem óðum er að taka á sig mynd.

Flest húsanna í nýja miðbænum á Selfossi eru steipt og síðan klædd eldvörðu timbri. Að ytra frágangi eru einhver þeirra eftirlíkingar annarra sem prýddu bæinn fyrr á tíð, önnur sækja útlit sitt til bygginga annars staðar á landinu. Sumar þeirra höfðu orðið eldi að bráð, svo sem Friðriksgáfa á Möðruvöllum og ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum sem reistur var fyrir konungskomuna 1907. Edinborgarhúsið í Hafnarstræti var líka skreytt áður en kóngurinn kom og nú birtist það á Selfossi. En eitt hús sker sig úr í stærð og stíl, hið gamla Mjólkurbú Flóamanna sem stóð austast í Selfossbæ og vék fyrir öðru.

Upp á gamla mátann

„Þetta er hrikalega gaman,“ segir Bergþór Kristinsson um vinnubrögðin sem beitt er við byggingarnar og Jón Þór Sveinsson, félagi hans, tekur undir það. Báðir eru lærðir smíðir en segja margt sem þeir fást við nú vera umfram það sem skólanámið bauð upp á. „Allur þessi frágangur kringum glugga og annað sem er upp á gamla mátann,“ tekur Bergþór sem dæmi. „Sem þýðir fyrir okkur að það er margt nýtt og spennandi að læra,“ segir Jón Þór.



Það sem komið er upp af húsum er bara fyrsti hluti miðbæjarins af þremur. Við erum rétt að byrja.

Fyrsti hluti af þremur

Sævar Sverrisson er verkstjóri Jáverks sem sér um þessa uppbyggingu fyrir Sigtún þróunarfélag. „Við erum með um tuttugu smíði en í allt hugsa ég að hér séu 40-50 manns að vinna. Allt er handgert og pensilmálað,“ segir hann og sýnir okkur Valgarði ljósmyndara það helsta.

Mjólkurbúshúsið er á þremur hæðum. Í kjallaranum verður mjólkurvinnslu gert hátt undir höfði. Fyrsti mjólkurbill Flóa-

manna er þar undir segli. „Þennan fengum við hjá Þjóðminjasafninu. Við steiptum húsið utan um hann,“ útskýrir Sævar. Á miðhæðinni verður mathöll með sunnlenskum krásum og uppi hringbar í miðju og sæti undir súð. „Hér er allt nýtt en lítur út fyrir að vera ónýtt!“ segir Sævar glettinn. Þegar við stígum út bendir hann yfir svæðið og segir: „Það sem komið er upp af húsum er bara fyrsti hluti miðbæjarins af þremur. Við erum rétt að byrja!“ ■

Smíðirnir Bergþór og Jón Þór segjast hafa lært mörg ný handtök í þessu verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Flygenringshús í Hafnarfirði var reist 1906. Síðar þekkt sem Hótel Björninn. Húsið með litla turninum er byggt eftir mynd af því.



Sævar Sverrisson hefur verið annar tveggja verkstjóra á svæðinu frá því hafist var handa fyrir einu og hálfu ári.



Mjólkurbúshúsið setur sterkan svip á umhverfið. Þar verður skyr safn, mathöll og pianóbar.



Hér er eftirlíking af Edinborgarhúsinu í Hafnarstræti á vinstri hönd. Gatan verður vístgata með rólegri umferð.

ÁLFASALA SÁÁ 6. TIL 9. MAÍ

→ **Fyrir fjölskylduna**

**TAKIÐ VEL Á MÓTI
SÖLUFÓLKINU
OKKAR**

KÆRAR ÞAKKIR



HEIMSENDING: Fyrir þau ykkar sem einhverra hluta vegna eiga ekki heimangengt, má hringja í síma 820 3446 og við komum Álfunum til ykkar.



SÁÁ
Efstaleiti 7
103 Reykjavík
Sími: 530 7600
saa@saa.is
www.saa.is



Eva Huld Ívarsdóttir og Anna Lára Friðfinnsdóttir ætla gjörningnum Handmótuð áhrif að varpa ljósi á þau 1.600 nauðgunarmál sem felld voru niður á árunum 2000 til 2020. Markmiðið er að gera 1.600 skúlptúra þar sem hvert verk táknar niðurfellda nauðgunarkæru.

Okkur langaði að vekja athygli á hverju einasta máli sem hefur verið látið niður falla í þessu kerfi sem er almennt ekki hliðholtt þolendum," segir Eva Huld en þær stefna á að sýna verkin í nóvember. Þá geta gestir upplifað umfang vandans á áhrifaríkan og sjónrænan hátt.

„Það er allt annað að ganga inn í rými, þar sem þú sérð hlutlægt hversu mörg mál þetta eru og hversu margir einstaklingar standa þarna að baki.“

Skúlptúrarnir eru búnir til á vinnustofum sem Eva og Anna Lára halda utan um og er öllum velkomið að mæta og setja sitt mark á verkefnið. „Við höfum fengið mikið af þolendum og fólki sem stendur þeim nærri og einnig fólk sem hefur áhuga á þessum málaflokki," útskýrir Anna.

Fjöldi málanna kom á óvart

Hugmyndin að verkefninu skaut upp kollinum þegar Eva, sem er lögfræðingur, var beðin um að líta yfir gögn í nauðgunarmáli sem hafði verið fellt niður. „Mér bregður svolítið við því í því máli sé ég mjög mikið af sönnunargögnum sem ég tel að hefði verið rétt að láta reyna á fyrir dómi.“

Í kjölfarið velti hún því fyrir sér hversu oft slíkt gæti átt við. „Mál eru yfirleitt felld niður með þeirri einföldu skýringu að það sé orð gegn orði," segir Eva. Það hafi ekki átt við í þessu máli og ákvað Eva því taka saman tölfraði um fjölda niðurfelldra mála. „Það er ekki til nákvæm tölfraði um þetta en eftir að ég sá hvað þetta eru mörg mál fann ég að ég þurfti að vekja athygli á því.“

Myndu ekki kæra án ástæðu

Anna bendir á að af þeim 130 til 170 konum sem leita árlega á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis leggi innan við helmingur fram kæru. „Svo er bara brotabrot af þeim málum sem er ákært þannig að á endanum eru einungis um tuttugu mál sem fara í ákærufarli.“ Á tímabilinu 2008 til 2009 voru 189 nauðgunarmál tilkynnt til lögreglu. Af þeim voru 158 mál felld niður.

„Það er svo oft reynt að halda að okkur, bæði fyrir dómi og í umræðunni, að konur séu að leggja fram kærur fyrir nauðgun út af hefni-



255 verk af 1.600 eru þegar tilbúin.

Leiraðar áminningar um 1.600 nauðganir



Kristlín Dis Ingilínardóttir
kristlin
@frettabladid.is

girni eða öðrum álíka fjarstæðukenndum hlutum," segir Anna.

Þetta sé þó löng leið til að feta til að ná slíku fram. „Af því að, trúðu mér, það myndi engin manneskja leggja á sig þessa skoðun sem þarf að fara í gegnum til þess að geta kært án þess að hafa gilda ástæðu til," segir Anna, sem sjálf er þolandi kynferðisofbeldis.

Áfall þegar málið var fellt niður

„Ég lenti í kynferðisofbeldi í Dublin á Írlandi og mín fyrstu viðbrögð voru að vilja bara komast undan þessu.“ Anna kveðst ekki hafa viljað leggja fram kæru heldur komast heim til Íslands sem allra fyrst. „Mér var byrjað og ég gat hvorki lýst mönnunum né stadháttum.“

Hálft ári eftir að ég varð fyrir árásinni fæ ég tölvupóst frá lögreglunni um að þar sem ekkert nýtt hefði komið fram og ekki hefði tekist að greina andlitin á mönnunum úr myndavélaeftirliti þá sé málið látið niður falla.“

Hún segir niðurstöðuna hafa verið ákveðið kjaftshögg þrátt fyrir að hún hafi ekki viljað kæra.

„Þannig að ég get ekki ímyndað mér hvernig það er fyrir konu sem er búin að leggja það á sig að kæra að fá svo bara „sorrí, þetta er orð gegn orði“ sem svar.“

Alvarleg brot ætti að rannsaka

Eva tekur undir þetta. „Það eru svo mörg og þung skref sem liggja að kæru.“ Vinnubrögð lögreglunnar á Íslandi séu ekki þau sömu og á Írlandi þar sem það sé á ábyrgð þolanda að kæra.

„Auðvitað ætti það að vera þannig að um leið og þú hefur samband við lögreglu eða í ljós kemur að það hafi verið framið afbrot sé málið rannsakað, eins og stendur í íslenskum sakamálaöllum," ítrekar Eva.

„Það á að rannsaka og taka síðan ákvörðun um það síðar hvort mál verði fellt niður vegna algers skorts á sönnunarstöðu eða ekki.“

Raunveruleikinn sé hins vegar allt annar. „Það er svo miklu auðveldara fyrir okkur sem samfélag að trúa því að konur séu lygnar og hefnigjarnar heldur en að karlmennirnir í samfélaginu beiti í raunveruleikanum svona miklu og grófu ofbeldi.“

Eva Huld og Anna Lára finna fyrir því að heilunaráhrif fylgja því að móta átakanlega reynsluna í leirinn. „Það er svo gott að fá að gera eitthvað með þessa hræðilegu lífsreynslu mína," segir Anna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Valdeflandi sköpun

Með verkefninu vildu Eva og Anna færa valdið aftur í hendur þolenda. „Það er vald tekið af þér þegar mál er fellt niður. Það er svívirðilegt og yfirleitt gert með einni setningu.“ Á vinnustofunum geti fólk lagt mark sitt á málin með eigin höndum.

Anna kveðst sjálf finna fyrir heilun þegar hún mótar leirinn ásamt hinum þátttakendum. „Það er svo gott að fá að gera eitthvað með þessa hræðilegu lífsreynslu mína og búa eitthvað til úr henni.“ Aðrir þolendur hafa tekið í sama streng og sagt það hafa verið valdeflandi að taka þátt í vinnusmiðjunni og skapa tákn fyrir niðurfelt mál.

Nú þegar hafa farið fram tíu vinnustofur og til stendur að halda þó nokkrar í viðbót, bæði í Reykjavík og á Akureyri. „Eini útgangspunkturinn sem við erum með er að verkin hafi skirskotun í manneskjuna.“ Fólk túlki það á ólíkan hátt og hafa margir búið til abstrakt form og skúlptúra.

„Það kom til dæmis ein um daginn sem vildi gera fönix vegna hugmyndafræðinnar á bak við hann," segir Eva. Fönixinn rísi úr öskunni sterkari en áður og tengist þannig mörgum brotabólum. „Hún gerði það ótrúlega fallega og það var innilegt að ræða hvernig fólk túlkar upplifanir sínar í leirnum. Það eiga sér stað einhverjir töftrar í þessu ferli.“

Nú þegar eru um 255 verk tilbúin eða nærri 15 prósent af heildinni. Að sýningunni lokinni býðst þátttakendum að sækja verkin sín og þá mun fara fram gjörningur með verkin sem ekki verða sótt. „Það væri táknrænt að grafa líkt og málin eru grafin.“ Sýningin verður opnuð þann 25. nóvember, í Ráðhúsi Reykjavíkur, sem er upphafsdagur alþjóðlegs sextán daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. ■

FJÓRHJÓLADRIFINN
JAGUAR E-PACE
PLUG-IN HYBRID


JAGUAR

P300e - 1.5L 309hó
AWD AUTO

VERÐ FRÁ:
8.990.000 KR.

E-PACE er fyrsti smájeppinn frá Jaguar. Í honum sameinast flott útlit, lipurð og kraftmiklir akstursegginleikar. Komdu og kynntu þér nýjan E-PACE Plug-in Hybrid

Velkomin í reynsluakstur
Opið í dag frá 12-16

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

SAMSUNG TILBOÐSDAGAR

AFSLÁTTUR
15%
AFSLÁTTUR



KÍKTU Á ÚRVALIÐ
ORMSSON.IS



75" QLED Q80T
KR. 349.900,-



65" QLED Q95T
KR. 349.900,-



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUDÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Rafíþróttamótið sem trompar Eurovision



Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

Rafíþróttamótið MSI hófst í Laugardalshöll í vikunni. Það stendur yfir næstu vikurnar og áætlað er að tugir milljóna muni fylgjast með. Formaður rafíþróttasamtakanna á Íslandi segir mótið einstakt tækifæri.

Það er sjaldgæft að við sjáum viðburði af þessari stærðargráðu hér á landi," segir Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands (RÍSI), um rafíþróttamótið MSI sem hófst í Laugardalshöllinni á fimmtudaginn. Riot Games, sem stendur fyrir mótinu, er eitt af þremur stærstu leikjafyrirtækjum heimsins í dag en Ólafur þekkir þar vel til eftir að hafa starfað um árabíl í útibúi fyrirtækisins á Írlandi.

Mótið stendur yfir í sex vikur og segir Ólafur að leikirnir sem keppt verður í séu tveir þeir stærstu í heiminum í dag. „Annars vegar er það League of Legends sem var gefinn út árið 2009 en í dag eru yfir hundrað milljónir sem spila leikinn í hverjum mánuði," segir hann. „Hins vegar er það svo Valorant sem er töluvert nýrri leikur en hefur verið í miklum uppgangi og tekið fram úr vinsælum titlum á borð við Counter-Strike. Þetta verður í fyrsta skipti sem keppt verður í honum á alþjóðlegu móti."

Stærra en Eurovision

Það er heldur óeðlilegt að viðburður af þessari stærðargráðu sé haldinn í litlu landi á borð við Ísland og segir Ólafur að meginástæðan þar að baki sé góður árangur þjóðarinnar í baráttunni við faraldurinn. „Ísland kom virkilega vel út úr öllum Covid-samanburði," segir hann. „Það er vottun á árangri stjórnvalda okkar og samfélagsins í heild. Það er okkur öllum í hag að fá viðburði af þessari stærðargráðu til landsins, sér í lagi hagkerfi Reykjavíkurborgar og Íslands. Það átta sig kannski ekki allir á því að þetta er stærra en Eurovision. Þetta er einstakt tækifæri sem við þurfum að nýta."

Það voru þó ekki allir ánægðir með tilkomu viðburðarinnar og lýstu margir úr frjálsíþróttasamfélaginu óánægju yfir því að æfingarsvæðið yrði undirlagt svo vikum skiptir. Ólafur segist sýna því viðhorfi skilning. „Það er auðvitað leiðinlegt að einhver þurfi að missa eitthvað til að eitthvað svona geti gerst," segir hann. „Það sýnir okkur kannski að við þurfum enn betri innviði í Reykjavíkurborg til að geta stutt við alla þessa hluti



Bikarinn sem keppt verður um í League of Legends mótinu í glæsilegri umgjörð í Laugardalshöll. MYND/ RIOT GAMES



Þótt það séu bara fimm leikmenn í hverju liði er umgjörðin mun stærri.

og að við þurfum að bregðast við auknum áhuga þegar kemur að rafíþróttum."

Formúluálag

Á mótinu keppa alls ellefu lið sem samanstanda af leikmönnum frá fjölda landa. Ólafur segir að umgjörðin að baki hverju liði sé mun meiri en margir geri sér grein fyrir. „Þetta er orðið mun fagmannlegra í dag en fyrir 10-15 árum síðan. Þessi lið eru orðin eins og atvinnulið í íþróttum," segir hann. „Í dag sinna leikmenn markvissum æfingum með þjálfara og hafa aðgang að sjúkrapjálfa, næringarfræðingi, einkapjálfa og fleira. Allt þetta er gert til að rækta einstaklingana til að ná hámarksárangri í keppninni."

Þar að auki bendir Ólafur á að einnig fylgi hverju liði teymi í almannatengslum, samfélagsmiðlum og fleira til. „Þótt það séu bara fimm leikmenn í hverju liði er umgjörðin mun stærri," segir hann. „Þessir leikmenn eru þeir bestu í heiminum."

Jafnvel þeir sem þekkja ekkert til í heimi tölvuleikja gætu borið kennsl á nokkur lið í keppninni, en stór íþróttafélög á borð við Paris Saint Germain og Schalke eru meðal þeirra sem senda lið á mótið, og eru mörg liðin með milljónir fylgjenda á samfélagsmiðlum. Ólafur segir að álagið sem leikmennirnir séu undir sé gífurlegt.

„Fínhreyfingarnar, snerpan og ákvarðanatökan og liðsheildin. Og svo eru það auðvitað aðdáendurnir," segir hann. „Kortisól magnið í heilanum fer oft upp í sömu gildi og við sjáum hjá öikumönnum í Formúlu-uni."

Ótrúlegur vöxtur

Rafíþróttir hafa verið í miklum vexti á Íslandi undanfarin tvö ár síðan Rafíþróttasamtökin voru stofnuð. Í dag eru yfir 20 ungmenna- og íþróttafélög með rafíþróttastarfsemi og um þúsund krakkar iðka skipulagðar rafíþróttir einu sinni eða tvisvar í viku. Ólafur segir að með aðkomu Riot Games hafi

ýmsir hagaðilar fengið að kynna íslenska módelinu. „Það skiptir ekki máli við hvern við tölum, það eru allir í sjokki yfir hvað rafíþróttir hafa sprungið út hér á landi á svona stuttum tíma," segir hann.

Það var því skellur fyrir áhuga-fólk hér á landi að heyra að mótið yrði ekki aðgengilegt áhorfendum í ljósi aðstæðna. RÍSI hefur þó fundið lausnir fyrir þá sem vilja fylgjast með mótinu ásamt öðrum sem deila áhugamálinu.

„Við förum frekar seint í það að tryggja hvernig hægt væri að sjá viðburðinn hérna heima en nú verður boðið upp á sýningar á mótinu á skemmtisvæðinu í Smárabíó. Við vonum að það verði hægt að peppa upp góða stemningu þar," segir hann. „Við höfum við líka tryggt sýningarrétt frá mótinu á Stöð 2 eSport, svo ef einhver vill kynna sér mótið en ratar ekki um internetið er um að gera að stilla inn á og fylgjast með Íslandi í allri sinni dýrð ásamt tugmilljónum um heim allan." ■



**ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA**

Himinn Hettupeysa
kr. 6.990.-

Himinn Jogging buxur
kr. 5.990.-

Eir Barna dúrnjakki
kr. 11.990.-

Vinir
fá 2 fyrir 1 af öllum
Icewear barnafatnaði



ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND



Frá MSI í Taipei 2019. Venjulega er mikill fjöldi áhorfanda viðstaddur mótin, en í ár var það ekki hægt í ljósi aðstæðna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 8. maí 2021



Nýbakaðar lummur eru himneskt veganesti út í laugardaginn.

Laugardagslummur

Á laugardögum er dásamlegt að bjóða upp á nýbakaðar lummur í morgunmat. Fljótlegt er að hræra deigið og baka þær, og víst að allir gleðjast sem njóta. Gaman er að bjóða upp á margs konar álegg og dekkja morgunverðarborðið með blómum og fallegu bollastelli til að dást að og drekka morgunkaffið úr.

Ekta íslenskar lummur

2 1/2 dl heilheiti

2 1/2 dl hveiti

2 1/2 tsk lyftiduft

1 msk. púðursykur

1/2 tsk. salt

4-5 dl mjólk, súrmjólk eða undanrenna

1 egg

3 msk. bráðið smjör

Vanilludropar

Látið öll þurrefni saman í skál. Hellið mjólk eða súrmjólk yfir blönduna og hrærið í kekkjalaust deig. Hrærið því næst egg og bræddu smjöri saman við deigið og bætið við meiri mjólk ef deigið er of þykkt. Athugið að lummudeig á að vera þykkara en pönnukökudeig. Bakið svo litlar lummur upp úr smjöri á heitri pönnukökupönnu. Nýbakaðar lummur eru ljúffengar með berjum, sykri, banönum, sírópi, hnetusmjöri, Nutella og í raun öllu sem hugurinn girnist. Setja má rúsinur, kanil og ber út í deigið, ef vill.

Heimild: Við matreiðum

thordisg@frettabladid.is



Svavar Sigursteinsson einkaþjálfari segir að Energy bætiefni hjálpi honum að fá jafna orku yfir daginn en hann byrjar að vinna klukkan sex á morgnana. „Energy er frábært bætiefni sem er hannað fyrir þá sem vilja hámarka andlega og líkamlega getu,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fær auka orku á morgnana

Svavar Sigursteinsson einkaþjálfari leggur mikla áherslu á alhliða þjálfun í líkamsræktinni með samblandi af styrk- og þolæfingum. Vinnutími hans hefst klukkan sex á morgnana og til að fá aukna orku og styrk tekur hann Energy frá KeyNatura. **2**

Íslensk gæðahráefni fyrir þig



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Svavar hefur yfir tuttugu ára reynslu í líkamsræktarþjálfun og margir íþróttamenn koma til hans til að fá aukinn styrk og kraft. Svavar segir að það sé ekki bara íþróttamenn og útivistarfólk sem mæta í tímana því alls konar fólk, konur og karlar á viðum aldri, sækja sér þjálfun til betra lífs. Þegar Covid hófst með tilheyrandi samkomutakmörkum flutti Svavar líkamsræktaraðstöðuna heim og þjálfar fólk í litlum hópum. „Þetta hefur gefist svo vel þannig að ég hef alfarið flutt aðstöðuna heim,“ segir hann.

Fær orkuna með Energy

Svavar hefur lengi verið atvinnumaður í hálandagreinum, sleggju-kasti, steinkasti og fleiri greinum. Hann hefur keppt víða erlendis á leikunum. Þá er hann dómari í Skólahreysti sem nú er sýnd á RÚV. Svavar hefur auk þess keppt í vaxtarrækt, kraftlyftingum og Vestfjarðavíkingnum. Hann telur mjög mikilvægt að fá auka orku á morgnana án þess að drekka kaffi. „Ég hef tekið inn Energy frá KeyNatura sem hefur reynst mér einstaklega vel inn í daginn. Energy inniheldur náttúruleg jurtaextrókt og B-vitaminblöndu. Ég tek tvær töflur á morgnana og finn strax hvað þær gefa mér góða, jafna orku og líðan. Efnid hjálpar mér að vakna vel án þess að fá mér kaffi. Með því að taka Energy sleppur maður alveg við að kaupa dýra orkudrykki og ég fæ mér ekki fyrsta kaffibollann fyrr en um níuleytið,“ segir hann og hefur mælt með því að þeir sem stunda þjálfun hjá honum taki Energy vilji þeir bæta orkuna.

„Það sem mér finnst vera mikil snilld er að KeyNatura er með áskriftarkerfi. Ef maður er í áskrift fær maður vöruna senda í umslagi sem kemst inn um bréfalúguna og maður fyllir á dósina sem endurnýttist. Það þarf því ekki að stökva út í búð þegar skammturinn klárast. Stundum gleymist að fara í búðina og þá geta líðið dagar þar sem maður fær ekki þessi vítamín sem eru í Energy. Þess vegna mæli ég með að nýta sér áskriftina. Hægt er að fá Energy sent heim til sín hvar sem maður býr á landinu. Margir vina minna sem eru í fjallgöngum eða hjóla mikið hafa tekið inn Energy til að auka við orkuna. Sjálfur er ég mikill útivistarmaður og hef alltaf verið,“ segir hann.

Alhliða hreyfing fyrir alla

Svavar segir að margir komi til hans til að byggja upp göngufærni og þrek. „Ekki er nauðsynlegt að vera afreksfólk í fjallgöngum heldur gera þetta eftir eigin færni. Undanfarið hefur komið til mín fólk sem vill ná upp orku og getu til að ganga að eldgosinu. Oft er



Svavar er mikill útivistarmaður og leggur mikinn metnað í starf sitt sem einkabjálfi. Hann er fjalla-hjólamaður í frístundum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Frábær kostur fyrir þá sem nota koffín

Páll Arnar Hauksson, rannsóknar- og þróunarstjóri hjá KeyNatura, segir að Energy sé frábært bæti-efni sem sé þróað fyrir þá sem vilja hámarka andlega og líkamlega getu. Energy er íslensk framleiðsla en fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði.

„Við hjá KeyNatura leggjum mikla áherslu á að tryggja virkni innihaldsefna í vörum okkar. Energy inniheldur burnirót með stöðluðu magni virku efnanna rosavin og salidrosíde. Burnirót er þekkt fyrir að draga úr þreytu, bæta einbeitingu og athygli. Einnig inniheldur Energy koffín

og L-theanín en þau hafa samverkandi áhrif með því að bæta frammistöðu. L-theanín er þekkt fyrir að draga úr koffínskjálfta og bæta athygli. B-vitaminblandan, B5, B6 og B12, stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum, dregur úr þreytu og lúu auk þess að stuðla að eðlilegri andlegri getu,“ útskýrir Páll og bætir við að KeyNatura mæli með Energy fyrir þá sem vilja vörðu sem inniheldur koffín en vilji um leið sleppa því að drekka sýruríka orkudrykki sem valda glerungseyðingu. „Vert er að taka Energy með vatni og vernda tennurnar um leið,“ segir hann.



Páll Arnar Hauksson, rannsóknar- og þróunarstjóri hjá KeyNatura.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Energy hefur verið á markaði í rúmlega ár og hefur fengið frábærar viðtökur enda veitir varan fólk aukna orku. Energy er með vegan vottun. Fyrir þá sem vilja koffínvörur er þetta frábær kostur sem gerir mikið gagn. Sumir tala um koffínskjálfta eftir mikið kaffibamb en Energy hefur aftur á móti einnig róandi áhrif og hefur ekki slíkar aukaverkanir,“ segir Páll.

Energy fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup og fleiri verslunum. Einnig er hægt að skrá sig í áskrift á keynatura.is og fá áfyllingu senda heim í gegnum lúguna í hverjum mánuði.

Ég tek tvær töflur á morgnana og finn strax hvað þær gefa mér góða, jafna orku og líðan.



það undrandi á hversu hratt það nær upp göngukraftinum og allir afar stoltir þegar þeir eru búnir að skoða gosið án erfíðis,“ segir hann.

Góð einbeiting

Þegar Svavar er spurður hvort það

sé ekki erfitt að vakna alltaf svona snemma á morgnana, svarar hann: „Ekki á meðan ég tek Energy. Það er vissulega nauðsynlegt líka að hugsa vel um svefninn og fara snemma að sofa. Energy hjálpar mér að halda einbeitingu sem er nauðsynleg þegar ég hjóla á fjöllum.“

Svavar segir að unglingar komi til hans til að ná betri tókum í fótbolta, til dæmis verða sterkari og betri í innkasti. „Krakkar eru mjög meðvitaðir í dag um hvernig þau

geti orðið betri í ýmsum greinum. Ég sé þetta líka í Skólahreysti þar sem er mikið af flottum krökkum. Allir ættu að finna sér hreyfingu sem þeim finnst skemmtileg því það er lykillinn að árangri. Það þarf ekki mikla hreyfingu til að halda líkamanum í formi. Til dæmis er heljarinnar æfing að fara á Esjuna eða Helgafellið. Við þurfum ekki að miða okkur við ofuríþróttafólk heldur bara koma okkur af stað í hreyfingu sem bætir síðan lífsgeðin.“

Fæst í verslunum* og á netinu
Áskrift á keynatura.is gefur 15% afslátt og fría heimsendingu inn um lúguna

ISLENSKT

KEY NATURA

ASTA SKIN
ENERGY
SABA PRO

* Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup, Krónunni og fleiri verslunum



Svavar á Hálendaleikum þar sem hann keppti fyrir Íslands hönd.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torgehf
Ábyrgðarmaður:
Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Frey Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölu menn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Á AÐ GRILLA?



Mest seldu
meltingar-
ensímin
á Íslandi!

1-2 hylki
með mat.
Öflug og góð
lausn fyrir
meltinguna!

Meltingarensímin frá **ENZYMEDICA**®

Leyfðu þér að njóta grillmatarins án magaónota

Digest meltingarensím hjálpa þér að brjóta niður fæðuna og melta betur.

Ensím geta dregið úr margskonar meltingar-vandamálum eins og uppþembu, meltingaróreglu, loftmyndun og ýmsum einkennum fæðuóþols.

Blöndurnar frá Enzymedica byggja á einkaleyfisvarinni aðferð sem kallast Therablend. Með þessari aðferð er blandað saman mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH- gildum og ná þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar.

Digest meltingarensímin eru 100% náttúruleg og vegan.

Guðdómleg sumarleg terta með jarðarberjum



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@
torg.is

Helena Gunnarsdóttir, matar- og sælkerabloggari, heldur úti bloggsíðunni Eldhúspurlur og Instgramsíðunni @eldhusperlurhelenu og hefur mikið dálæti á kræsingum sem einfalt er að gera og þarf ekki að flækja hlutina um of fyrir.

Helenu líður best í eldhúsinu og nýtur þess að gleða fjölskylduna með gómsætum kökum og réttum. Þegar sumarið er gengið í garð skiptir Helena aðeins um gir í eldhúsinu og matargerðin og baksturinn verður léttari og einfaldari.

„Mér finnst sumardagurinn fyrsti alltaf svo frábær og bara hvernig sem viðrar. Merki um bjartari tíma og íslenskt sumar sem hlýtur að vera það besta í heimi. Hátíðarhöld barnæskunnar hafa þó vikið fyrir rólegum frídegi með fjölskyldunni, sumargjöfum fyrir börnin og huggulegum kaffitíma,“ segir Helena þegar hún rifjar upp tilfinninguna þegar sumardagurinn fyrsti rennur upp.

Áttu þér einhvern sumarrétt sem þér finnst mikilvægt að framreiða og fagna komu sumarsins með?

„Sumarlegar tertur á borð við þessa sem ég gef uppskrift að hér þykja mér fullkomnar til að fagna sumri. Ég baka ekki síður á sumrin en baksturinn breytist, banana-brauð og súkkulaðitertur fá þá að vikja fyrir léttum sumarertum með berjum, skyrturtur eru líka frábærar og einfalt að henda í þess vegna í útilegunni.“

Fjöru- og skógarferðir vinsælar á sumrin

Áherslur í matreiðslunni breytast líka í takt við sumartímann hjá Helenu. „Grill á hug minn og hjarta allt sumarið og ég reyni að elda sem mest úti. Okkur fjölskyldunni finnst mjög gaman að fara út í fjöru eða í skógarferðir, kveikja eld og grilla pylsur eða sykurpúða. Gerum þetta reyndar líka á veturna en sumarið býður vissulega upp á þetta oftar.“

Hvernig myndir þú lýsa matarhefðum og -venjum þínum og fjölskyldunnar yfir sumartímann?

„Fljótlegt er líklega þemað hjá okkur á sumrin. Það nennir enginn að standa lengi í heitu eldhúsi, allavega ekki þegar sólin skín. Léttir grillréttir, grillaður fiskur og alls konar gómsæt og litrík salöt eru vinsæl hjá okkur. Grillaðar pylsur þykja þrígga ára syni mínum samt bestar í heimi og ekkert sem ég get útbúið sem toppar þær.“

Mjúkir svampbotnar með stökkum möndlum

Við fengum Helenu til að svipta



Ég baka ekki síður á sumrin en baksturinn breytist, banana-brauð og súkkulaðitertur fá þá að vikja fyrir léttum sumarertum, segir Helena.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Okkur fjölskyldunni finnst mjög gaman að fara út í fjöru eða í skógarferðir, kveikja eld og grilla pylsur eða sykurpúða.

hulunni af sinni uppáhaldstertu sem tengist sumarmatarástinni. „Uppskriftin að tertunni sem ég deili með ykkur er mín uppáhalds þessa dagana og einstaklega sumarleg.“

Mjúkir svampbotnar með stökkum möndlum, silkimjúku vanillu mascarpone-kremi og jarðarberjum. Ef ég væri að fara að gefa þessu til sumars myndi ég henda í þessa, svo góð er hún.“

Sumarleg terta að hætti Helenu

Möndlu-svampbotnar

4 egg
200 g sykur
1 msk. vanillusykur
80 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
200 g fint hakkaðar möndlur (ég kaupir heilar möndlur með hýði og hakka í matvinnuslúvél, myndi ekki nota tilbúið möndlumjöl)
1 dl rjómi

Krem

400 g mascarpone
2 dl flórsykur
2 tsk. vanilluextrakt eða fráein úr heilli vanillustöng
4 dl rjómi
Fersk jarðarber eftir smekk

ADFERÐ

Botnar:

Hitið ofn í 175°C gráður með blæstri (190°C gráður án blásturs, en ég mæli alltaf með að baka kökur á blástursstillingu ef hægt er).

Þeytið mjög vel saman egg, sykur og vanillusykur þar til blandan verður þykk, ljóst og létt. Í annarri skál blandið vel saman hveitinu, möndlunum og lyftiduftinu. Hrærið helmingnum af þurrefnunum varlega saman við eggja-blönduna með sleif eða sleikju. Hellið þá rjómanum og restinni af þurrefnunum saman við og blandið vel en varlega saman.

Hellið deiginu í tvö hringlaga 24 cm form og bakið í um 16-18 mínútur eða þar til þrjónn sem stungið er í miðja köku kemur hreinn upp. Kælið botnana alveg á grind og gerið kremið á meðan.

Krem:

Þeytið mascarpone, vanillu og flórsykur aðeins saman þar til osturinn er mjúkur og sléttur, hellið rjómanum saman við á meðan þið þeytið og þeytið allt áfram þar til blandan er orðin að þykku silkimjúku kremi.

Skerið nokkur jarðarber til að setja á milli botnanna og geymið nokkur til að skreyta tertuna.

Setjið um það bil helminginn af kreminu á neðri botninn, dreifið söxuðum jarðarberjum yfir og leggið hinn botninn ofan á. Setjið restina af kreminu á tertuna og skreytið fallega með berjum og ef til vill fallegum blómum. Tertuna má bera fram strax en hún verður jafnvel betri við að fá að standa aðeins í ísskáp.

Söngskólinn í Reykjavík

INNTRITUN!

Hjá okkur er alltaf alltaf alltaf
Stemning og Stuð!
Komdu í hópinn

FÚS DISNEY THE SOUND OF MUSIC QUEEN

songskolinn@songskolinn.is • songskolinn.is • 552 7366



Flott og ljúffeng tertan sem Helena útbjóf fyrir lesendur.

Sumargrill

LAUGARDAGUR 8. maí 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: BYKO, Icepharma, Húsasmiðjan, Vogabær, Nettó.



Tendrar kolagrillið af ástríðu

Hjalti Vignis elskar að grilla og er einn af stofnendum hins fjölmenna Facebook-hóps Grillsamfélags Íslands, sem hefur stuðlað að aukinni grillmenningu á Íslandi. Hann segir það vísindalega staðreynd að kolagrillaður matur bragðist betur en nokkuð annað og að það skipti öllu að grilla ekki eftir tíma, heldur miða við kjöthitamælinn. **2**



Hjalti er hættur að nota gasgrill og notar nú eingöngu kolagrill, því hann segir að það gefi einfaldlega betra bragð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Hjalti Vignis hefur alltaf haft áhuga á eldamennsku og grillmat, en fyrir nokkrum árum færðist aukin alvara í áhugamálið og árið 2017 stofnaði hann Facebook-hópin Grillsamfélag Íslands með vini sínum, en hópurinn hefur í dag yfir 8.600 meðlimi, er mjög virkur og hefur átt stóran þátt í að stuðla að aukinni grillmenningu hér á landi. Hjalti hefur brennandi áhuga á grillmennsku og er stútfullur af þekkingu og góðum ráðum.

„Um þetta leyti jókst innflutningur á Weber-kolagrillum og ég var kominn með leið á grasgrilli og vildi alvöru bragð svo ég keypti grill og það vatt upp á sig,“ segir Hjalti. „Ég og Arnar Sigurðsson, vinur minn, vorum að spjalla saman um grillmenningu á Íslandi, sem var þá eiginlega ekki til og það varð til þess að við stofnuðum þennan hóp. Það vor var eldavélin svo bara tekin úr sambandi og allt grillað.“

Tilgangur hópsins er að ræða um allt sem tengist grillum og þarna fær fólk svör við öllum sínum spurningum þegar kemur að grillmennsku, reykingu og ýmsu öðru,“ segir Hjalti. „Þetta er besta upplýsingaaudlindin sem þú finnur um grillmenningu á íslensku.“

Hjalti og Arnar vinur hans hafa líka gengið undir nafninu Grillfedurnir.

„Þetta sumar sem við byrjuðum með hópin var Nútíminn að leita að innslögum fyrir sumarið og hafði samband við okkur. Við smökkuðum sósur og sögðum til um hvað væri besta forkryddaða grillkjötið og svona. Innblásturinn að nafninu kom frá Godfather-myndunum,“ segir Hjalti. „Út frá þessu fórum við svo sjálfir að gera innslög og fórum í samstarf við hina og þessa á sama tíma og grillmenningin var að aukast. Þegar við byrjuðum var hvergi hægt að fá tomahawk-steik og enginn var að elda brisket, en það hefur mikið breyst. Ég tel að við höfum átt þátt

Þegar við byrjuðum var hvergi hægt að fá tomahawk-steik og enginn var að elda brisket, en það hefur mikið breyst.

Hjalti Vignis

í að stuðla að vexti þessarar menningar.“

Grillmatur bragðast betur En hvers vegna finnst Hjalta svona gott að grilla?

„Ætli þetta sé ekki einhver grunneðlishvöt frá því þegar við bjuggum í hellum. Grillmatur bragðast líka bara betur en annar matur, það er vísindalega sannað, og kolagrillaður matur bragðast betur en gasgrillaður,“ segir hann kíminn. „Ég hef líka gaman af öllu stússinu. Það þarf að hafa áhuga og smá nördaskap til að standa í kolagrillmennsku og ég hef gaman af tilraunastarfsemi.“

Það fer svo bara eftir stuðinu sem maður er í hvað er skemmtilegast að grilla. Heilgrillaður kjúklingur á sunnudegi er geggjáður en það er líka gaman að gera kebab eða einhvern annan mið-austurlenskan mat,“ segir Hjalti. „Það erfiðasta en um leið skemmtilegasta sem ég hef gert var þegar ég reykti brisket í fyrsta skipti. Þá ertu að elda kjöt í 10-14 klukkustundir og halda réttu hitastigi allan tímann. Mér finnst skemmtilegast að elda eitthvað sem þarf natni og ástriðu. Það er alveg sama hvað þú gerir, ef þú hefur ástriðu gerirðu það vel.“

Kol eða gas er smekksatriði

Hjalti segir að vilji fólk koma sér upp grilli sé það lítið mál.

„Ef þú ert bara með smá pláss einhvers staðar geturðu sett grill þar, en það er reyndar ekki vinsælt að vera með kolagrill á svölum í fjölbýlishúsi. Ef þú veist ekki hvað þú átt að fá þér mæli ég með að kíkjá á Grillsamfélag Íslands, skoða og spyrja spurninga,“ segir hann. „Fyrst og fremst þarf að velja milli kola- og gasgrills og svo þarf að velja fyrir sér stærð, sem fer eftir því hvað á að elda fyrir marga. Úrvalið hefur aukist gríðarlega síðustu ár og það er til mikið af merkjum og margar tegundir af öllu.“

Helsti munurinn á gasgrilli og kolagrilli, fyrir utan bragðið, er að það tekur enga stund að kveikja upp í gasgrilli, en það tekur svona 20 mínútur að fá hita í kolagrill og fólk telur sig oft ekki hafa tíma í það, en það er bara eins og að hita ofn,“ segir Hjalti. „Ef þú grillar mikið er líka heldur dýrara að grilla á kolagrilli, gasið endist yfirleitt lengur. En þetta er fyrst og fremst smekksatriði. Svo er fullt af fólki sem notar frekar gas á ferðalögum því það hentar betur, en er svo með kolagrill heima.“

Aldrei elda eftir tíma

Hjalti segir að það sé ýmislegt sem byrjendur þurfi að huga að.

„Það er alveg númer 1, 2 og 3 að elda aldrei eftir tíma, heldur nota kjöthitamæli og mæla hitann á kjötinu svo að hann sé eins og fólk vill,“ segir hann. „Svo þarf að hafa burstu, tangir og hanska, en þeir eru sérstaklega nauðsynlegir fyrir kolagrill. Sumir vilja líka hafa bjórstand, enda er grillmennskan oft afsökun til að opna einn kaldan. Svo er hægt að fara í alls konar aukahluti, pitsusteina, snúningssteina, vöfflujárn, wokpönnur, það er endalaust til.“

Víðhald er líka mjög mikilvægt,“ segir Hjalti. „Það þarf að tæma bakka af fitu, hreinsa innan úr grillinu og þrifa grindur eftir hverja notkun. Á Íslandi rignir líka á hlið, svo það borgar sig að vera með hlíf yfir grillinu.“

Algengustu mistökun við grillið eru svo að nota of háan hita. Mér finnst gagnlegt að hugsa um grillið eins og ofn og stilla það á svipaðan hita,“ segir Hjalti.

„Reverse sear“ er vinsælt

„Það er mjög vinsælt núna að taka „reverse sear“ á steikur. Þá eldarðu þær á lágum og óbeinum jöfnum hita í byrjun og svo ferðu með grillið upp í 300-350 gráður rétt í lokin til að brenna kjötið og fá meira bragð,“ segir hann. „Ef þú ert með stóra steik og setur hana á of

háan hita til að byrja með eldast kjötið hraðar að utan og þó að þú sért með mæli geturðu endað með stóran hluta af kjötinu „well done“ á meðan það er „medium rare“ í miðjunni. En með „reverse sear“ eldast þetta jafnara.“

Það er líka vinsælt að taka stórar steikur og leggja kjötið beint á náttúruleg harðviðarkol, það gefur bragð sem er ekki hægt að lýsa,“ segir Hjalti. „Svo með tilkomu aukins framboðs af flottum grillum er fólk að gera fleiri tilraunir með reykingu, rif, pulled pork, brisket og annan amerískan grillmat. Það er komið rosa gott úrval af grillum sem bjóða upp á reykingu.“

Er að lifa drauminn

Hjalta hefur alltaf dreymt um að vera með matvagn, en nýlega ákvað hann að láta drauminn rætast og opnaði veitingastað með vini sínum.

„Staðurinn heitir Two Guys og er á Klapparstig. Ég var í vinnu sem ég var kominn með leið á og vissi ekki hvað ég átti að gera. Ég kynntist smasshamborgurum fyrir sjö árum í Svíþjóð og það var eins og himnarnir opnuðust. Ég hafði samt aldrei fengið jafn góðan smasshamborgara á Íslandi. Svo ég sagði við konuna mína: Eigum við að opna smasshamborgarastað? og hún studdi hugmyndina,“ segir Hjalti. „Ég hafði samband við félag minn sem er kokkur til að fá hann til að draga mig niður á jörðina, en honum fannst þetta frábær hugmynd, svo við ákváðum að gera þetta af fullum krafti. Í versta falli myndi það klikka, en þá fengi ég að upplifa drauminn. En svo er þetta ekkert að klikka, þannig að ég er að lifa drauminn.“

Áhugasamir geta fylgst með Hjalta á Instagram undir nafninu grillarinn_a_pallinum. Grillfedurnir eru líka á Snapchat undir nafninu grillfedurnir.



Ægir Emilsson stendur hér við Napoleon grillin sem eru til í úrvali í Byko í Breiddinni. Svarta matta grillið er Napoleon Phantom Rogue SE425 R.BR/IR SD, ný tegund af Napoleon grilli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gæða grill í úrvali

Hjá Byko fæst úrval af grillum af öllum stærðum og gerðum. Bæði gasgrill og kolagrill, sem njóta sífellt aukinna vinsælda. Byko selur líka ýmsa aukahluti fyrir grillarann sem gera eldamennskuna meira spennandi.

Byko hefur lengi selt Napoleon grillin en í versluninni fást margar týpur af þeirri tegund. Þau fást í öllum stærðum, allt frá ferðagassgrilli upp í grill sem jafnast á við heilt eldhús, að sögn Ægis Emilssonar svæðisstjóra árstíða/heimilisvörudeildar hjá Byko í Breiddinni.

„Napoleon grillin eru framarlega í framleiðslu á brennurum sem ná fram gríðarlegum afköstum. Ég hef heyrt að Napoleon grillin séu alveg samkeppnishæf við Weber. Brennararnir eru mjög góðir í að ná hitanum upp. Þetta eru grill sem endast lengi og ef það vantar varahluti í þau þá erum við fljótir að bregðast við og panta þá,“ segir Ægir.

„Grillin eru flest svört og úr burstuðu stáli og það þarf ákveðna meðhöndlum til að það setjist ekki á þau. Það sest alltaf eitthvað smá á grill í svona veðráttu eins og við erum með hér á Íslandi. En þessi grill þola samt veðrið hér vel og það er vel hægt að nota þau allt árið.“

Ægir segir að eins og er séu tilboð hjá Byko á útvöldum Napoleon grillum af stærri gerðinni.

„Við erum dugleg að auglýsa tilboð og útsölu svo ég bið fólk bara að fylgjast vel með og koma í búðina og skoða. Við erum með allar týpur af grillum uppsettar í búðinni svo hægt er að skoða þau,“ segir hann.

Hátt í 1.000 gráður

Ein nýjung í gasgrillum er svokallað sizzle zone. Það er hliðarbrennari sem nær hátt upp í 1.000 gráðu hita. Það er því upplagt að nota sizzle zone brennarann til að loka steikinni áður en hún er grilluð á aðalgrillsvæðinu.

„Nokkur Napoleon grillanna eru með sizzle zone. Til dæmis Napoleon Phantom Rogue SE425



Kamado kolagrillin fást í ýmsum stærðum og litum. Þessa dagana eru þau á sérstöku tilboði Byko.



Marienburg viðarkolin hafa reynst vel.

R.BR/IR SD. Það er ný tegund af Napoleon grilli sem við höfum ekki verið með áður. Phantom Rogue er af þægilegri stærð með þremur aðalbrennurum, innrauðum hliðar- og bakbrennurum og sizzle zone. Það er matt svart alveg frá loki og niður úr eins og er svo vinsælt núna. Grillið er með ryðfríum grindum úr ryðfríu stáli. Aðalbrennarinn afkastar einhverjum 24 kílóvöttum sem skiptir máli upp á að ná hitanum fljótt upp aftur þegar verið er að opna grillið og snúa steikinni,“ segir Ægir.

„Innrauður bakbrennari er góður til að jafna hitann, til dæmis ef verið er að grilla kjúkling á teini eða þegar læri er heilgrillað. Það er líka upplagt að nota þetta sizzle zone til að brassera á því, til dæmis með wokpönnu. Annað dæmi um Napoleon grill með sizzle zone innrauðum brennurum er til dæmis Prestige Pro.“

Kamado kolagrill á tilboði

Kolagrill standa alltaf fyrir sínu en Byko hóf nýlega sölu á Kamado kolagrillum. Þetta eru egglega grill í ýmsum stærðum og ýmsum litum. Þessa dagana eru Kamado grillin á sérstöku tilboði í Byko og því kjörið að nýta tækifærið og fjárfesta í einu slíku, að sögn Ægis.

„Kamado merkið er mjög framarlega í kolagrillum. Þau eru frá 41 cm í þvermál upp í 66 cm. Það fylgir hellingur af aukahlutum með grillunum en þau eru mjög góð til dæmis til að grilla heilan kjúkling og eins má nota þau til heitreykingar,“ segir hann.

„Við prófuðum nokkur stykki af Kamado grillunum í haust og leist það vel á þau að við ákváðum að taka þau inn. Það hefur reynst vonum framar. Grillin eru mjög hentug til að hægelda á lágum hita á löngum tíma af því grillgrindurnar standa hærra frá kolunum. Það er líka hægt að baka í grillinum og þau eru mjög auðveld í viðhaldi.“

Byko selur margar gerðir af grillkolum sem má nota í Kamado grillin en Ægir segir að þau hjá fyrirtækinu hafi sérstaklega góða reynslu af Marienburg viðarkolunum.

„Það eru þrjár stærðir af pokum af Marienburg kolunum: 10 kg, 6,5 kg og 3,6 kg. Kolin eru mjög vinsæl og halda hitanum mjög vel.“

Úrval aukahluta

Hægt er að kaupa varahluti í grillin í Byko auk ýmiss konar aukahluta til að gera eldamennskuna auðveldari og skemmtilegri.

„Við erum með mjög breitt úrval. Við seljum pitsusteina og ýmiss konar tangir.“

Grillmottur og grillteina og bara ýmislegt. Það er hægt að skoða úrvalið í verslunum Byko eða á vefsíðunni Byko.is,“ segir Ægir.

„Við seljum líka hreinsiefni sem er mælt með að nota á grillin. Við byrjuðum að selja Napoleon grillin árið 2005 en þau hafa komið vel út og reynst vel. Þetta eru allt gæðavörur. Bæði grillin og fylgihlutir.“

1x
Brennarar | 2,64 kW/klst
Orkunotkun



LENDIR
Í NÆSTU
VIKU

Weber
Q1200 gasgrill m. hliðarborði

- Grillflötur: 32x42 cm
- Slanga fyrir einnota gaskút
- Innfellanleg hliðarborð

39.995

2x
Brennarar | 6,35 kW/klst
Orkunotkun



Weber
Q3200 gasgrill á föstum fótum

- Rafstýrður kveikjurofi og ljós í handfangi
- Pottjárns grillgrindur 63 x 45 cm
- Niðurfellanleg hliðarborð

84.995

Eða 8.086 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 97.030 kr. - ÁHK 29%

NJÓTTU ÞÍN VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR

1x
Brennari | 3,51 kW/klst
Orkunotkun

Weber
Q2200 gasgrill á fótum

- Grillflötur 39 x 54 cm
- Rafstýrður kveikjurofi
- Innfellanleg hliðarborð

Q2200F

LENDIR
Í NÆSTU
VIKU

57.995

Eða 5.699 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 68.390 kr. - ÁHK 38%

3x
Brennarar | 8,79 kW/klst
Orkunotkun



LENDIR
Í NÆSTU
VIKU

Weber
Spirit II E-310 GBS gasgrill

- Rafstýrður kveikjurofi og BBQ system
- Pottjárns grillgrindur 60 x 45 cm
- Bragðburstir og ryðfrí hliðarborð

E310SPIRIT2

89.995

Eða 8.517 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 102.205 kr. - ÁHK 28%

3x
Brennarar | 9,38 kW/klst
Orkunotkun



Weber
Spirit E-315 GBS gasgrill

- Rafstýrður kveikjurofi og lokaður skápur
- Pottjárns grillgrindur - „BBQ system“
- Ryðfrítt stál í bragðburstum
- Postulín-glerungshúðað lok - svart

E315SPIR

99.995

Eða 9.380 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 112.555 kr. - ÁHK 26%

ÍSLENSKUR ÞJÓNUSTUAÐILI

Öll Weber-grill úr ELKO eru þjónustuð
af umboðsaðila Weber á Íslandi.



Weber
Original Kettle E-5730 kolagrill

- Preföld nikkelhúð á grillgrind
- Postulínshúðað lok og skál
- Hitastýring í loki og skál
- Auðþrífinn öskupottur

WC14201004

38.995

KOLAGRILL & REYKHÚS



Weber
Master-Touch Premium GBS kolagrill

- Grilla - Reykja - „Low & Slow“ grillun
- Ryðfrí grillgrind, „BBQ System“
- Postulín-glerungshúðað lok og skál
- Lok með lóm og hitamæli.

WC17401004

56.995

Eða 5.601 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 67.211 kr. - ÁHK 38%



Weber
álbakkar

- Fitubakki fyrir Weber grill, 10 í pakka
- Hentar fyrir Q, Spirit og Genesis grill

WA6415

795



Weber
grillkol 4 kg

- 4 kg poki, WEBER gæði
- Uppkveiktími: 20 mín.
- Allt að 3 klst. ending

WA17590

1.595



Weber
hreinsiefni fyrir grillgrindur

- Hágæða hreinsiefni - 300 ml
- Fyrir grillgrindur og bragðburstir

WA17875

1.695



Weber
Original hamburgarapressa

- Gerir 125g eða 250g borgara
- Úr plasti, einfalt að þrifa

WA6483

2.195

GRILLTÍÐIN ER HAFIN



3x Brennarar | 11,0 kW/klst Orkunotkun

Weber Genesis E-310 GBS gasgrill

- Pottjárns grillgrindur, BBQ still
- Grillflötur 68cm x 48cm
- Rafstýrður kveikjurofi og hitamælir í loki

E310GEN

1x Brennari | 3,69 kW/klst Orkunotkun



Austin ferðagasgrill

- Innfellanleg hliðarborð
- Hentar fyrir stóra gaskúta
- Lagt saman, auðvelt að flytja

SRX1716

14.995

129.995

Eða 11.967 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 143.605 kr. - ÁHK 21%

FÁÐU GRILLIÐ SAMSETT & SENT HEIM

Eingöngu í boði á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar á elko.is

6x Brennarar | 17,6 kW/klst Orkunotkun



Weber Genesis II E-610 GBS gasgrill

- Pottjárns grillgrindur, BBQ still
- Grillflötur 103cm x 48cm
- Rafstýrður kveikjurofi og hitamælir í loki

E610GENESIS

214.995

Eða 19.298 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 231.580 kr. - ÁHK 15%

3x Brennarar | 11,4 kW/klst Orkunotkun



Weber Genesis II EP-335 GBS gasgrill

- BBQ pottjárnsgrindur og gashella
- Auka brennari „Sear Station“ 2,64 kW
- Rafstýrður kveikjurofi og hitamælir í loki

EP335GEN

219.995

Eða 19.730 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 236.765 kr. - ÁHK 15%



Weber Pulse 2000 rafmagnsgrill

- Rafmagnsgrill 2,2 KW / 230V
- 2 hitasvæði, grillflötur 49 x 39 cm
- Innbyggður iGrill mælir, 2 þræðir fylgjja
- Öflug hjólagrind og niðurfellanlegt borð

PULSE2000

139.995

Eða 12.830 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. lán á 0% vöxtum - Alls 153.955 kr. - ÁHK 20%

MMM! GRILLUÐ PIZZA




Weber pizzasteinn m. plötu

- Hringlaga 36,5 cm í þvermál
- Álplata fyrir tilfærslur fylgir

WA17058

5.995



Weber iGrill Mini kjøthitamælir

- Þráðlaus kjøthitamælir
- Bluetooth með 45m drægni
- Android og Apple

WA7220

10.995



Weber T-laga grillbursti

- 30 cm T-laga grillbursti
- Nær vel inn í öll horn

WA6494

1.895



Weber stafrænn kjøthitamælir

- Litill kjøthitamælir
- Skjár með stórum tölum
- Slekkur sjálfur á sér

WA6750

3.495

ELKO



Það er einhver galdur við kolagrillin

Finnur Pálmi Magnússon hefur lengi haft mikinn áhuga á matargerð og grilluðum mat. Hann eignaðist draumagrillið í síðasta mánuði og sumarið mun innihalda ýmsar spennandi nýjungar.

Matar- og grilláhugi Finns Pálma Magnússonar byrjaði á unga aldri en faðir hans hóf snemma að fíkta við framandi matargerð heima fyrir þar sem ný og spennandi krydd spiludu stóran þátt og matreiðslubækur með flóknum uppskriftum. Seinna meir flutti hann til London þar sem hann bjó í þrjú ár nálægt Borough market og þar skaust mataráhuginn að hans sögn upp í gegnum þakið. „Þar var ég kominn í góð samskipti við slátrara og hafði aðgang að gnægtaþorði breska landbúnaðarins í hverri viku. Við Hjörtur vinur minn fórum oft en ekki á markaðsdegi og keyptum vel hangið kjöt og alls kyns gúmmelaði með því. Svo var setið á svölum með svalandi drykk og grillað.“

Á þessum árum ferðaðist hann líka tvisvar með Hirti vini sínum til Simbabwe þar sem var mikið setið kringum eld og galdraðar fram miklar kræsingar, til dæmis kjöt, fiskur, pylsur og pottréttir.

Úrvalið aukist undanfarin ár

Árið 2008 flutti hann innblásinn heim að eigin sögn og eignaðist sitt fyrsta gasgrill sem var þó hálfgerð drasl. „Ég tengdi ekki mikið við það auk þess sem ég átti í miklu þunglyndissambandi við kjöt- og grænmetisúrvalið á Klakanum. Það hefur þó batnað nokkuð á síðustu árum með endurvakningu sérverslana með kjöt, holdanaútsræktun og svo flytur Austurlands Food Coop inn ferskt grænmeti sem ekki er flokkað sem svínafóður.“

Það var svo fyrir um tíu árum þegar botninn úr ryðgáða gasgrillinu hrundi og hann festi kaup á forlátu Weber-kolagrilli sem ástríðan firaðist upp. „Ég áttaði mig á því að þessi blessuðu gasgrill sem landinn elskar svo mikið eru ekkert meira en ofvaxin grillpanna. Ég gat náð nákvæmlega sama árangri með ofni og ríflaðri pottjárnspönnu í eldhúsinu. Að elda er, eins og nafnið gefur til kynna, eitthvað sem þú gerir yfir eldi. Allt annað er bara einhver útgáfa af því að búa til mat. Það getur hver sem er hitað upp steypujárn með gasi. En að kynda upp í einhvers konar kolum, raða þeim upp eftir kúnstarinnar reglum, stilla til hitann og fá svo bragðið sem myndast þegar fitan



Finnur Pálmi er með tvö grill á svölum. Hann kysir að nota kolagrill fremur en gasgrill. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

brennur í kolum án þess að kveikja í öllu draslinu. Það er einhver galdur sem ég tengi mjög sterkt við á „primal“ hátt.“

Draumagrillið í hús

Finnur grillar allt árið og segist vera jafn lengi að hita upp kolin í uppkveikistauknum sínum og það tekur að hita upp gasgrill. „Mér finnst skemmtilegast að bjóða fólki í mat sem hefur ekki smakkað kolagrillaða máltíð í mörg ár og sjá upplitið á þeim þegar bragðlaukararnir sperra upp augun.“

Í síðasta mánuði var honum bent á að draumagrillið hans væri á 30% afslætti. „Vinnufélagi minn hafði keypt síðasta Weber Summit Kamado kolagrillið með borði og ég náldi mér í litla bróður þess sem er fristandandi. Mig hefur dreymt um þetta grill í nokkur ár en hafði bara ekki getað réttlætt verðið á því fyrir mér. Þegar þetta síðasta grillið á landinu fór á útsölu gat ég sannfært sjálfan mig um að ég væri í raun að spara helling með því að kaupa það núna og þetta yrði líklega síðasta grillið sem ég þyrfti. Þetta grill er mjög mikið notað til að reykja mat á lágum hita í langan tíma. Sannkalladur kóngur kolagrillanna. Ætli ég hafi ekki grillað flesta daga síðan ég fékk það, þar á meðal fimm tíma rif og í vikunni prófaði ég níu klukkutíma reyktan nautabóg.“

Meira fiskmeti á grillið

Það er ýmislegt hráefni sem endar á grillinu og nefnir hann



Grænmeti á grillið er eitthvað sem allir ættu að prófa. MYNDIR/ADSENDAR



Góð nautasteik er vinsæll réttur.

til dæmis hægeldað reverse-sear ribeye í heilu og úrbeinað lambalæri. „Við höfum aðeins reynt að draga úr kjötáti og því lendir fiskur og grænmeti oft á teinunum, til dæmis grillaður silungur, lax, humar og hörpudiskur. Svo grillum við líka reglulega pitsur. Um leið erum við að mestu hætt í rjómasósum og majónesinu en



Finnur Pálmi prófar margt á grillið.

notum þeim mun meira af olíum og chimichurri. Eins höfum við verið að prófa okkur áfram með kóreskar marineringar, innblásið af vinkonu kærustu minnar sem kemur þaðan.“

Margar nýjungar í sumar

Með nýja grillið sér við hlið mun sumarið einkennast af ýmsum

nýjungum. „Planið er til dæmis að mastera alvöru BBQ þar sem brisaket, pulled pork og jafnvel heimgert beikon gætu lent á teinunum. Þá er þælingin að vakna fyrir allar aldir og krafsa í kolum fram á kvöld. Ég eignaðist líka cedarplanka til að reykja heil laxaflök yfir lengri tíma. Við munum svo halda áfram að gera tilraunir með kryddlegi, reyna að finna skrítna vöðva eins og kinnar og nautarif. Annað sem ég hef aðeins verið að kynna mér er asado-grillhefðin í Argentínu þar sem fólk grillar saman allan daginn. Mig dreymir um að smíða kross til að heilgrilla lamb yfir kolabeði í góðum félagskap. Veit samt ekki hvort það næst á þessu ári. Það er svo margt sem maður á eftir að prófa.“

Bulgogi-kjötræmur

Ribeye eða flanksteik

Þessi réttur er mjög vinsæll á heimilinu en uppskriftin að kryddleginum er svolítið slump. Þetta er kóreskur réttur og uppistaðan er Gochujang-piparmaukið og ristud sesamolía sem fæst meðal annars í versluninni Dai Phat í Faxafeni í Reykjavík. Kjötíð getur verið ribeye eða flanksteik sem er kæld og skorin í eins þunnar ræmur og þú treystir til að haldi sér á grillinu.

Marineringin er síðan í nokkuð jöfnum hlutföllum:

Gochujang

Ristuð sesamolía

Soja

Engifer

Hvítlaukur

Þúðursykur

Svo kallar upprunalega uppskriftin á asíska peru sem ég hef aldrei séð, en ég nota annaðhvort finskorið epli eða litið þroskaða peru.

Sesamfræ

Best að hræra þessu saman og smakka þar til hitinn og sesambragðið nær góðu jafnvægi. Svo löðra ég þessu á kjötíð en held slatta til hliðar fyrir máltíðina. Læt þetta standa í minnst klukkutíma og helst yfir nótt. Mér skilst að perurnar hjálpi til við að gera kjötíð meyrara. Svo er þetta grillað yfir glóðheitum kolum í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Ef kjötræmur eru þykkar má taka aðeins af kolum til hliðar í lokin og láta kjötíð ná 40-50 gráðu kjarnhita. Kjötíð er borðað sem fingramatur og vafið í til dæmis bok choy-kálblað með restinni af marineringunni.

KOSAN SMELLUGAS

Einfalt, fljótlegt og öruggt

FÆST Á OLÍS



KOSAN
BIOMIXO
40



5 OG 10 KG
KÚTAR

MUNA marineraður lax í hamborgarabrauði

Með hækandi sól draga landsmenn nú í óðaönn fram grillin og rifja upp grilltaktana. María Gomez, matarbloggari og uppskriftahönnuður muna.is, byrjar grillsumarið á einstaklega hollum og bragðgóðum laxaborgurum og hvetur landsmenn til að grilla fjölbreyttan mat í sumar.

Borgarinn er einfaldur í framkvæmd. María byrjar á að setja í góða marineringu og hræra í holla góða sósu með. Laxinn þarf einungis að marinerast í 30 mínútur áður en hann fer á grillið. Með borgaranum ber María fram ferskan grillaðan aspas sem er súper auðvelt að gera. Hún penslar hann með sítrónuolíu frá MUNA, saltar, pipar og stráir svo smá parmesan yfir að lokum.

Leynihraefnið í marinerungunni er sítrónuólífuolían góða frá MUNA en hvað er betra með laxi en ljúfur sítrónukeimur? Marineringin er í senn sæt og sölt en þar skipar góða blómahunangi frá MUNA sinn sess með djúpu og góðu hunangsbragði. Gott grillbragðið skín í gegn og hver bita er gómsætur að sögn Maríu. Hún segir engan þurfa að hafa samviskubit því máltíðin sé hlaðin góðri næringu og vítamínum sem kroppurinn þarfnast.

Hún notast við hefðbundið hvítt hamborgarabrauð en því má skipta úr fyrir grófara brauð en til er gott úrval af alls kyns grófum bollum sem nota má í staðinn. Aspasinn kemur svo í staðinn fyrir frönskurnar en hún notaði afgangssósu til að dýfa honum í og segir það algjört lostæti. Uppskriftin er fyrir fjóra.

Marinering

[½ dl sojasósa](#)

[½ dl blómahunang frá MUNA](#)

[1 dl vatn](#)

[½ dl sítrónuólífuolía frá MUNA](#)

[Börkur af einni sítrónu](#)

[½ tsk. hvítlauksduft \(ath. ekki hvítlauksalt heldur Garlic Powder eða hvítlauksduft\)](#)



Leynihraefnið er sítrónuolían frá MUNA en sítróna smellpassar með laxi.

[½ tsk. laukduft \(Onion Powder\)](#)
[Nokkrar chiliflögur en má sleppa](#)
[Gróft salt til að nota við grillið](#)

Hrærið öllum hraefnum nema sítrónuberki saman í eldfast mót. Raspið börkinn af sítrónunni saman við, en passið vel að taka bara gula partinn, alls ekki fara ofan í hvíta lagið því það er rammt á bragðið. Skerið svo laxaflakið í 4 vænar sneidar. Leggjið hverja sneið með bleika partinn á grúfu ofan í marinerunguna og dreifið henni yfir allar sneiðarnar. Látið standa í marinerungunni uppi á borði í minnst 30 mínútur (lengur ef vill en þá í kæli).

Fetaosta- og hvítlauksjógurtsósa

[250 g lifrænt ræktuð grísk jógúrt](#)
[65 g fetaostakubbur án olíu](#)
[3-4 marin hvítlausrif](#)
[Safi úr ½ sítrónu](#)
[1 tsk. gróft salt og svartur pipar](#)
[½ tsk. cumin \(ath. ekki kúmen\)](#)
[1 msk. Blómahunang frá MUNA](#)
[Ferskt dill eftir smekk](#)

Hrærið jógúrtina upp í skál og blandið saman við hana hunangi, kryddum, salti og pipar. Merjið hvítlausrifin út í og hrærið vel saman. Stappið næst fetaostakubbinn vel með gaffli og hellið



Marinering með MUNA blómahunangi og sítrónuolíu setur punktinn yfir í-ð.

saman við hann sítrónusafanum meðan þið stappið. Bætið svo út í grískri jógúrt ásamt smátt skornu dilli og hrærið vel saman. Geymið í kæli meðan þið grillið laxinn og útbúið restina af matnum.

Annað hraefni

[1 stk. laxaflak stórt](#)
[2 avókadó](#)
[Lambhagasalat í potti](#)
[Ferskt timjan í potti eða klettasalat eða spinatkál, ykkar er valið rauðlaukur](#)
[4 hamborgarabrauð eða grófar brauðbollur að eigin vali](#)
[Eitt búnt af ferskum aspas](#)
[Sítrónuólífuolía](#)
[Salt og pipar](#)
[Parmesanostur](#)

Matreiðsla og samsetning

Undirbúið nú aspasinn, takið af honum endann. Það er gert með því að beygja hann og þá brotnar endinn sjálfkrafa af sem á ekki að elda með. Setjið aspasinn á fat og hellið sítrónuólífuolíu yfir hann og saltið og piprið. Kveikið upp í grillinu og þegar það er heitt lækkið þá aðeins í því og setjið þá laxinn á

» Máltíðin er hlaðin góðri næringu og vítamínum.

með roðið niður og saltið með grófu salti bara létt yfir. Penslið á hann reglulega með marinerungunni sem er eftir í fatinu þegar laxinn er orðin fallega bleikur inn að miðju snúið honum þá niður á hvolf en gott er að setja hann þá á efri hillu en ekki beint yfir hitann. Takið fiskinn af þegar hann er búin að taka á sig fallegan bleikan lit og passið að ofelda hann ekki. Aspasinn þarf ca. 5 mínútur á grillinu og því er gott að setja aspasinn á þegar um 5 mínútur eru eftir af laxinum. Hitið hamborgarabrauð á grillinu ef þið viljið. Setjið fetasósu á neðra brauðið, næst kál og rauðlauk, laxinn þar ofan á og avókadó. Setjið svo aftur sósu yfir allt og annað hvort ferskt timjan (alls ekki þurrkað), eða klettasalat eða spinatkál og lokið svo með efra lokinu.

Raspið parmesan yfir nýgrillaðan aspasinn og berið fram. Verði ykkur að góðu.

MUNA

HIMNESK HOLLUSTA

Muna
lifrænu
olíurnar

MUNA.IS muna_himneskhollusta

Nauðsynlegt að kjötið fái að hvíla

Jón Gísli Jónsson er menntaður kjötiðnaðarmaður. Hann hefur haft áhuga á mat og steikum frá unglingsaldri og byrjaði að fíkta við að grilla í kringum 2012. Hann heldur úti Instagramsíðu þar sem hann deilir myndum af afrakstri sínum á grillsviðinu.

sandragudrun@frettabladid.is

Jón Gísli vinnur í Kjötkompani ásamt því að vera meðlimur í landsliði kjötiðnaðarmanna. Hann hefur verið sérstaklega iðinn á grillinu undanfarin ár og segist vera einn af þeim sem grilla allt árið, sama hvernig viðrar.

„Grillið sem ég grilla á í dag er Weber genesis E 310. Það hentar mér mjög vel þar sem það er með GBS (e. gourmet bbq system), sem býður upp á skemmtilega möguleika. Þú getur tekið miðjuna af grillgrindinni úr og sett í staðinn pitsustein, wokpönnu, pönnu, dutch ofnpott fyrirhægeldun og margt fleira,“ segir hann.

„Það sem er lyklatríði þegar maður er að grilla er að hugsa vel um grillið sitt, þrifa það reglulega að utan og eftir hverja grillun.“

Jóni Gísla finnst nauðsynlegt að eiga góðan kjarnhitamæli svo hann geti stjórnað því nákvæmlega hvernig kjötið er grillað.

„Þegar ég grilla stærri steikur þá notast ég yfirleitt við „reverse sear“ aðferðina. Sú aðferð virkar þannig að maður eldar í óbeinum hita. Ég er með þrjá brennara í mínu grilli en ég er bara með kveikt á einum endabrennara og reyni að stýra hitastiginu í 100-120 gráður. Svo set ég steikina í hinn endann á grillinu þar sem það er slökkt undir. Þegar réttum kjarnhita er náð tek ég steikina af grillinu og kveiki á öllum brennurum í botn og bið þar til grillið nær 250-350 gráðu hita. Þá set ég steikina aftur á grillið í ca. 1-1,5 mínútur á hlið,“ útskýrir Jón Gísli.

Hann segir að með þessari aðferð fáist jafnari eldun og rýrnum verði minni.

„Þegar ég elda nautasteikur með þessari aðferð þá tek ég kjötið af í 49-50 gráðum til þess að ná medium rare eða medium eldun. Þegar ég grilla lamb tek ég kjötið af í 55-58 gráðum fyrir medium til medium well eldun. Þegar ég grilla minni eða þynnri steikur þá reyni ég að hafa grillið í 250-350 gráðum og tek kjötið af þegar hitinn er fjórum gráðum lægri en ég vil að kjötið endi í. Það er af því kjöt heldur áfram að eldast eftir að það er tekið af grillinu á meðan það fær að hvíla. Sérstaklega þegar eldað er á háum hita þá



Jón Gísli er kjötiðnaðarmaður með ástriðu fyrir að grilla. MYNDIR/ÁÐSENDAR

er alltaf hægt að áætla að steikin muni hækka um 4-6 gráður meðan steikin hvílir,“ útskýrir hann.

Jón Gísli segir nauðsynlegt að kjöt fái að hvíla eftir eldun. Það er gert til þess að kjötið fái að jafna sig.

„Ef þú skerð í steik sem ekki hefur fengið að hvíla áttu á hættu að það leki mikill safi úr steikinni og það viljum við ekki. Minni steikur þurfa 7-12 mínútur í hvíld en stærri steikur þurfa 12-15 mínútur.“

Hægt er að fylgjast með grillævintýrum Jóns Gísla á Instagramsíðunni theicelandicbuthcer.

Nauta T-bone með hasselback og smjörsteiktum sveppum

[800-900 g T-bone steik](#)
[Bökunarkartöflur](#)
[Sveppir](#)
[Smjör](#)
[Sveppateningur \(Knorr\)](#)
[Steinselja \(ekki nauðsynlegt\)](#)
[Ferskt timjan \(ekki nauðsynlegt\)](#)
[Salt](#)
[Pipar](#)
[SPG blanda frá BBQ Kónginum](#)

Aðferð:

Byrjaðu á því að pensla t-bone steikina með olíu og stráðu svo SPG blöndu frá BBQ Kónginum yfir steikina (eða bara salti og pipar).

Leggðu kartöflurnar á milli tveggja skurðarbretta þegar skorið er í þær svo þú skerir ekki í gegnum þær. Reyndu að skera rákir með 3-4 mm bili án þess að fara í gegn. Því næst veltirðu kartöflunum upp úr olíu og stráir salti og pipar yfir.

Saxaðu sveppina í litlar sneiðar.

T-bone steikin er elduð með reverse sear aðferð. Kjarnhitamæli er stungið í fille-ið (lengri stærri vöðvinn) og kjötið er eldað þar til það nær 49 gráðum. Þá er steikin tekin af og grillið kynt í botn því næst fer steikin aftur á í 1-1,5 mínútur á hvorri hlið. Rétt áður en steikin nær 49 gráðum er gott að setja pottjárnspönnu á grillið og smjör á hana, um 150 grömm, og leyfa því að byrja að bráðna. Þegar grillið fer að hitna skellirðu sveppunum og sveppateningnum á pönnuna (líka hægt að gera þetta á helluborði).

Ef hasselback-kartöflurnar eru eldaðar í ofni er gott að setja smjörklípu yfir hverja kartöflu þegar þær eru hálfnaðar í eldunartíma.

Ef þær eru grillaðar þá mæli ég með að setja þær 30-40 mínútum á undan kjötinu á grillið (ráðlegg ekki smjör yfir kartöflurnar á grilli vegna eldhættu) þegar kartöflur eru klárar eru gott að setja ferskt timjan yfir þær. Og saxaðu steinselju yfir sveppina. Kartöflurnar þurfa að bakast í um það bil 50-60 mínútur á 180-200 gráðum.



Nauta T-bone með hasselback-kartöflum. T-bone steikin er elduð með reverse sear aðferð.



Steikarsalat með flanksteik er ferskur og góður grillmat.

Steikarsalat með flanksteik

[Flanksteik 500-700 g \(1 stk.\)](#)
[Vaxa-salatblanda](#)
[Pera](#)
[Rauðlaukur](#)
[Piccolo-tómatar](#)
[Paprika](#)
[Furuhnetur](#)
[Parmesanostur](#)
[Hellmans caesar with smoked garlic](#)
[Salt](#)
[Pipar](#)

Gott er að byrja á því að rista furuhneturnar. Næst seturðu salatblönduna í skál og skerð niður peruna, rauðlaukinn, tómatana og paprikuna í þá stærð sem þú vilt hafa og dreifir yfir vaxa salatblönduna ásamt furuhnetunum.

Berðu olíu á steikina og stráðu salti og pipar yfir. Grillið



Fylltir portobellosveppir og fylltar paprikur eru ljúffengt meðlæti.

þarf að ná 250-300 gráðum. Grillaðu steikina í 2,5-3 mínútur á hvorri hlið.

Steikin þarf 7-10 mínútur í hvíld og það er afar mikilvægt að skera hana í þunnar sneiðar þvert á kjötþræðina, annars getur hún verið seig. Því næst er steikinni raðað yfir salatið. Rífðu vel af parmesan yfir ásamt caesar-dressingunni.

Grillmeðlæti

Fylltir portobellosveppir með rjómaosti með reyktri papriku og chilli ásamt smátt skornum ferskum hvítlauk, steinselju og rifnum mexicoosti.

Fyllt paprika með rjómaosti með blaðlauk og lauk ásamt smátt skornum hvítlauk, steinselju og rifnum piparosti.

Grillið meðlætið í 10-15 mínútur.

BULL'S-EYE

ESTD 1985



KOMDU STERKUR INN Í GRILLSUMARIÐ!

UPPRUNNIN Í AMERÍKU. BULL'S-EYE GRILLSÓSAN HEFUR FÆRT GRILLMENNINGUNA Á HÆRRA PLAN FRÁ ÞVÍ 1985.

EINUNGIS EKTA BRAGÐ. BULL'S EYE GRILLSÓSURNAR ERU EINSTAKLEGA GÓÐ SAMSETNING AF KRAFTMIKLU BRAGÐI OG REYK.

ÞRÓUÐ AF GRILLÁHUGAMÖNNUM FYRIR ÞÁ SEM Hafa ÁSTRÍÐU FYRIR GRILLKJÖTI OG KRAFTMIKLU BRAGÐI. ÞAÐ ER EKKERT SEM BULL'S EYE GETUR EKKI HÖNDLAÐ. ALLT FRÁ VÆNGJUM OG YFIR Í RIBEYE, BULL'S EYE SÉR UM ÞIG.

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



Skólastjóri



Staða skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst næstkomandi.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir víðtækri þekkingu á skólastarfi, hefur sýnt góðan árangur í störfum sínum og hefur getu til að leiða skólann áfram undir merkjum hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar – uppbyggingar sjálfsaga og einkunnarorða skólans um virðingu, vellíðan og virkni.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veitir skólanum faglega forystu og leiðir fjölbreytt og skapandi skólastarf í samræmi við grunnskólalög, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu sveitarfélagsins
- Samvinna við fræðslufirvöld í sveitarfélaginu um stefnumótun og ákvarðanatökur
- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans, m.a. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun
- Stuðlar að framförum, árangri, velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks
- Þróar og fylgir eftir framsækinni sýn, stefnu og skólamenningu í samstarfi við starfsfólk, nemendur og foreldra
- Samstarf við aðila skólasamfélagsins í Grindavík

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari, auk kennslu- og stjórnunarreynslu í grunnskóla
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða reynsla sem veitir sérhæfða hæfni, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 95/2019
- Leiðtogahæfni og reynsla af faglegri forystu á sviði skólamála í grunnskóla
- Þekking og reynsla á stjórnsýslu, fjármálastjórn og starfsmannamálum
- Góð þekking á notkun upplýsingatækni í kennslu
- Lipurð í samstarfi og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **12. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í stöðu skólastjóra grunnskóla, ásamt afriti af prófskírteinum. Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjóri byggingaframkvæmda



Arctic Fish óskar eftir að ráða öflugan aðila í stöðu verkefnastjóra framkvæmda. Meðal verkefna sem framundan eru er stækkun seiðaeldisstöðvarinnar í Norðurbotni, Tálknafirði, sem hefst vorið 2021. Um er að ræða 5.000 m² byggingu með 8.000 m³ af kerjum. Starfsstöð getur verið á Tálknafirði eða á Ísafirði.

Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með framkvæmdum, áætlanagerð og skipulagningu stækkunarverkefnisins ásamt öðrum framkvæmdaverkefnum næstu árin. Viðkomandi mun leiða saman ýmsa aðila til að ná fram skilvirkri hönnun sem tryggir árangursríka framleiðslu á hágæða seiðum. Verkefnastjóri heyrir undir forstjóra Arctic Fish.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirstjórn á byggingarstað
- Skipulagning, áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samhæfing og samstarf við ráðgjafa og aðra stjórnendur
- Eftirfylgni með tíma- og kostnaðaráætlunum og með undirverktökum
- Samhæfing og upplýsingamiðlun við undirverktaka og birgja
- Stuðla að þátttöku og samkennd hjá starfsfólki seiðaeldisstöðvarinnar í verkefninu
- Samskipti við yfirvöld og hönnuði vegna leyfismála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla innan bygginga og framkvæmda
- Góð reynsla af stjórnun stærri framkvæmdaverkefna
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Áhugi, áreiðanleiki og skipulagshæfileikar
- Reynsla og þekking á RAS kerfum er kostur
- Góð hæfni í ensku í ræðu og riti

Arctic Fish framleiðir hágæða lax í seiðeldisstöð í Tálknafirði og sjókvíum á Vestfjörðum. Markmiðið er að halda áfram að fjárfesta og byggja upp sjálfbæran og arðbæran rekstur, þar sem eldið er í sátt við samfélagið og umhverfið.

Arctic Fish telur að lykillinn að velgengni fyrirtækisins muni byggja á öflugu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að bjóða besta mögulega lax frá Íslandi.

Arctic Fish samanstendur af Arctic Fish, Arctic Sea Farm, Arctic Smolt og Arctic Odda. Arctic Fish sér um eftirlit og stjórnun fyrirtækjanna. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Ísafirði.

Nánari upplýsingar má finna á www.arcticfish.is.

Umsóknarfrestur er til og með **20. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Arctic Fish býður spennandi tækifæri og góðar aðstæður. Launakjör eru samkeppnishæf og vilji er til að skipuleggja starfið þannig að það henti viðkomandi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225, Stein Ove Tveiten, CEO, í síma 843 900 eða Daníel Jakobsson í síma 820 6827.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Aðalbókari



Félagsbústaðir óska eftir að ráða metnaðarfullan og drifandi einstakling til að gegna ábyrgðarmiklu starfi á fjármálasviði fyrirtækisins. Aðalbókari ber m.a. ábyrgð á færslu fjárhagsbókhalds og reglulegri uppgjörsvinnu og stýrir teymi bókara. Um fullt starf er að ræða og heyrir aðalbókari undir sviðsstjóra fjármálasviðs.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð og umsjón með færslu fjárhagsbókhalds
- Ábyrgð á reglulegri uppgjörsvinnu Félagsbústaða
- Ábyrgð á afstemmingum á reikningum birgja, eigna og skulda
- Ábyrgð á skilum virðisaukaskatts og kröfum um endurgreiðslu
- Ábyrgð á gæðamálum bókhalds
- Umsjón með samþykktarferli reikninga
- Skýrslugjöf til innri og ytri aðila
- Kostnaðargreiningar og innra eftirlit
- Þátttaka í þróun bókhalds- og upplýsingakerfa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaránám í reikningskilum og endurskoðun eða sambærilegt nám
- Reynsla af bókhalds- og uppgjörsvinnu
- Reynsla af stjórnunarstörfum eða stjórnun teyma er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni og færni í notkun bókhalds- og upplýsingakerfa
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Mjög góð tölvukunnátta

Félagsbústaðir er öflugt og traust þjónustufyrirtæki á leigumarkaði með um 3.000 íbúðir til útleigu í Reykjavík. Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði 25 manns í anda gilda um samvinnu, virðingu og góða þjónustu.

Félagsbústaðir er sjálfstætt hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og eru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi.

Nánari upplýsingar um Félagsbústaði má finna á www.felagsbustadir.is.

Umsóknarfrestur er til og með **24. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.



Sviðsstjóri byggingasviðs



Ríkiseignir óska eftir að ráða drifandi og framsýnan leiðtoga í starf sviðsstjóra byggingasviðs. Á sviðinu starfa tólf starfsmenn en hlutverk þess er að meta ástand fasteigna með tilliti til viðhaldsþarfa, nauðsynlegra endurbóta og aðlögun að breyttri starfsemi. Sviðsstjóri ber ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri sviðsins ásamt framþróun verkefna. Sviðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra og er hluti af stjórnendateymi stofnunarinnar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannauðsmálum sviðsins
- Yfirumsjón með viðhalds-, breytinga- og endurbótaverkefnum
- Yfirumsjón með gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana
- Yfirsýn yfir verkefnastöðu og eftirfylgni með markmiðum
- Tryggja samræmt verklag sviðsins
- Leiðandi í umbótum, stefnumótun og markmiðasetningu
- Ábyrgð á innkaupum og að þau séu samkvæmt settum lögum og reglum
- Stendur skil á rekstrarniðurstöðum og uppgjöri sviðsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni-, byggingafræði eða sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er kostur
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af mannauðsmálum og geta til að byggja upp öflugt teymi
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af straumlínustjórnun er kostur
- Góð þekking á öryggis-, heilsu- og umhverfismálum
- Góð þekking á lögum og reglum er varða byggingarmál
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð tölvukunnátta, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna. Umsýsla fasteigna felst í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra.

Byggingasvið Ríkiseigna hefur umsjón með um 500 þúsund fermetrum húsnæðis í um 300 fasteignum víðsvegar um landið. Hlutverk sviðsins er að meta ástand fasteigna með tilliti til viðhaldsþarfa, nauðsynlegra endurbóta og aðlögun að breyttri starfsemi. Það fer síðan eftir stærð verkefna hvort þau eru boðin út í opnum útboðum eða sem örútbóð innan rammasamnings.

Nánari upplýsingar um Ríkiseignir má finna á www.rikiseignir.is.

Umsóknarfrestur er til og með **25. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.



Deildarstjóri stjórnstöðvar



RARIK ohf. óskar eftir að ráða deildarstjóra stjórnstöðvar. Stjórnstöð er ný deild sem ber ábyrgð á vöktun dreifikerfis og hitaveitu og sinnir verkefnum sem tengjast því.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í uppbyggingu og mótun stefnu og starfsemi stjórnstöðvar
- Ábyrgð á vöktun og kerfisstjórnun dreifikerfis og vöktun hitaveitna
- Samræming aðgerða stjórnstöðvar og rekstrarsvæða
- Stjórnunarleg ábyrgð á starfsmönnum deildarinnar og góðu starfsumhverfi
- Ábyrgð á uppsetningu og framkvæmd vaktaplans
- Ábyrgð á áætlanagerð, kostnaðareftirliti og frávikagreiningu
- Þátttaka í vöktum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði, -tæknifræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af rekstri raforkukerfis/stjórnstöðvar er æskileg
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar og drifkraftur
- Góð tölva- og tungumálakunnátta

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsfólk RARIK eru um 200 og starfsstöðvar 20.

RARIK hefur á undanförunum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 70% þess er jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.rarik.is

Umsóknarfrestur er til og með **17. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs hjá Seltjarnarnesbæ. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sviðsstjóra sem ber m.a. ábyrgð á skipulagsgerð í bænum í samræmi við lög nr. 123/2010 og reglugerðir og á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög nr. 160/2010 og reglugerðir. Um fullt starf er að ræða í stjórnsýslu bæjarins og heyrir sviðsstjóri beint undir bæjarstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með skipulagsgerð, veitingu byggingarleyfa og eftirliti framkvæmda
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa vegna skipulags- og byggingarleyfa
- Ábyrgð og umsjón með útgáfu byggingarleyfa, vottorða og skráningu mannvirkja
- Yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu, verkfræði- og séruppdráttu
- Ábyrgð á starfsemi þjónustumiðstöðvar, smábátahafnar, eignasjóðs, brunavarna, fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, umhverfismála, umferðar- og samgöngumála, framkvæmda- og viðhaldsmála bæjarins
- Umsjón með náttúruverndarmálum ásamt umhverfis- og hreinlætismálum
- Gerð starfs-, rekstrar-, og framkvæmdaáætlana
- Sviðsstjóri situr fundi skipulags- og umferðarnefndar og umhverfisnefndar bæjarins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Réttindi skipulags- og byggingarfulltrúa
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Leiðtogaþæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði framkvæmda er nauðsynleg
- Æskilegt er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 25.gr. mannvirkjalaga og 7. gr. skipulagslaga
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum bygginga- og skipulagsmálum er æskileg
- Þekking/reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Hjá Seltjarnarnesbæ starfa rúmlega 300 manns. Í skipuriti Seltjarnarnesbæjar er stjórnsýslu og rekstri skipt upp í fjögur svið. Á hverju sviði er einn sviðsstjóri sem ber ábyrgð gagnvart bæjarstjóra á öllum málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

Skipulags- og umhverfissvið hefur umsjón með öllum nýframkvæmdum á vegum bæjarins og allri starfsemi, sem tengist bygginga- og umhverfismálum bæjarins svo sem byggingareftirliti, brunavörnum, eftirliti með eignum bæjarins, gatna- og fráveitukerfum, umhverfismálum, garðyrkju og opnum svæðum. Seltjarnarnesbær rekur sína eigin hitaveitu með fjórum virkum borholum.

Nánari upplýsingar um Seltjarnarnesbæ má finna á www.seltjarnarnes.is.

Umsóknarfrestur er til og með **25. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um. Um launakjör fer eftir ákvörðun bæjarráðs um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkstjóri/Byggingastjóri

Vegna vaxandi verkefna og traustrar verkefnastöðu næstu árin óskum við eftir að ráða reyndan verkstjóra til starfa við daglega stjórn á verkstað í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Dagleg stýring starfsmanna og undirverktaka
- Innri úttektir á gæðum vinnu starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Umsjón með verk- og kostnaðaráætlunum í samráði við verkefnastjóra

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í iðngrein er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af stjórn byggingarverkefna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áráðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir **20. maí**. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 28 ára öflugt, áreiðanlegt og metnaðarfullt verktaka-fyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál ásamt samstarfshæfni. **JÁVERK** er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu **Creditinfo** sem **Framúrskarandi fyrirtæki** á hverju ári frá 2014. Gæðakerfi fyrirtækisins var vottað skv. **ISO 9001** staðlinum árið 2019.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi séu með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og dugmikið starfsmannafélag stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannaveita er mjög lítil. **JÁVERK** leggur áherslu á að ráða kraftmikið og metnaðarfullt fólk sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

JÁVERK
Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK

Veðurstofa Íslands

Vísindi á vakt

VILTU BYGGJA BRÚ MILLI VÍSINDA OG SAMFÉLAGS?

Veðurstofa Íslands leitar að öflugum einstaklingi í starf yfirmanns nýrrar skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar. Verkefni skrifstofunnar henta þeim sem búa yfir getu til að leiða fólk til samvinnu og árangurs í að takast á við áskoranir tengdar aðlögun að loftslagsbreytingum.

Skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar er nýr og mikilvægur vettvangur sem mun þjónusta brýn verkefni á sviði aðlögunar vegna áhrifa loftslagsbreytinga á Íslandi.

Veðurstofa Íslands veitir skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar forstöðu og verður skrifstofan staðsett á Veðurstofunni og heyrir nýr yfirmaður beint undir forstjóra. Skrifstofan er sameiginlegur vettvangur fyrir vísindasamfélagið, fagstofnanir og hagaðila hvað varðar aðlögun og mun m.a. leggja til sviðsmyndir af loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, auk þess að miðla niðurstöðum vöktunar á afleiðingum þeirra. Skrifstofan mun einnig sinna samstarfi á þessu sviði við alþjóðastofnanir og sinna miðlun upplýsinga um áhrif loftslagsbreytinga til hagsmunaaðila og almennings.

Nánari upplýsingar um starfið og hina nýju skrifstofu er að finna á hagvangur.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Inga Steinunn Arnardóttir**, (inga@hagvangur.is) og **Stefanía H. Ásmundsdóttir**, (stefania@hagvangur.is)

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með **24. maí nk.**


LYKILHLUTVERK – STÓRAR ÁSKORANIR

Loftslagsbreytingar eru náttúruvá og þeim fylgja margháttaðar áskoranir. Líst er að um langt skeið verður þörf á vöktun á umfangi loftslagsbreytinga og víðtækri aðlögun að áhrifum

Hjá Veðurstofu Íslands starfar öflugur hópur fólks sem hefur það hlutverk að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun og greiningu gagna, rannsókn-um, þróun og miðlun upplýsinga. Jafnframt er það hlutverk Veðurstofunnar að styðja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og samfélagslega hagkvæmni.

þeirra. Yfirmaður skrifstofunnar mun gegna lykilhlutverki í spennandi uppbyggingarstarfi með miklum áskorunum sem kalla á nýjar úrlausnir og mikla samvinnu ólíkra hagsmunaaðila.

Gildi Veðurstofunnar eru þekking áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni taka mið af þessum gildum.



Nánari upplýsingar um Veðurstofu Íslands má finna á vedur.is

HAGVANGUR



Leitum að drífandi fólki



Forritari - Síminn Pay

Við leitum að öflugum bakendaforritara til að ganga til liðs við Símann Pay og taka þar þátt í krefjandi en jafnframt spennandi verkefnum við hönnun og þróun á fjártæknilausnum.

Helstu verkþættir

- Hönnun og ákvörðun á tæknilegri útfærslu á Síminn Pay
- Þróun og rekstur á kerfinu
- Samþætting við önnur kerfi í lausnamengi kerfisins

Reynsla og þekking

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærilegu er skilyrði
- Mikil þekking og reynsla af C#, ASP.NET Core og MSSQL er æskileg
- Reynsla af skýjalausnum Azure og AWS er kostur

Persónulegir eiginleikar

- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun
- Færni í samskiptum og gott viðmót
- Jákvæðni og drifkraftur

Forritari - Sjónvarp Símans

Við leitum að einstaklingi til að taka þátt í þróun og tæknilegum rekstri á Sjónvarpi Símans. Viðkomandi mun bera ábyrgð á útliti, þróun smáforrita og annarra viðmóta fyrir sjónvarpið í samstarfi við aðra sérfræðinga sjónvarpskerfa.

Helstu verkþættir

- Þróun og rekstur smáforrita fyrir sjónvarp
- Viðmótshönnun
- Utanumhald og umsýsla með þróunar- og prófunarumhverfi smáforrita

Reynsla og þekking

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærilegu er æskileg
- Að minnsta kosti 2 ára reynsla í sambærilegu umhverfi er æskileg
- Þekking á: React Native, React, Redux, Typescript og Native kóðun fyrir iOS og Android

Persónulegir eiginleikar

- Jákvætt hugarfar, frumkvæði og drifkraftur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna í teymi

Sérfræðingur í rekstri og högun upplýsingakerfa

Við leitum að sérfræðingi til að bera ábyrgð á rekstri og högun upplýsingakerfa tengt auðkenningum í interneti og kerfa til stýringar á endabúnaði og gagnasöfnun. Undir starfssviðið fellur einnig utanumhald og umsýsla með skýjaþjónstu sem VAS og sjónvarpskerfi nýta sér.

Helstu verkþættir

- Rekstur og eftirlit með auðkenningum í interneti
- Rekstur og eftirlit ACS og Home Analytics kerfa Símans
- Utanumhald og umsýsla með skýjaþjónustu
- Önnur verkefni tengd breytingum í rekstrarumhverfi

Reynsla og þekking

- Háskólamenntun á tæknisviði eða sambærilegu er æskileg
- Reynsla af rekstri upplýsingakerfa er æskileg
- Þekking á: AWS, Python, Linux, Gagnagrunnum, Netkerfum og Automation, t.d. Puppet, Ansible

Persónulegir eiginleikar

- Jákvætt hugarfar, frumkvæði og drifkraftur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna í teymi

Umsóknarfrestur er til og með 24.maí nk. Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum siminn.is/storf.

Fyrirspurnum skal beint á netfangið mannaudur@siminn.is.

Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.



intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta



Gæðaendurskoðun slf LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI

Gæðaendurskoðun slf leitar að
löggiltum endurskoðanda

Vegna aukinna umsvifa félagsins leitar Gæðaendurskoðun slf að metnaðarfullum löggiltum endurskoðanda til starfa hjá félaginu.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á endurskoðunarverkefnum
- Ársreikningagerð og skattframtöl fyrirtækja
- Skattaráðgjöf til viðskiptavina
- Greiningar á viðskiptatækifærum með viðskipavinum
- Fjármálalegar endurskipulagningar

Hæfniskröfur:

- Löggilding í endurskoðun
- Þjónustulund
- Hæfni til að leiða verkefni með öðrum starfsmönnum
- Hæfni til að halda utan um viðskiptavinatengsl

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bachmann.

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2021.

Umsóknir sendist á gunnar@endurskodandi.is.



MOSFELLSBÆR

Leikskólastjóri Hlíð

Ungbarnaleikskóli

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Leikskólinn Hlíð er ungbarnaleikskóli þar sem meðal annars er lögð áhersla á tilfinningalegt öryggi, umhyggju og nám í gegnum leik. Skólinn starfar í anda skóla fjölbreytileikans.

Skólastjóri leikskólans Hlíð ber ábyrgð á starfsemi skólans og er í fararbroddi í skólaþróun. Hann gegnir lykilhlutverki í leiða skapandi leikskólastarf og samstarf við skóla og foreldra. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla og stefnumörkun Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir áræðni og leiðtogafærni til að byggja upp öflugt skólasamfélag inn í framtíðina.

Menntunar- og hæfniskröfur:


- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla skilyrði
- Viðbótarmentun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða
- Þekking á stjórnslu, fjármálastjórnun og stefnumótunarvinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar í mennta- og menningarstofnunum
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Almenn tungumálakunnátta

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2021.


Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengárd framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525-6700 eða á linda@mos.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is



ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Við leitum að fólki til að vinna með okkur að fjölbreyttum og spennandi verkefnum



GRÆNA LEIÐIN - Vistvænar og hagkvæmar lausnir fyrir fjölbreytt verkefni

Verkfræðingar eða tæknifræðingar á sviði byggðatækni við hönnunarstörf, framkvæmdaeftirlit og verkefnastjórnun

Verkefnastjórnun, framkvæmdaeftirlit, hönnun, áætlanagerð og önnur ráðgjöf við lagningu vega, gatna, stíga og veitukerfa. Athugið að um fleiri en eitt starf er að ræða.

Jarðverkfræðingur

Hönnun, eftirlit og almenn ráðgjöf við jarðtækni, grundun mannvirkja, bergtækni og jarðfræði.

Verkfræðingur eða tæknifræðingur við hönnun lagna- og loftræsikerfa

Hönnun lagna- og loftræsikerfa ásamt ráðgjöf, áætlanagerð og þátttöku í framkvæmdaeftirliti.

Rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur við hönnun rafkerfa

Hönnun rafkerfa ásamt ráðgjöf, áætlanagerð og þátttöku í framkvæmdaeftirliti.

Verkfræðingar og tæknifræðingar til starfa í Noregi - burðarvirki og jarðtækni

Störfin felast annars vegar í vinnu við hönnun, áætlanagerð og aðra ráðgjöf á sviði burðarvirkja og hins vegar við jarðtækni, grundun mannvirkja, bergtækni og jarðfræði. Athugið að um er að ræða fleiri en eitt starf og að umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir til að búa og starfa í Noregi.

Kynntu þér málið nánar
á www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF

ÞJÓNUSTUSTJÓRI Í ALÞJÓÐLEGU HÁTÆKNIFYRIRTÆKI



Valka leitar að öflugum stjórnanda sem hefur metnað fyrir því að byggja upp þjónustu á heimsmælikvarða og vinnustað í allra fremstu röð. Þjónustustjóri ber ábyrgð á að skipuleggja og manna þjónustuheimsóknir, þjónustuvaktir, uppsetningarferðir og tryggja snarpa og áreiðanlega daglega þjónustu innanlands sem erlendis. Hann vinnur náið með öðrum sérfræðingum þjónustusviðs og sviðsstjóra þjónustu að því að byggja upp framúrskarandi alþjóðþjónustu ásamt því að innleiða og framfylgja þjónustustefnu Völku.

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Samskipti við viðskiptavini tengt þjónustuferðum, reikningamálum og úrlausn vandamála
- Dagleg stjórnun tæknimanna og stuðningur við þá
- Vinna/rýna tímaáætlanir á stærri verkefnum.
- Efla stafrænar þjónustulausnir og þjónustuleiðir
- Undirbúningur uppsetninga- og þjónustuferða
- Vinna að þjálfun starfsmanna og vinnslu leiðbeininga og námsefnis
- Stuðningur við umsjónarmann þjónustuborðs
- Regluleg upplýsingagjöf til sviðsstjóra
- Vinna samkvæmt fjárhagslegum markmiðum sviðsins á hverjum tíma

Upplýsingar veita:

Sigríður Olgeirsdóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs
Leifur Geir Hafsteinsson, sviðsstjóri Mannauðs- og umbótasviðs

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí.

Við hvetjum hæft fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið á atvinnuvef Völku www.valka.is/jobs

MENNTUN, REYNSLA OG HÆFNI

- Farsæl reynsla af stjórnun hátækniþjónustu
- Háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða sambærilegt
- Metnaður, frumkvæði og mikil skipulagshæfni
- Talnagleggni og mjög góð greiningarhæfni
- Þekking og innsýn í hátæknivædda fiskvinnslu kostur
- Jákvætt viðmót og góð samskiptafærni
- Góður liðsmaður og færni í teymisvinnu
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

UM VÖLKU

Valka er alþjóðlegt og ört vaxandi hátækniyrirtæki sem þróar, hannar og framleiðir vél- og hugbúnað á heimsmælikvarða fyrir sjálfvirka fiskvinnslu út um allan heim. Hjá Völku gegnir hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna lykilhlutverki og rík áhersla er lögð á að byggja upp framsækinn og samheldinn vinnustað þar sem fólk líður vel.



valka.is



VIÐSKIPTAÞRÓUN Á LYFJASVIÐI

ICEPHARMA LEITAR AÐ ÖFLUGUM VIÐSKIPTAÞRÓUNARSTJÓRA

Um er að ræða nýja stöðu á Lyfjasviði Icepharma sem mun heyra beint undir framkvæmdastjóra sviðsins. Viðskiptaþróunarstjóri vinnur náið með framkvæmdastjóra og er stuðningur við starfsmenn sviðsins. Starfið felur meðal annars í sér markaðsgreiningar, greiningu viðskiptatækifæra og eftirfylgni með þeim. Jafnframt felst starfið í áætlanagerð og sölugreiningum, gerð kynninga, tilboðsgerð og umsjón með umbótaverkefnum.

HÆFNIKRÖFUR

- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af starfi á lyfjamarkaði
- Reynsla af alþjóðlegu viðskiptaumhverfi er kostur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að leiða verkefni og metnaður til að ná markmiðum
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð er kostur
- Geta til að sjá langtímaávinning og heildarmynd
- Framúrskarandi greiningarhæfni og tölulæsi
- Mjög góð excel kunnátta
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku, er skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Dögg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs, lilja.dogg@icepharma.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2021. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.



Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugum framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

ósar

Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Ósa hf.

Ósar

Leitað er að öflugum leiðtoga til að stjórna fjármálasviði félagsins sem verður einn af lykilstjórnendum í framtíðaruppbyggingu Ósa og dótturfélaga. Starfið er umfangsmikið og krefjandi stjórnunarstarf en framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber meðal annars ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins, greiningum, áætlanagerð, sjóðastýringu og innra eftirliti. Framkvæmdastjóri sér um samskipti við fjármálastofnanir, viðskiptabanka og endurskoðendur. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn Ósa.

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Mikil leiðtogahæfni
- Þekking á upplýsingatækni og stafrænum lausnum er góður kostur
- Miklir greiningarhæfileikar
- Framúrskarandi samskiptafærni og þjónustulund
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með **19. maí**.
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem,
sverrir@hagvangur.is.

Ósar hf. eru nýstofnað félag á sviði lýðheilsu og heilbrigðis með það hlutverk að veita vandaða og faglega stoðþjónustu fyrir dótturfélögin, Icepharma hf., Parlogis ehf. og LYFIS ehf.

Dótturfélög Ósa hf. eru og hafa verið í fararbroddi á íslenskum neytenda- og heilbrigðismarkaði frá 1919.



Ósar

lífæð
heilbrigðis



Sölu- og markaðsstjóri á Íslandi

Starfið felur í sér stjórnun og ábyrgð á sölu- og markaðsstarfsemi fyrirtækisins á Íslandi auk uppbyggingu vörumerkisins innanlands í samræmi við stefnu Florealis.

Starfssvið

- Stefnunótun og skipulagning sölu- og markaðsstarfsins í samstarfi við aðra stjórnendur
- Framkvæmd og ábyrgð á markmiðum og áætlunum deildarinnar
- Dagleg stjórnun og uppbygging sölustarfs
- Tengslamyndun og samskipti við hagsmunaaðila
- Kynningar og viðburðir
- Uppbygging vörumerkisins og samskipti við fjölmiðla

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á sviði heilsuvara og/eða lyfja
- Haldbær þekking og færni í viðskiptum og stjórnun
- Menntun sem tengist starfi, t.d. í heilbrigðisgreinum
- Brennandi áhugi á jákvæðri heilsu og bættum lífsgæðum
- Framúrskarandi samskipahæfileikar og þjónustulund
- Góð íslensku og enskukunnátta, ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og sköpunarkraftur

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2021. Hægt er að sækja um í gegnum alfred.is.

Nánari upplýsingar gefur Kolbrún Hrafnkelsdóttir (kolbrun@florealis.com).

Florealis er vaxandi og framsækið íslenskt lyfjafyrirtæki með mikla sérstöðu á lyfjamarkaðinum. Fyrirtækið sérhæfir sig í viðurkenndum jurtalyfjum og lækningavörum við algengum vægum sjúkdómum og er fyrsta fyrirtækið til þess að markaðssetja jurtalyf á Íslandi og jafnframt eina íslenska fyrirtækið sem hefur markaðsleyfi fyrir jurtalyf utan Íslands. Florealis er með starfsemi á Íslandi og í Svíþjóð og stefnir að því að verða leiðandi á norrænum lyfjamarkaði. Markmið fyrirtækisins er að bæta heilsu og vellíðan fólks með því að bjóða jurtalyf og lækningavörur af bestu mögulegu gæðum.

www.florealis.is



Tónlistarskóli Eyjafjarðar auglýsir eftir tónlistarkennurum í eftirfarandi stöður:

Tónlistar-/tónmenntakennari í 75-100% starfshlutfall.
Tónlistarskóli Eyjafjarðar leitar að tónlistar-/tónmenntakennara til að kenna og móta fjölbreytta tónlistarkennslu við skólann.

Sinna þarf fjölbættri kennslu, m.a. forskóla-/tónmenntakennslu í samvinnu við leik- og grunnskóla á starfssvæðinu sem er Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppur og Grýtubakkahreppur. Fyrir hæfan og metnaðarfullan aðila eru möguleikar á að þróa og móta starfið en unnið hefur verið með ýmsa þætti eins og marimbukennslu, kórstarf, samsöng, rytmískt samspil o.fl. Hljóðfærakennsla getur verið hluti af starfinu ef umsækjandi óskar.

Píanókennari í 100% starfshlutfall.

Leitað er eftir kennara sem sýnir frumkvæði, mætir nemendum á áhugasviði þeirra og nýtir sér fjölbreytta kennsluhætti. Kennsla fer fram í öllum útibúum skólans.

Tónlistarkennari í 75-100% starfshlutfall.

Leitað er eftir kennara með breiðan bakgrunn sem gæti kennt fjölbreytta hljóðfærakennslu byrjenda, hópkennslu og fræðigreinar. Yfirmenn eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans en í nánun samskiptum við aðra stjórnendur leik- og grunnskóla.

Umsækjandi hafi menntun og reynslu sem nýtist í starfi. Laun eru samkvæmt kjarasamningum tónlistarkennara við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða, akstur greiddur samkvæmt samningi. Góð samskiptahæfni er lykilatriði.

Höfuðstöðvar skólans eru á Hrafnagili innan við 10 mínútna akstur frá Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 25. maí.

Upplýsingar um starfið veitir Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri. Fyrirspurnir og umsóknir berist á netfangið te@krummi.is
Skólastjóri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Viltu vera með?

Við leitum að flottu fólki í flotta rafmagnsteymið okkar.

Við hönnum gagnaver, dreifistöðvar, jarðkerfi, eldingavarnir, varaaflikerfi og raforkukerfi og raflagnir fyrir allar stærðir bygginga.

Við gerum fjölbreyttar kerfisgreiningar, bilanagreiningar og framkvæmum mælingar á jarðskautum, rafsegulsviði og gæðum raforku. Einnig sinnum við verkefnastjórnun og verkeftirliti í raforku og byggingarverkefnum.



Við leitum bæði að raflagnahönnuðum í mannvirkjaverkefni okkar og raforkusérfræðingum í verkefni okkar í iðnaði og orku.

Við viljum heyra frá þér ef þú ert:

- Lipur í samskiptum
- Lausnamiðuð/aður með næmt auga fyrir smáatriðum
- Vinnur sjálfstætt en elskar að vinna í hóp
- Með reynslu og menntun sem nýtist í starfi

Smelltu ferilskrá og kynningarbréfi til okkar merktu „Raforkusérfræðingur“ eða „Raflagnahönnuður“ eftir því sem þú sækist eftir. Annars getur þú líka heyrt í Erlen Björk og fengið nánari upplýsingar á erlen@lota.is eða í síma 779-1040.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.
Umsóknarfrestur til 20. maí.

VIÐ LEITUM AÐ GÓÐU FÓLKI

Kubbur óskar eftir
meiraprófsbilstjórum og
verkafólki til starfa við
sorphirðu í Hafnarfirði.

Umsóknir sendist á kubbur@kubbur.is
Nánari upplýsingar í síma 456-4166

Kubbur ehf. er endurvinnslufyrirtæki með
starfssemi á Ísafirði, í Vestmannaeyjum,
Hafnarfirði, Bolungarvík og Ölfusi.



vistor

ÞÝÐANDI

Vistor leitar að starfsmanni í stöðu þýðanda í skráningardeild fyrirtækisins. Skráningardeildin er stærsta deildin í Vistor með rúmlega 20 starfsmenn. Þýðandinn tilheyrir þriggja manna þýðendateymi og vinnur í nánú samstarfi við aðra sérfræðinga skráningardeilda.

Helstu verkefni

- Þýðingar og yfirllestur á lyfjatextum (SPC og PIL) úr ensku eða Norðurlandamáli
- Þýðingar og yfirllestur á textum vegna lækningatækja
- Ráðgjöf varðandi lyfjaþýðingar
- Þýðing og yfirllestur markaðsefnis

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þýðingum á lyfjatextum eða öðrum sérhæfðum textum, sem tengjast heilbrigðisgeiranum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 16. MAÍ 2021

Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu Vistor, www.vistor.is.

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram koma ástæður þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita **Unnur Björgvinsdóttir**, deildarstjóri skráningardeilda, unnur@vistor.is og **Pétur Veigar Pétursson**, starfsmannastjóri petur@veritas.is.

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi. Fyrirtækið er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál, klínískar rannsóknir, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi. Vistor er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas Capital ásamt Distica, MEDOR, Artasan og Stoð.



GILDI VISTOR ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI



MOSFELLSBÆR


VERKEFNASTJÓRI SKJALAVÖRSLU OG RAFRÆNNAR ÞJÓNUSTU Í MOSFELLSBÆ

Mosfellsbær leitar að framúrskarandi og metnaðarfullum leiðtoga með yfirgripsmikla þekkingu og brennandi áhuga á skjalamálum og rafrænni þjónustu.

Mosfellsbær er fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið bæjarfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi.

Um starfið

Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu hefur faglega forystu um skjalavörslu Mosfellsbæjar, leiðir þróun og umsjón með notkun skjalavörslukerfis, íbúagáttar og kerfum sem þeim tengjast. Hann ber ábyrgð á daglegri umsýslu og viðhaldur og mótar verklagsreglur við móttöku og meðferð erinda. Hann gegnir lykilhlutverki í ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks um það sem tengist skjalavörslu og rafrænni þjónustu sveitarfélagsins. Þá sinnir verkefnastjórinn samskiptum og samvinnu við önnur sveitarfélög um skjalamál, rafræna þjónustu, stafræna umbreytingu og notkun þjónustukerfa í samstarfi við fagsvið og stofnanir bæjarins.



Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórnun eða önnur menntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Reynsla af skjalastjórnun og notkun rafrænna skjalavistunarkerfa er skilyrði. Þekking á skjalavörslukerfinu ONE er kostur.
- Reynsla af því að undirbúa, skipuleggja, stýra og fylgja verkefnum eftir.
- Mjög góð alhliða þekking og reynsla á sviði tölvu- og upplýsingatækni og stafrænum umbreytingaverkefnum er skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun er skilyrði.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Þekking og reynsla af gerð og viðhaldi ferla er kostur.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2021

Sækja skal um starfið á ráðningavef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Jónsson forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeilda í síma 525-6700 eða í netfang: arnar@mos.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.





Verkefnastjóri við íslenskuver

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur auglýsir lausar til umsóknar stöður verkefnastjóra við tvö íslenskuver fyrir börn af erlendum uppruna.

Íslenskuver er nýtt úrræði fyrir börn sem nýflutt eru til Íslands og eru byrjendur í íslensku. Íslenskuver er tímabundið úrræði fyrir nemendur í 3.-10. bekk og verður starfrækt í Austurbæjarskóla og Vogaskóla frá og með skólaárinu 2021-2022. Næsti yfirmaður er skólastjóri viðkomandi skóla. Starfsfólk íslenskuvers verður í nánu samstarfi við skólastjórnendur, starfsfólk grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs og Miðju máls og læsis, auk annarra aðila sem starfa við málaflokkinn hjá ríki, borg og öðrum sveitarfélögum.

Helstu verkefni

- Móttaka og aðlögun barna á grunnskólaaldri sem nýflutt eru til landsins og eru byrjendur í íslensku.
- Annast kennslu barna í íslensku sem öðru tungumáli.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.
- Tryggja farsæla tengingu nemenda við hverfisskóla og frístundastarf.
- Leiða og móta starfsemi íslenskuvera.
- Vinna að þróun starfsins með skólastjórnendum, sérfræðingum Miðju máls og læsis, stjórnendum frístunda-miðstöðva og samstarfsmönnum íslenskuvera.
- Samstarf við aðila sem vinna í málaflokknum hjá ríki, borg og öðrum sveitarfélögum.
- Taka þátt í starfshópum og stefnumótunarvinnu varðandi málaflokkinn á skóla- og frístundasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Meistarapróf á sviði uppeldis, kennslu eða sambærileg háskólamenntun æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking á fjölmenningslegum starfs- og kennsluháttum.
- Þekking og reynsla af kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum.
- Reynsla af þróunarstarfi og stefnumótun æskileg.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Faglegur metnaður.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starf.
- Góð enskukunnátta og kunnátta í öðrum tungumálum kostur.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Við ráðningu er gerð krafa um hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar.

Starfið er laust frá 1. ágúst 2021. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2021.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla, sími 411-7200, Snædis Valsdóttir, skólastjóri Vogaskóla, sími 411-7373 og Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmennings í grunnskólum Reykjavíkur, sími 411-1111.

Netföng: kristin.johannesdottir@rvkskolar.is / snadis.valsdottir@rvkskolar.is / dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Kennsluráðgjafi stafrænnar tækni

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf kennsluráðgjafa stafrænnar tækni. Um er að ræða tímabundið starf frá 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2023.

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rekstur grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita.

Leitað er að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í að þróa framsæknar leiðir í stafrænu skóla- og frístundastarfi. Starfið felst í að styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ og fylgja eftir áherslum stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Starfið tengist Gróskunni, verkefni um hraðari innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi, sem er hluti af Græna planinu, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar. Kennsluráðgjafinn veitir tækni- og kennslufræðilega ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um notkun stafrænnar tækni, stuðlar að samstarfi milli aðila og styður við þróun og nýsköpun. Næsti yfirmaður er deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála á skóla- og frístundasviði.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukid samstarf og fagmennska.

Nánari upplýsingar: www.menntastefna.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Styðja við markvissa, fjölbreytta og ábyrga notkun stafrænnar tækni í anda menntastefnu Reykjavíkur.
- Veita þjónustu, ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um notkun stafrænnar tækni.
- Efla stafræna hæfni og styðja við þróun náms-, kennslu- og starfshátta með notkun nýrrar tækni.
- Taka þátt í samstarfi og þróun lærdómssamfélags Gróskunnar.
- Styðja við frumkvöðlastarf, nýsköpun og notkun skapandi tækni, meðal annars í starfi Mixtúru og Búnaðarbanka SFS.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði kennslu-, uppeldis- og/eða tólmstundafræða.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. upplýsingatækni og kennsluráðgjöf.
- Reynsla af þróun, innleiðingu og fjölbreyttri notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði í starfi og sjálfstæði vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Starfið er laust frá 1. ágúst 2021, eða eftir samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2021.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Fríða B. Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála, og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri, sími 411 1111. Netföng: frida.b.jonsdottir@reykjavik.is / thorbjorg.st.thorsteinsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



VÉLSTJÓRI

Vinnslustöðin hf. óskar eftir að ráða
vélstjóra á Brynjólf VE 3 (skipaskr.nr. 1752)

Brynjólfur VE 3 er 39,8 metra langur skuttogari sem stundar veiðar á botnfiski og humri og stundar netaveiðar á vetrarvertíð. Vélstærð 728kW.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Ingvar Guðnason í síma 893-9741 eða á netfanginu guдни@vsv.is. Umsóknir skulu sendar með tölvupósti á netfangið guдни@vsv.is eða vsv@vsv.is.

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is

Vélamaður

Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma
auglýsir eftir vélamanni:

Starfssvið:

- Vinna með garðyrkjumönnum að umhirðu og grafartekt í kirkjugörðunum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Hafa E-réttindi á vinnuvélar.
- Vera þjónustulipur og tilbúinn að sinna tilfallandi verkefnum.
- Vera skipulagður og nákvæmur í starfi.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á:
kari@kirkjugardar.is fyrir 26. maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir garðyrkjustjóri í síma
585-2700 eða kari@kirkjugardar.is

Upplýsingar um Kirkjugarðana má
nálgast á netinu: www.kirkjugardar.is



Sérfræðingur á skrifstofu sjávarútvegsmála

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðu-
neytið auglýsir stöðu sérfræðings á
skrifstofu sjávarútvegsmála.

Við leitum að einstaklingi með hald-
bæra reynslu og þekkingu á sviði
sjávarútvegsmála, svo sem reynslu
af skipstjórn, útgerðastjórn, haf-
rannsóknnum eða annarri þekkingu
eða reynslu sem nýtist í starfinu.

Umsóknarfrestur er til **17. maí**
næstkomandi.

Sækja skal um starfið gegnum
www.starfatorg.is, þar eru jafnframt
allar nánari upplýsingar þar á meðal
varðandi hæfniskröfur og helstu
verkefni.

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



Leiðtogi kjara- og mannauðssýslu ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að öflugum stjórnanda í embætti skrifstofustjóra kjara- og mannauðssýslu ríkisins til að þróa starfsumhverfi ríkisins til móts við nýja tíma. Viðkomandi þarf að hafa framtíðarsýn á þróun ríkisins sem vinnuveitanda og frumkvæði, metnað og kraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd.

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins vinnur að stefnumörkun ríkisins á sviði mannauðsmála og styður við starf samninganefndar ríkisins við gerð kjarasamninga. Kjara- og mannauðssýslan sinnir einnig stefnumarkandi ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana á sviði mannauðs- og kjaramála og hefur eftirfylgni með framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan fer með málefni stjórnenda og forstöðumanna og sér um innleiðingu stjórnendastefnu ríkisins. Hún annast samstarf við samtök launafólks og launagreiðanda um launa- og kjaramál sem og umbætur á vinnumarkaði.

Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða og bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi skrifstofunnar. Í því felst stjórnun mannauðs og verkefna, stefnumótun, markmiðasetning og mat á árangri. Skrifstofustjóri er hluti af stjórnendateymi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og heyrir undir ráðuneytisstjóra.

Við leitum að stjórnanda sem býr yfir:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaraþróf æskilegt.
- Þekkingu og árangursríkri reynslu af stjórnun og stefnumótun.
- Leiðtogahæfileikum og framúrskarandi samskiptafærni.
- Jákvæðri reynslu af breytingarstjórnun.
- Skilningi á opinberri stjórnsýslu eða reynslu af störfum innan stórra skipulagseininga.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Þekking og reynsla á sviði kjara- og mannauðsmála er æskileg.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf með rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna embættinu. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins (KMR) er sérstök ráðuneytisstofnun, sbr. 17. gr. Stjórnarráðs laga og er hluti af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Valdimarsdóttir mannauðsstjóri og Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri. Sótt er um starfið á starfatorg.is Umsóknarfrestur er til og með 10. maí nk.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið samanstendur af sjö skrifstofum auk þess sem kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Stafrænt Ísland eru hluti af ráðuneytinu. Um 100 sérfræðingar skipa starfslíð ráðuneytisins.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis felst í yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins er að finna á www.stjornarradid.is

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is



 HAGVANGUR



Byggingafræðingur

Vegna góðrar verkefnastöðu óskum við eftir byggingafræðingi til starfa.

Við bjóðum upp á spennandi vinnustað með góðum starfsanda og góðri vinnuáðstöðu í nýuppgerðu og glæsilegu húsnæði.

Í dag starfa 25 manns hjá Arkþing-Nordic á skrifstofu okkar við Hallarmúla í Reykjavík. Við erum einnig hluti af Nordic Office of architecture sem er 250 manna fyrirtæki með aðsetur í Osló og Kaupmannahöfn auk Reykjavíkur.

Umsóknir sendist á hh@arkthing.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

www.nordicarch.com

Auglýsir eftir fasteignasala í samningadeild. Um er að ræða fullt starf á skrifstofu stofunnar.

STARFSSVIÐ:

Skjalagerð, samningagerð, lögskilauppgjör o.fl

REYNSLA ÆSKILEG

Cand.jur eða mag.jur. próf í lögfræði.
Málflutningsréttindi æskileg.
Löggilding fasteignasala æskileg.

Umsóknarfrestur er til 15. Maí 2021.

Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Vinsamlegast sendið inn umsókn á:
sigurdur@fstorg.is

Leitum að sölu- og blaðamönnum

Icelandic Times og Land & Saga eru vönduð tímarit um ferðamennsku, menningu og viðskipti á Íslandi. Ritin eru með þeim útbreiddustu af þessu tagi hér á landi og eru gefin út á fimm tungumálum; íslensku, ensku, frönsku, þýsku og kínversku, auk vefsíðna.

Um er að ræða vandaða útgáfu blaða en Nordic Times Media stendur einnig að öflugum vefmiðli á fimm tungumálum og er kínverska útgáfan með plattform á WeChat. (www.icelandictimes.com)

Við leitum að einstaklingum sem geta unnið sem blaðamenn og sölumenn og æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á vefumsjónarkerfi Word Press.

Áhugasamir sendið umsóknir með ferilskrá á netfangið info@icelandictimes.com

NORDIC TIMES
TOURISM, CULTURE AND BUSINESS

ICELANDIC TIMES LAND & SAGA

Síðumúli 29 • 108 Rvk • www.icelandictimes.com



Embætti héraðsdómara laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti héraðsdómara sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar. Skipað verður í embættið frá 1. september 2021.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfsþæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) tvo fyrirverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskirt einum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 24. maí nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
7. maí 2021.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Iðjubjálfi - afleysingarstaða

Um er að ræða verkefnastjórastöðu iðjubjálfa á Reykjalundi, tímabundið til eins árs. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfnikröfur: Próf í iðjubjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjubjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggilding. Æskileg er reynsla af teymisstörfum.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjubjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Iðjubjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veitir Bára Sigurðardóttir forstöðuiðjubjálfi í síma 585-2153/585-2058, netfang: baras@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585 2143 netfang: gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2021.

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is



Forstöðumaður Hleinar Proskapjálfi eða annar heilbrigðis-menntaður starfsmaður

Laus er til umsóknar 80-100% staða þroskajálfa eða annars heilbrigðis menntaðs starfsmanns til að stýra daglegum rekstri á Hlein. Um tímabundna ráðningu til eins árs er að ræða, með möguleika á fastráðningu. Staðan er laus frá ágúst 2021 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Hlein er heimili sjö fatlaðra einstaklinga sem hafa fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa. Hlein er rekið af Reykjalundi.

Við leitum af starfsmanni með framúrskarandi samskiptaleiðtoga- og skipulagshæfni. Viðkomandi þarf að vera heilbrigðismenntaður og með íslenskt starfsleyfi. Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem fag hans tilheyrir og ríkissjóðs eða SFV, auk stofnanasamnings sama stéttarfélags og Reykjalundar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lára M. Sigurðardóttir í síma 585-2129 eða í gegnum netfangi laras@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143 eða í gegnum netfangið guðbjörg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 23. maí 2021

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur endurhæfing ehf. Sími 585 2000 www.reykjalundur.is



Sérfræðingur í gagnagrunnum og landupplýsingakerfum

Náttúrufræðistofnun Íslands leitar að sérfræðingi í gagnagrunnum og landupplýsingakerfum til að þróa og reka gagnagrunna og landupplýsingakerfi stofnunarinnar. Á stofnuninni er unnið að því að byggja upp gagnagrunna í PostgreSQL og landupplýsingakerfi í notkun eru ArcGIS og QGIS. Mikilvægt er að viðkomandi geti skapað heildræna sýn á uppbyggingu gagnaumhverfis og landupplýsingakerfi stofnunarinnar í samvinnu við sérfræðinga og hafi hæfileika til að virkja starfsfólk með sér.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumótun og samhæfing gagnagrunna og landupplýsingakerfa stofnunarinnar
- Tryggja eðlilegan rekstur, gagnavinnslu og öryggismál gagnagrunna og landupplýsingakerfa
- Skilvirkni í nýtingu landupplýsingagagna og vandaðri gagnahögun
- Stuðla að skipulagðri varðveislu gagna
- Stuðningur við úrvinnslu og framsetningu gagna
- Bæta aðgengi að gögnum

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í landfræði, tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri landupplýsingakerfa
- Þekking á ArcGIS, ArcGIS Server og QGIS
- Þekking á fjarkönnun
- Þekking á SQL er kostur
- Reynsla af hönnun og forritun gagnagrunna er kostur
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Jákvætt viðmót og lausnamiðuð nálgun
- Hæfni til að leiðbeina og miðla þekkingu
- Ríkir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Frekari upplýsingar um starfið

Sótt er um starfið á starfatorg.is og skal öllum umsóknum fylgja starfsferliskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið. **Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2021.**

Um fullt starf er að ræða en vinnutími getur verið sveigjanlegur. Starfið er án staðsetningar en æskilegt er að viðkomandi verði með starfsstöð í Urriðaholti í Garðabæ fyrstu vikurnar í starfi.

Um Náttúrufræðistofnun Íslands

Á Náttúrufræðistofnun Íslands starfa rúmlega 50 manns við rannsóknir og vöktun á náttúru landsins. Starfsandi á stofnuninni er góður og er leitast við að bjóða fjölskylduvænan vinnustað. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar. Starfsstöðvar Náttúrufræðistofnunar Íslands eru tvær, í Garðabæ og á Akureyri. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri, ragnheidur.bjorgvinsdottir@ni.is.



Sérfræðingur í gæðadeild

Össur leitar að metnaðarfullum einstaklingi í gæðastjórnunarteymi Össurar á Íslandi. Deildin sér um að stýra og þróa gæðakerfi Össurar í samræmi við ISO 13485 og lög og reglugerðir á markaðssvæðum Össurar.

STARFSSVIÐ

- Stuðningur og þátttaka í daglegum rekstri í gæðadeild Össurar
- Umsjón með þjálfun starfsfólks
- Umsjón með breytingabeiðnum og skjalastjórnun
- Skráningar og stýring á úrbóta- og fyrirbyggjandi aðgerðum tengd gæðamálum
- Þátttaka í innri og ytri úttektum
- Söfnun og greining gagna fyrir mánaðarlegar gæðaskýrslur

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Þekking og reynsla af gæðastjórnunarkerfum í stýrðu umhverfi
- Þekking og reynsla af ISO 13485 og FDA 21 CFR Part 820 er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Starfsmaður í viðhaldsdeild

Við óskum eftir að ráða öflugan tæknimann í viðhaldsdeild Össurar (Maintenance). Leitum eftir einstaklingi sem er áhugasamur um að takast á við nýja hluti, er lipur í samskiptum og fellur vel inn í góðan hóp starfsfólks.

STARFSSVIÐ

- Viðhald, rekstur og breytingar á tækjabúnaði fyrirtækisins
- Nýsmíði á tækjabúnaði til framleiðslu
- Uppsetning á tækjabúnaði

HÆFNISKRÖFUR

- Vélstjóri og/eða vélvirki með sveinspróf
- Eiga gott með að vinna í teymi og sjálfstætt
- Jákvæðni
- Stundvísi
- Heiðarleiki

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2021.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf. For English version, please see the above webpage.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma [515 1300](tel:5151300).

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.

Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í yfir 30 löndum.

Gildi félagsins eru: **Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki**



Stafræn framtíð í líftækni

Við bætum aðgengi að hátæknilýfjum

Við hjá Alvotech vinnum að því að þróa og framleiða líftæknilýf sem geta bætt líf og heilsu milljóna manna um allan heim. Við höfum byggt upp fjölbjóðlegt fyrirtæki í hjarta Reykjavíkur með 450 starfsmenn frá yfir 50 þjóðlöndum þar sem áhersla er lögð á jafnrétti og fjölbreytileika.

Starfsumhverfið okkar einkennist af ástríðu, heilindum, fagmennsku og teymiskrafti.

Stafræn tækni lykill að samkeppnisforskoti

Stafræn tækni er mikilvægur þáttur í uppbyggingu Alvotech og starfsemi okkar til framtíðar. Við ætlum að nýta stafræna tækni til að gera okkur kleift að þróa og framleiða líftæknilýf með skilvirkum hætti og ná samkeppnisforskoti á okkar sviði á heimsvísu. Við leitum því að einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu á sviði upplýsingatækni til að taka þátt í vegferðinni og vera með í ört stækkandi teymi okkar.

Það eru spennandi tímar fram undan hjá okkur og við leitum að hugmyndaríku, orkumiklu fólki á upplýsingatæknisvið Alvotech, sem brennur fyrir stafrænum breytingum og vill taka þátt í vegferð okkar!



JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

Alvotech er stolt af því að hafa hlotið Jafnlaunavottun Jafnréttisstofu Íslands.

DIRECTOR OF ENTERPRISE ARCHITECTURE

The Director of Enterprise Architecture (EA) will lead our overall enterprise architecture practice and help guide the enterprise through digital optimization and transformation. The EA focuses on understanding and applying technologies to transform and optimize the business, and collaborates with business leaders to enable the organization to achieve targeted business outcomes.

Job description

- Translate business strategies into enterprise architecture vision and roadmap.
- Collaborate with business and IT leaders on technology investments and opportunities to create business value from technology.
- Shape digital strategies by demonstrating digital opportunities.
- Manage the information technology portfolio, and set guidelines, standards, and guardrails for new technologies.

Qualifications

- MS or BS degree in computer science, engineering, or related field of study.
- 10+ years of experience in IT leadership, enterprise architecture, and strategic planning.
- Knowledge of modern architectural and design patterns, system architecture, cloud computing, data & analytics, and information security.
- Strong leadership skills, strategic thinking, and communication skills.
- Professional IT experience in the pharmaceutical industry preferred.

DIRECTOR OF IT SOURCING & DELIVERY


The Director of IT Sourcing & Delivery will lead our sourcing and delivery practice and team. The S&D team is a key enabler in creating business value from technology as it focuses on sourcing new technology, fit for purpose and aligned with business priorities, and delivering business value from technology with its project execution expertise.

Job description

- Drive digital initiatives across the organization, enabling business strategies and outcomes.
- Lead technical investment prioritization in collaboration with business leaders and manage the digital project portfolio.
- Establish a collaborative project delivery approach and lead the project management practice.
- Oversee strategic IT sourcing and IT vendor management.
- IT budgeting, financial management and cost optimization.
- Performance management for Information Technology.

Qualifications

- MS or BS degree in computer science, business administration or related field.
- 10+ years IT leadership experience in fields such as project & portfolio management, sourcing & vendor management, strategic planning, and/or IT financial management.
- Expertise in modern ways of working when prioritizing digital initiatives and delivering digital solutions.
- Broad knowledge of the technology vendor landscape, sourcing & vendor management.
- Strong leadership skills, strategic thinking and communication skills.
- Solid grasp of financial concepts and IT budgeting.



APPLICATION ADMINISTRATOR

The Application Administrator will join our growing Application Administrator team, which is responsible for the implementation, operations, and administration of applications in a regulated environment.

Job description

- Life cycle management of business applications.
- Configuration, change management and documentation.
- Application monitoring, incident resolution, problem solving and user management.
- Implementation of new platforms in collaboration with the business.
- Collaborate with the infrastructure team to ensure availability and security.
- Main technical contact with vendors and service providers.

Qualifications

- MS or BS degree in computer science, engineering or related field of study.
- 5+ years of IT professional experience.
- Good understanding of application architecture and IT infrastructure.
- Basic knowledge of common programming languages, such as SQL, JavaScript, HTML or XML.
- Knowledge of general IT best practices / ITIL processes.
- Pharmaceutical industry experience beneficial.

IT SOURCING MANAGER

The IT Sourcing Manager will join our emerging IT Sourcing & Delivery team and is responsible for the overall sourcing of IT products, services, solutions, digital platforms, and IT vendor management.

Job description

- Drive the technology sourcing strategy and framework, aligned with business objectives, business priorities and technical requirements.
- Sourcing of IT products, services, solutions, and digital platforms in close collaboration with IT and business stakeholders.
- Manage vendor relationships and communication, oversee measurement and reporting of vendor performance, and maintain vendor risk assessment.
- Oversee maintenance of vendor agreements and ensure that they are current and compliant.

Qualifications

- MS or BS in business administration, computer science, law or related field.
- 5+ years of experience in IT sourcing, procurement and/or vendor management.
- Thorough understanding of the vendor life cycle, working knowledge of IT contract management, and strong negotiation skills.
- Broad knowledge of the IT industry and technology vendors, and familiarity with relevant industry requirements.
- Communication and relationship-building skills.

SAP CONSULTANT

The SAP Consultant will join our emerging ERP team and participate in the implementation of the SAP S/4HANA platform across our business. SAP is a key enabler in our business which will significantly streamline and simplify many of our daily business activities.

Job description

- Analyze, design, configure and document business processes in SAP.
- Collaborate with business process owners in digitizing and streamlining our operations.
- Manage smaller projects and engage with external experts.
- User support and user management.
- Testing and user training activities.

Qualifications

- MS or BS degree in computer science, engineering, business administration or related field.
- 5+ years SAP consulting experience and deep knowledge in Production Planning, Material Management, Sales & Distribution, Warehouse Management, Quality Management and/or Authorization.
- Strong business analysis skills, problem-solving skills and structural thinking.
- Service minded, communication skills and interest in resolving issues for users.
- Pharmaceutical industry experience beneficial.

PROJECT MANAGER

The Project Manager will join Alvotech's IT Sourcing & Delivery team. Our project managers are responsible for leading cross-functional project teams delivering new digital platforms and digital solutions.

Job description

- Collaborate with project sponsors on a shared project vision and desired business outcomes.
- Shape the project delivery approach and ensure availability of required skills and competencies in the project team.
- Coordinate and oversee cross-functional project teams in execution and delivery.
- Collaborate with business stakeholders and IT leadership team on project delivery.

Qualifications

- MS or BS degree in engineering, computer science, business administration or related field.
- 5+ years project management experience.
- Exceptional leadership skills, communication skills, and ability to motivate teams.
- Strong business acumen and ability to maintain alignment with business strategy.
- Understanding of current and emerging technologies to drive digital business.
- Excellent analytical, strategic planning and execution skills.

Verksmiðjustjóri

BEWI Iceland óskar eftir að ráða verksmiðjustjóra í nýja plastkassaverksmiðju á Djúpavogi.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- Ábyrgð á framleiðslu
- Þátttaka í uppbyggingu og starfsemi verksmiðjunnar
- Starfsmannahald
- Ábyrgð á áætlanagerð og kostnaðareftirliti
- Samskipti við viðskiptavinum og birgja

Bewi Iceland er nýtt fyrirtæki á Djúpavogi sem er að reisa 2800 m² kassaverksmiðju og reiknað er með að framleiðsla hefjist í lok árs 2021. Á Djúpavogi er mikill uppgangur í kjölfar uppbyggingar laxeldis á Austfjörðum. Djúpvogur er fjölskylduvænt samfélag með alla helstu þjónustu s.s. leikskóla, grunnskóla, verslanir og veitingastaði og þar sem auðvelt er að njóta náttúru og menningar

Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla eða menntun á sviði véla, tækja og framleiðslu
- Reynsla af stjórnun
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Umsóknir sendist til helgi@laxar.is og umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2021. Með umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helgi G Sigurðsson s: 8661065 og Elís H. Grétarsson s: 8631022.



250 Litir ehf óskar eftir Málurum

Reynsla er skilyrði og einnig að viðkomandi geti unnið sjálfstætt. Aldurstakmark 20 ár.

Umsóknir óskast sendar á stefan@litir.is



Gæðaendurskoðun slf LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI

Gæðaendurskoðun slf leitar að löggiltum endurskoðanda

Vegna aukinna umsvifa félagsins leitar Gæðaendurskoðun slf að metnaðarfullum löggiltum endurskoðanda til starfa hjá félaginu.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á endurskoðunarverkefnum
- Ársreikningagerð og skattframtöl fyrirtækja
- Skattaráðgjöf til viðskiptavina
- Greiningar á viðskiptatækifærum með viðskiptavinum
- Fjármálalegar endurskipulagningar

Hæfniskröfur:

- Löggilding í endurskoðun
- Þjónustulund
- Hæfni til að leiða verkefni með öðrum starfsmönnum
- Hæfni til að halda utan um viðskiptavinatengsl

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bachmann.

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2021.

Umsóknir sendist á gunnar@endurskodandi.is.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Vegagerðin auglýsir tvær stöður á Reyðarfirði

Umsjónar- og eftirlitsmaður á Austursvæði

Vegagerðin auglýsir eftir umsjónar- og eftirlitsmanni með nýframkvæmdum og viðhaldi á Austursvæði. Um er að ræða fullt starf á svæðisstöð á Reyðarfirði.

Starfssvið

Við erum að leita eftir umsjónar- og eftirlitsmanni sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Umsjón- og eftirlit með framkvæmda- og viðhaldsverkefnum. Áætlanagerð, tæknilegur undirbúningur og eftirfylgni með framkvæmdum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Reynsla af umsjónar- og eftirlitsverkefnum er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Verkstæðisformaður á vélaverkstæði

Starf verkstæðisformanns á vélaverkstæði Vegagerðarinnar á Reyðarfirði er laust til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.

Starfssvið

- Viðhald og lagfæringar á vinnuvélum og snjómokstursbúnaði Vegagerðarinnar
- Viðhald og lagfæringar á vegbúnaði, m.a. veðurstöðvum og myndavélum
- Ýmis vinna í starfsstöð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bifvélavirki/vélvirki
- Meistararéttindi æskileg
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Æskilegt að umsækjandi hafi vinnuvélaréttindi og meirapróf
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Góð íslenskukunnátta

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Sveinsson svæðisstjóri Austursvæðis, í síma 522 1000 og tölvupósti, netfang svs@vegagerdin.is.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.


Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur fyrir störf er til og með 17. maí 2021.

Áhugasamir eru beðnir að sækja um störf á www.vegagerdin.is

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

 **HAGVANGUR**
hagvangur.is



Framleiðslustörf í kerskála Fjarðaáls

Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðu og duglegu fólki í framleiðslustörf í kerskála. Fimm öflug framleiðsluteymi vinna á þrískiptum vöktum í kerskalanum og framleiða hátt í þúsund tonn af áli á sólarhring. Framleiðslustarfsmenn eru kjarninn í þessari mikilvægu verðmætasköpun.

Hvers vegna að vinna með okkur?

- Við höfum 150 klukkustunda vinnuskyldu á mánuði.
- Við erum með vaktakerfi sem gefur góðar tekjur og góðan frítíma.
- Við fáum ókeypis akstur til og frá vinnu og frítt fæði í frábæru mötuneyti.
- Við höfum okkar eigin heilsugæslu og aðgang að Velferðarþjónustu Heilsuverndar.
- Við leggjum mikla áherslu á að tryggja öryggi allra á vinnustaðnum.
- Við trúum því að fjölbreytt teymi ólíkra einstaklinga skili bestum árangri.
- Við gerðum með okkur sameiginlegan sáttmála um góða vinnustaðarmenningu.
- Við erum með metnaðarfull markmið í jafnréttismálum í samstarfi við Jafnréttisvísi.
- Við fáum góð tækifæri til þjálfunar, menntunar og starfsþróunar.
- Við erum með virkt umbótastarf þar sem áhersla er lögð á þátttöku starfsmanna.
- Við búum í nálægð við náttúruna í fjölskylduvænu samfélagi á Austurlandi.



„Störfin í kerskalanum eru fjölbreytt og krefjandi en skemmtileg. Í kerskalanum vinnur alls konar fólk sem gerir þetta allt svo miklu skemmtilegra og þar hef ég eignast marga vini fyrir lífstíð.“

Aldís Mánadóttir, framleiðslustarfsmaður í kerskála.



„Það er áskorun að láta þetta allt ganga upp og krefst mjög góðrar skipulagningar. Vinnan getur verið erfið og hentar kannski ekki öllum en fólk þetta hérna er frábært, starfsandinn góður og allir hjálpast að.“

Guðbergur Már Skúlason, stóriðjutæknir í kerskála.

Ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur í álverinu á Reyðarfirði þá hvetjum við þig til að kynna þér málið nánar. Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í gegnum netfangið starf@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Hægt er að sækja um framleiðslustörf í kerskála Fjarðaáls á www.alcoa.is. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, tala íslensku, vera með gild ökuréttindi og hreint sakavottorð. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað. Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí.

Fjarðaál
alcoa.is



477 SUMARSTÖRF

Reykjavíkurborg auglýsir 477 ný sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri.

Hægt er að sækja um margskonar störf sem snerta daglegt líf borgarbúa með ýmsum hætti með það að leiðarljósi að gera Reykjavík að lifandi og falgri borg.

Kynntu þér störfin sem eru í boði á vefsíðu Reykjavíkurborgar: reykjavik.is/sumarstorf



Tónlistarskóli Eyjafjarðar auglýsir eftir tónlistarkennurum í eftirfarandi stöður:

Tónlistar-/tónmenntakennari í 75-100% starfshlutfall. Tónlistarskóli Eyjafjarðar leitar að tónlistar-/tónmenntakennara til að kenna og móta fjölbreytta tónlistarkennslu við skólann.

Sinna þarf fjölbættri kennslu, m.a. forskóla-/tónmenntakennslu í samvinnu við leik- og grunnskóla á starfssvæðinu sem er Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstranda-hreppur og Grýtubakkahreppur. Fyrir hæfan og metnaðarfullan aðila eru möguleikar á að þróa og móta starfið en unnið hefur verið með ýmsa þætti eins og marimbukennslu, kórstarf, samsöng, rytmískt samspil o.fl. Hljóðfærakennsla getur verið hluti af starfinu ef umsækjandi óskar.

Píanókennari í 100% starfshlutfall.

Leitað er eftir kennara sem sýnir frumkvæði, mætir nemendum á áhugasviði þeirra og nýtir sér fjölbreytta kennsluhætti. Kennsla fer fram í öllum útibúum skólans.

Tónlistarkennari í 75-100% starfshlutfall.

Leitað er eftir kennara með breiðan bakgrunn sem gæti kennt fjölbreytta hljóðfærakennslu byrjenda, hópkennslu og fræðigreinar. Yfirmenn eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans en í nánnum samskiptum við aðra stjórnendur leik- og grunnskóla.

Umsækjandi hafi menntun og reynslu sem nýtist í starfi. Laun eru samkvæmt kjarasamningum tónlistarkennara við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða, akstur greiddur samkvæmt samningi. Góð samskiptahæfni er lykilatriði.

Höfuðstöðvar skólans eru á Hrafnagili innan við 10 mínútna akstur frá Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 25. maí.

Upplýsingar um starfið veitir Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri. Fyrirspurnir og umsóknir berist á netfangið te@krummi.is Skólastjóri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.



VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?



VERKEFNASTJÓRI

Deild stafrænnar þróunar óskar eftir að ráða einstakling til að verkefnastýra fjölbreyttum og krefjandi tæknilegum verkefnum. Tæknilegur verkefnastjóri sér um að þarfagreina og veita öðrum deildum og sviðum innan Isavia ráðgjöf við val á tæknilausnum. Við leitum að umbótamiðaðum einstakling, með framúrskarandi samskiptahæfni og brennandi áhuga á stafrænum og snjöllum lausnum.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, tölvunar- eða hugbúnaðarverkfræði er mikill kostur
- Þekking og reynsla af hugbúnaðarþróun og upplýsingatækni
- Reynsla af vinnu með Agile aðferðafræði
- Reynsla af því að leiða umfangsmikil þróunarverkefni og teymi
- Góð reynsla af þarfagreiningu og skilgreiningu verkefna

Starfsstöð: Hafnarfjörður

Nánari upplýsingar veitir Raquelita Aguilar forstöðumaður stafrænnar þróunar, raquelita.aguilar@isavia.is

VEFSTJÓRI

Við óskum eftir öflugum og metnaðarfullum vefstjóra til að hafa umsjón með vefjum Isavia, Keflavíkurflugvallar og dótturfélaga Isavia. Leitað er að einstaklingi sem getur greint ferðalag viðskiptavina á vefsíðum félagsins til að hámarka notendauplifun og séð til þess að vefirnir séu notendavænir, vel hannaðir og endurspegli stefnu félagsins.

Hæfniskröfur

- Mikil reynsla og þekking af vefstjórnun og vefumsjónarkerfum
- Þekking á stefnumótun netmiðla og verkstjórn
- Reynsla af textaskrifum og framsetningu á efni, góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á markaðssetningu á netinu, leitarvélabestun og vefgreiningarkerfum er kostur
- Framúrskarandi samskiptafærni og þjónustudrifið hugarfar

Starfsstöð: Keflavík og Hafnarfjörður

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Rún Guðjónsdóttir forstöðumaður viðskipta- og markaðsmála, thorhildur.gudjonsdottir@isavia.is

LÖGFRÆÐINGUR

Við leitum að lögfræðingi sem býr yfir ríkum umbótavilja og er tilbúinn að stíga af krafti inn í metnaðarfullt teymi viðskipta og markaðsmála á Keflavíkurflugvelli. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á útboðs- og þróunarverkefnum þar sem starfið snýst m.a. um umsjón útboða á sérleyfissamningum og stjórnun samningagerða vegna veitinga, verslana, samgangna ofl.

Hæfniskröfur

- Háskólagráða í lögfræði, framhaldsmenntun æskileg
- Þekking og reynsla á sviði opinberra innkaupa er kostur
- Þekking og reynsla á sviði samkeppnislaga er kostur
- Hæfni í verkefnastýringu og geta til að vinna í teymi
- Mikil hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Starfsstöð: Keflavík og Hafnarfjörður

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Rún Guðjónsdóttir forstöðumaður viðskipta- og markaðsmála, thorhildur.gudjonsdottir@isavia.is



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvæðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

UMSÓKNARFRESTUR:
16. MAÍ

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ISAVIA

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi



hagvangur.is

 **HAGVANGUR**

Vörumerkjastjóri Shell og fleiri vörumerkja

Skeljungur hf. leitar að vörustjóra fyrir Shell og önnur vörumerki. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki. Markmið Skeljungs er að hafa innanborðs áhugasamt og hæft starfsfólk, sem sýnir frumkvæði, metnað í starfi og tekur virkan þátt í að gera félagið sífellt betra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í vélfræði, bifvélavirkjun eða vélvirkjun er kostur en ekki skilyrði
- Hæfni til að veita ráðgjöf og fræðslu varðandi smuroliur og smurefni
- Góð enskukunnátta
- Reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Reynsla og þekking á samningaviðræðum/samningagerð
- Hæfni til að vinna með töluleg gögn og skýrslugerð
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Starfslýsing

- Tæknileg ráðgjöf um smuroliur og smurbúnað
- Samskipti við birgja og innkaup
- Námskeið og fræðsla
- Úrvinnsla olíurannsókna
- Öflun nýrra viðskipta
- Markaðsmál og kynningarefni
- Þróun vöruúrvals
- Skipulagning og framkvæmd sölu-hvetjandi aðgerða

Við hvetjum alla sem uppfylla hæfniskröfur til að sækja um óháð kyni. Skeljungur er jafnlaunavottað fyrirtæki og eru allar launaákvæðanir teknar á faglegum forsendum. Óútskýrður launamunur milli karla og kvenna er í dag 0,7%.

Umsóknum skal skilað á skeljungur.umsokn.is — frestur er til og með 18. maí.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og verður þeim öllum svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Guðmundur Þór Jóhannesson,
innkaupastjóri

444 3000 / guðmundur@skeljungur.is



Skeljungur



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslaunafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

VIÐ LEITUM AÐ GÓÐU FÓLKI

Kubbur óskar eftir **meiraprófsbílstjórum** og **verkafólki** til starfa við sorphirðu í Hafnarfirði.

Umsóknir sendist á kubbur@kubbur.is
Nánari upplýsingar í síma 456-4166

Kubbur ehf. er endurvinnslufyrirtæki með starfssemi á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Bolungarvík og Ölfusi.



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar hjá Tækniskólanum

- Kennari í húsmíði
- Kennari í vélsmíði
- Kennari í bókbandi
- Kennari í stálsmíði
- Kennari í prentun
- Kennari í hársnyrtið
- Kennari í rafiðngreinum

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí
[Grillaður haloumi](#)
[Sinnepssósa](#)

Hér er um að ræða æðislega sinnepssósu sem bragð er að. Þessi er einföld í samsetningu og frábær með grillmatnum í sumar eða hvers kyns fiskréttum. Sósan geymist vel og er tilvalið að búa til nóg af henni til að eiga í isskápnum.

Köld sinnepssósa

2 kúfaðar msk. majones
2 kúfaðar msk. sýrður rjómi
1 tsk. dijonsinnep
1 tsk. sætt sinnep
2 tsk. sitrónusafi
¼ tsk. hvítlaukskrýdd/duft
Salt og pipar eftir þörfum
3 msk. gróftsaxaðar sinnepsprettur

Hrærið öllu saman í skál og látið standa í minnst 15 mínútur áður en þið berið fram.



ÓMÓTSTÆÐILEGT HEINZ BRAGÐ
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR & SALT

HEINZ
ESTD 1869

Á borðum Íslendinga í næstum fjóra áratugi

Það er fátt íslenskra, sumarlegra og meira ómissandi í gleðskapinn en gamla góða Voga ídýfan frá Vogabæ og köldu sósurnar frá E.Finnsson. Á komandi vikum munu svo nýjar vörur bætast í hópinn ásamt sigildum vörum í nýjum búningi.

„Vogabær er markaðs- og söluskrifstofa Mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga í Reykjavík, og sér um alla sölu og dreifingu á vörum félagsins aðallega hérlendis,“ segir Stella Björg Kristinsdóttir, forstöðumaður sölu-, markaðs- og vörupróunar.

„Vörurnar okkar eru flestar framleiddar í Mjólkursamlaginu á Sauðárkróki, en þar á meðal eru vörumerki sem eru landsmönnum flestum vel kunn eins og Mjólka, E.Finnsson sósur, Voga ídýfur og Íslatte kaffidrykkir. Svo erum við líka með önnur vörumerki sem eru framleidd erlendis eins og próteindrykkurinn Teygur og SoNatural djúsarnir.“

Voga ídýfan í nýjum umbúðum
Stella segir engan vafa á því hvaða vara njóta mestra vinsælda á þessum tíma árs.

„Þar sem Eurovision er nú á næsta leiti þá er ekki annað hægt en að nefna Voga ídýfurnar. Það eru eflaust fá Eurovisionpartí þar sem Voga ídýfa er ekki á boðstólum. Voga ídýfur eru algjör klassiker og langvinsælasta týpan, Voga ídýfa með kryddblöndu, hefur verið óbreytt frá upphafi. Helsta breytingin hefur verið þegar nýjar bragðtegundir bætast

við í fjölskylduna.“

Stella segir mikla eftirvæntingu ríkja eftir Voga ídýfunni í nýjum og þægilegum umbúðum. „Vegna fjölda áskorana ætlum við að færa tryggum aðdáendum Voga ídýfunnar þá nýjung núna fyrir sumarið að geta keypt hana í stærri einingum, eða í 400 ml sprautubrúsa. Þannig fæst bæði meira magn en einnig aukin þægindi, til dæmis í veislum þegar maður vill geta borið ídýfurnar fram í huggulegum skálum. Þá er hægt að sprauta ídýfunni beint í skálarnar. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig viðtökurnar verða.“

Sósurnar frá E.Finnsson njóta þá ekki síður vinsælda yfir sumartímann. „Með hækkandi sól og léttari lund hefst líka grilltímabilið og þá er mikið spurt um E.Finnsson sósurnar, sem flestir landsmenn þekkja vel, enda búnar að vera á borðum Íslendinga í bráðum fjóra áratugi.“

Nýjar vörur væntanlegar

Vogabær leggur áherslu á að þróa og bjóða upp á nýjungar samhliða framleiðslu á sigildu vörum sem landsmenn flestir hafa þekkt allt sitt líf.

„Þegar maður er með svona rótgróin vörumerki er mikilvægt að sinna vel þeim trausta viðskiptavinahópi sem fyrir er, en samtímis vera vakandi yfir nýjungum og breyttum áherslum. Til dæmis fannst okkur vanta tilfinnanlega góða sósu sem hentar sérstaklega með fiski og grænmetisréttum, því munum við á næstu vikum kynna til leiks Tartarsósu sem er vel þekkt með Fish&Chips en gengur



Stella Björg Kristinsdóttir, forstöðumaður sölu-, markaðs- og vörupróunar hjá Vogabæ, segir ekkert lát á vinsældum Voga ídýfunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

líka frábærlega vel með öllum steiktum fiski og grænmeti,“ segir Stella.

„Önnur nýjung hjá okkur nú á vormánuðunum verður ný E.Finnsson Majónes vörulína. Neytendur þekkja majónes helst þannig að það sé selt í dósum, en E.Finnsson majónesið er selt í eins brúsum og E.Finnsson sósurnar. Persónulega finnst mér majónes í brúsa mjög handhægt, sérstaklega þegar maður notar bara lítið af því í einu, þá geymist það vel í lokuðum brúsanum þess á milli. Nú svo hlýtur það að vera mjög þægilegt að hafa majónesið í brúsa þegar maður er á ferðalagi eða í útilegu. Majónes vörulínan frá E.Finnsson inniheldur venjulegt majónes, Chili majónes og vegan majónes – allt í 300 ml brúsum.“

Þá eru einnig spennandi nýjungar á teiknaborðinu fyrir þau sem ekki neyta dyraaúrða.

„Af því ég nefndi áðan breyttar áherslur, þá er líka gaman frá því að segja að við höfum undanfarið ár unnið að því að þróa nýja uppskrift að vegan majónesi sem er jafnframt undirstaðan í mörgum köldum sósum. Okkur fannst að þeir sem velja vegan mataræði ættu ekki að þurfa að setta sig við minni bragðgæði í vegan útgáfunni af sósunni,“ segir Stella.

„Því lögðum við í umfangsmikla rannsóknarvinnu í það að þróa nýja uppskrift að vegan majónesi og núna sér fyrir endann á þeirri vinnu. Við munum því á næstu mánuðum kynna til leiks nýtt og bætt vegan E.Finnsson majónes og vonandi síðar líka vegan útgáfur af helstu köldu E.Finnsson sósunum.“



Sætar og sumarlegar krásir á grillið

Grillmat er góður og enn betri þegar sætir ábætisréttir krauma með á grillinu til að maula og njóta eftir gómsætan aðalrétt.

Sumarið er tíminn til að gera vel við sig í mat og drykk á björtum sólskinsdögum. Fátt er eins lokkandi og sumarlegt og góð grillangan og fáir sem standast góðan grillmat. Þá er punkturinn yfir i-ð að skella ferskum eftirrétt á grillið í lok máltíðar. Ávextir koma einstaklega vel út á grilli, einir og sér, kryddaðir og sætaðir, en við það að grillast kemur fram nýtt og yndislegt bragð. Hér eru gefnar fáeinir hugmyndir að frískandi eftirmat af grillinu, bæði í léttari kantinum og sem þyngri og sætari eftirréttur.



Grillaðar, ferskar ferskjur með vanillúis og hlýnsírópi eru lostæti.



Grillaður banani er sannkallað sælgæti og sigildur ábætisréttur af sumargrillinu. Hýðið er opnað langsum, dýrindis súkkulaði stungið ofan í bananann og grillað í álpappír. Borið fram með is eða þeyttum rjóma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Smoires, eins og það heitir á ensku, er dásamlegt grillgotteri. Notið Ritzkex eða hafrakex, setjið sykurpúða og súkkulaði á milli og grillið.



Hver hefði trúað því að jarðarber væru góð á grillið? Setjið þau á tein og setjið lítinn rósarinkvist með og grillið á vægum hita.



Grillaður, ferskur ananas gleður bragðlaukana og sjáið hvað er fallegt að skera út blóm úr sneiðunum.

Færum eldhúsið undir beran himin



Skoðaðu úrvalið á weber.is
- Weber á Íslandi -



Hallur Geir Heiðarsson er rekstrarstjóri Nettó-verslananna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Undir merki Kjötborðsins fæst ferskt og ókryddað grillkjöt fyrir þá sem vilja marinera og krydda grillmat sinn sjálfir.



Grillmarinagar frá Kjötborðinu kóróna grillmáltíðina.

Úrval af fersku og gómsætu grillkjöti er hvergi ríkulegra en í verslunum Nettó og fæst á sama verði á öllu landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nettó fremst í fersku og gómsætu grillkjöti

Dýrindis dádýr, kengúrur, alifuglar, steikur í freistandi marineringum og ferskur fiskur eru meðal þess sem Nettó býður landsmönnum á sumargrillið úr kjötborðinu og auðvitað æðislegt meðlæti og sósur með. Hægt er að elta sólina í sumar og grilla hvar á landinu sem er því sama góða verðið er í öllum nítján Nettó-verslunum um land allt.

„Við hjá Nettó erum stolt af „Kjötborðinu“ okkar því rétt eins og á árum áður er kjötborðið stolt hvers kaupmanns og við vinnum með þá mynd,“ segir Hallur Heiðarsson, rekstrarstjóri Nettó-búðanna.

„Kjötborðið“ sem Hallur vísar til er vörumerki Nettó í ferskum kjötvörum.

„Undir merkjum Kjötborðsins fá grillarar landsins 100 prósent ferskt og ómeðhöndlað kjöt, allt huggulega snyrt og vel fram borið. Við notum eingöngu íslenskt hráefni í þessa línu og fólk getur alltaf gengið að 100 prósent gæðum,“ upplýsir Hallur.

Fyrir þá sem vilja skara fram úr í takti við indælt vor og ilmandi

grillangan sem líður um loftin hafa nýjar vörur bæst við freistandi úrval Kjötborðsins.

„Fyrir þá sem vilja skara fram úr við grillið bjóðum við upp á ómótstæðilega grillkjötslínu úr Kjötborðinu, úr fersku, ókryddaðu og ómarineruðu lamba-, nauta- og svínakjöti. Hún nýtur mikilla vinsælda því fjöldi þeirra sem vilja krydda sitt kjöt og marinera það sjálfir fer ört vaxandi. Þá erum við líka með nýja línu af kryddmarineringum undir Kjötborðsvörumerkinu, meðal annars úr trufflum og grillsmjöri yfir í suðrænar og seiðandi kryddmarineringar,“ upplýsir Hallur um heillandi steikur sem Nettó býður á grillið.

„Við hjá Nettó gerum okkur líka grein fyrir að til þess að skara fram úr þurfum við að bjóða enn fjölbreyttari flóru af grillmarineruðu kjöti en aðrir, og það gerum við undir merkjum Kjötborðsins. Nú í fyrsta sinn getur fólk valið á milli fjölbreytts úrvals af hefðbundnu grillkjöti og einhvers meira framandi, svo sem dádýrasteikur í trufflu og kengúru-fille með reyktum pipar,“ segir Hallur.

Alifugl verður sífellt vinsælli á grillið og Nettó mælir því að sjálfsögðu með grillmarineruðum kalkún og kjúklingi í úrvali.

„Það er engu líkara að fólk líki vel við þann sælkeramat því sala á marineruðum kjúklingabringum hefur aldrei verið meiri en þessa dagana,“ segir Hallur.

„Endrum og sinnum náum við líka góðum kaupum á hrossakjöti og skilum því þá hratt til viðskiptavina en hrossakjöt er ekki í jafn stöðugu vöruframboði og folaldakjöt sem á sér nú fastan sess í hillum okkar.“

Aðal grillbúðin á landinu

Nettó er aðal grillbúðin á landinu. Þar fást einnig gæða grillsósar sem fullkomna máltíðina.

„Með grillmat er ómissandi að bjóða upp á Kjötborðs-grillsósurnar okkar. Þær eru meiriháttar einfaldar lausnir fyrir þá sem vilja bara grilla góða steik og henda í fljótlegt og lostætt meðlæti,“ segir Hallur.

Hann segir Nettó fyrsta valkost hjá öllum metnaðarfullum grillurum.

„Okkar leiðarljós er að bjóða eingöngu fyrsta flokks gæði á besta

Undir merkjum Kjötborðsins fá grillarar landsins 100 prósent ferskt og ómeðhöndlað kjöt, úr íslensku hráefni og alltaf í fyrsta flokks gæðum.

Hallur Geir Heiðarsson

mögulega verði og gott úrval. Til að geta skarað fram úr í fiski jafnt sem kjöti gerðum við samning við Hafid, eina fremstu fiskbúð landsins, sem sér okkur stöðugt fyrir fersku sjávarfangi og þar halda langa, lax og bleikja sínum sess sem vinsælasti fiskurinn á grillið.“

Nettó opnar í Mosó í sumar

Nettó er nú með átján búðir um land allt og í sumar bætist sú nítjándi við í Mosfellsbæ.

„Því er leikur einn að elta sólina í sumar og nálgast uppáhalds grillmatinn sinn í Nettó hér og þar, því

grillkjötið er á sama verði hvar sem er á landinu,“ upplýsir Hallur.

„Í hverri viku er Nettó með verðsprengju í verslunum sínum á kjöti og í sumar verður grillið auðvitað í aðalhlutverki,“ segir Hallur og gefur lesendum uppskrift að dýrindis grillaðri nautasteik með Bernaise-sósu frá Kjötborði.

Grilluð nautalund með Bernaise

Takið nautalund úr ísskáp og látið standa á bekk. Penslið lundina með smjöri og saltið með grófu gæðasalti, duglega eða jafnvel óhóflega. Setjið lundina því næst á svaka hita á grillið og snúið reglulega þar til steikin er orðin vel lokuð. Lækkið þá hitann eða setjið steikina á efri grind. Þar er henni snúið reglulega í 15 til 20 mínútur, eða þar til kjötmælir sýnir 57°C í kjarnhita. Þá er steikin tekin af grillinu og látin standa í rúmar 10 mínútur, en sú hvíld skiptir jafn miklu máli og grillunin.

Borið fram með meðlæti og Bernaise-sósu frá Kjötborði.

Nettó er um land allt. Hægt er að gera innkaupin líka á netto.is

NÁÐU Í APPIÐ
OG BYRJAÐU
AÐ SPARA

samkaup
VERSLUN VIÐ HENDINA



GILDIR Í YFIR 60
VERSLUNUM
UM LAND
ALLT

50.000 kr.
Inneign

MEIRI
AFSLÁTTUR
OG FRÁBÆR
TILBOÐ!





Það er mikilvægt að þrifa grill vel.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Góð ráð fyrir grillbursta

Það er alltaf mikilvægt að þvo grill vel en það er líka mikilvægt að nota réttu tólin til þess.

Samkvæmt grillframleiðandanum Weber á að skipta út grillburstum á hverju ári og jafnvel oft en það er grillað oft yfir sumarið. Margir geyma grillburstann úti og þeir geta oft fengið slæma útreið frá veðrinu, í bland við að vera nuddað fast við heitt grillið. Þess vegna er mælt með að athuga ástandið á burstanum áður en hann er notaður. Laus hár geta farið í mat og jafnvel valdið meiðslum, og ef þau eru byrjuð að losna þarf að losa sig við burstann.

Weber segir bestu grillburstana vera með ryðfríum hárum sem eru vandlega fest við burstahausinn og handfangið. Einnig er mælt með að velja bursta með nógu löngu handfangi til að það þurfi ekki að fara mjög nálægt heitu grillinu. Þá er gott að vera með grillhanska til að verja hendur og framhandleggi þegar heitt grillið er burstað.

Ef grillgrindin en húðuð með mjúkum málmí eða postulíni ætti að nota bursta með mýkri málmí, eins og kopar, því annars gæti burstinn valdið skemmdum á grindinni.



Vissir þú?

... að algengasta máltíðin sem fer á grillið eru hamborgarar, samkvæmt bandarískri könnun um grillsiði vestanhafs. Steik er í 2. sæti, pylsur í því 3. og kjúklingur í 4. sæti?

... að þar í landi er vinsælasti grilldagur ársins þjóðhátíðardagurinn, og það sama á við um Kanada?

... að algengasta meðlætið sem fer á grillið eru maísstonglar, kartöflur og grillað grænmeti?

... að orðið „barbeque“ er talið eiga uppruna sinn úr spænska orðinu „barbacoa“ sem fylgdi Fransmönnum úr karabískum nýlendum?

... að flestir grilla heima en grillmat er tengist líka útilegum, sumarhúsum, almenningsgördum og íþróttaviðburðum sterkum böndum?

... að BBQ-sósur hafa mismunandi bragð eftir heimshlutum. Sums staðar eru sósurnar disætar, aðrar kryddaðar og sterkar.

... að flestir grilla sér mat til að njóta góða grillbragðsins, á meðan aðrir hafa einfaldlega gaman af því grilla eða að skemmta gestum yfir tilheyrandi grillstemningu?

... að ómissandi búnaður við grillmennsku er bursti til að hreinsa grillið, grilltangir og grillhanskar?

Frábærar tacorúllur

Fylltar tortillur eru þægilegur réttur þegar fólk hefur ekki mikinn tíma. Upplagt er að nota grillið og grilla tortillurnar áður en þær eru fylltar. Það er líka hægt að fylla kökurnar, rúlla þeim upp og setja síðan á grillið.

Fylling

[Kjúklingabringur](#)

[1 rauðlaukur](#)

[1 msk. olía](#)

[200 g rifinn ostur](#)

[2 tsk. tacokrydd](#)

[8 miðstórar tortillur](#)

Dressing

[½ dós sýrður rjómi](#)

[2 hvítlausrif](#)

[Salt og pipar](#)

Pressið hvítlaukinn úr í sýrðan rjóma og hrærið saman, bragðbætið með salti og pipar. Gott er að



Grillaðar tortillakökur eru mjög góðar. Fyllingin er bara eftir smekk.

setja smá límónusafa og hunang saman við ef vill.

Penslið bringurnar með olíu og dreifið tacokryddi yfir eða setjið bringurnar í marineringu, til dæmis í BBQ-sósu. Grillið í sex mínútur á hvorri hlið, fer þó eftir stærð. Skerið þær niður í lengjur. Veljið grænmeti að eigin ósk, lauk og setjið í grillaða tortillu ásamt ostinum. Það má setja salsa ef fólk vil með hvítlaukkssósunni. Rúllið kökunum upp.

Making our world more productive



AGA GAS ALLS STAÐAR

Smelt eða skrúfað?
Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI FYRIR AGA GAS Á GAS.IS

Athugið að slanga og annar gasbúnaður leki ekki | Látið hylkið standa upprétt
Varist að setja hylkið undir grill | Skrúfið fyrir gasið á hylkinu strax eftir notkun
Notið víðeigandi þrýstjafnara | Athugið að propangas er afar eldfimt

Linde Gas | Breiðhöfða 11 | Reykjavík | 577 3000

SUMARKJÓLAR OG SUNDFÖT

Stærðir 14-28 eða 42-56

Þú getur skoðað úrvalið og pantað í netverslun
www.curvy.is

Afgreiðslutímar í verslun Curvy við Grensásveg
Alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR Eða MEIRA



Klórþolinn
Sundbolur
14.690 kr




Sumarkjól frá
Kaffe Curve
14.990 kr



Túnika
4.990 kr



Klórþolinn
sundbolur
14.990 kr



Bikíní toppur
8.990 kr

Háar aðhalds
bikíní buxur
6.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star, en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda yfir fimm tíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsuþotarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum. Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimm tíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannlíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim, en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann. Magnús, sem er 71 árs, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti



» Ég hef tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting.

ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is.

Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum, heilsuþúðum, í Hagkaupum og í Fjarðarkaup.



Magnús er betri í hnám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. Hylkin eru nú komin í nýjar umbúðir eins og sjá má á myndinni.

Ársfundur LSR

Ársfundur LSR verður haldinn þriðjudaginn 25. maí 2021 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar LSR
- Ársreikningur 2020
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Önnur mál



LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11, 105 Reykjavík / Sími 510 6100
www.lsr.is

Örmagna mæður

Móðurhlutverkið getur verið býsna krefjandi en afmælisbarn dagsins í dag, Sir David Attenborough, sagði eitt sinn að náttúran væri ekki blíð við svefnvana mæður. Á morgun er mæðradagurinn og því tilvalið að gægjast örstutt inn í heim mæðra úr dýrarikinu.

hjordiserna@frettabladid.is

Visindamenn segja að á sama tíma og mæður úr dýrarikinu þurfi að huga að öryggi og næringu lifandi afkvæma sinna þurfi þær einnig að gæta þess að eiga nægilega orku fyrir afkvæmi framtíðarinnar. Því séu „bestu“ mæðurnar þær sem séu í góðu formi eða þær sem tilheyri stærri hópum þar sem aðrir sinna einnig afkvæmunum. Það bitni hins vegar oft á lægra settum mæðrum sem eiga á hættu að vera útskúfadar eða afkvæmi þeirra drepin til þess að komi í veg fyrir samkeppni um umönnun afkvæma.

Erfiðar ákvarðanir

Það er gríðarleg orka sem fer í að ganga með og svo fæða afkvæmi en til eru ótal dæmi um það hvernig mæður í dýrarikinu ganga á eigin birgðir til þess að auka lífslíkur afkvæma sinna, jafnvel þó að það geti kostað þær lífið. Þetta á vel við um sæotra en kvenkyns sæotrar eyða um helmingi hvers árs á



Sæotramóðir handmatar ungan sinn með nýveiddum krabba sem hún veiddi við strendur Kaliforníu í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Það er því kjörið að leiða hugann að þeim fórnunum sem náttúran krefst af mæðrum.

sínum fullorðinsárum í að fæða að minnsta kosti eitt afkvæmi.

Það sem gerir þetta ennþá strembnara er að fullorðnir sæotrar þurfa að innbyrða fjórðung líkamsþyngdar sinnar af fæðu á hverjum degi til þess að lifa af. Þegar afkvæmi er komið í spilið getur þessi þörf tvöfaldast sem þýðir að móðirin þarf að útvega enn meiri fæðu. Mæðurnar eiga

því á hættu að verða veikburða og geta jafnvel drepist vegna sýkinga eða sára vegna þess hve orkulítlar þær eru. Stundum verður þetta til þess að þær neyðast til að taka erfiðar ákvarðanir og jafnvel yfirgefa afkvæmi sín í von um að betur gangi með næstu afkvæmi.

Ljóst er að hlutverk og framlag mæðra til viðhalds tegunda er ómetanlegt en því miður fá alltof margar mæður lítið ef nokkurt þakklæti fyrir erfiði sitt og raunir. Það er því kjörið að nýta mæðradaginn á morgun til þess að leiða hugann að þeim fórnunum sem náttúran krefst af mæðrum og jafnvel þakka þinni eigin fyrir lífsgjöfina.

Bílar & Farartæki

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óska eftir húsbílum, hjólhýsum og öllum tegundum ferðavagna á söluskrá og á staðinn.

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfða í húsn. Bilalindar,
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

KRÓKUR


ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppbóðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

AÐALKAUP



RAFMAGN'S GOLF!!!

VW GOLF E LUX. Ágerð 2016, ekinn aðeins 59þ.km., rafmagn, sjálfskiptur. Algjör molí sem vel hefur verið hugsað um! Leður, bakmyndavél, leiðsögukerfi o.fl. Verð 2.577.000. Rnr.120462.

AÐALKAUP



7 MANNA - DÍSEL - 4X4

CHEVROLET Captiva 7 manna. Ágerð 2015, ekinn aðeins 88þ.km, diesel, sjálfskiptur. Með dráttarkrókl. Verð 2.477.000. Rnr.120451. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup, Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bilasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is



Toyota Verso Live. 5/2016. 7 manna. Ekinn aðeins 80 þús km. Sjálfskiptur. Kemur frá góðu heimili og er með topp þjónusta sögu. Verð 2.680.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hannar Helgason, hannah@frettabladid.is
Anna Rut Kristinsdóttir, annarut@frettabladid.is

Þjónusta

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagir
- » Hellulagir
- » Þökulagir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstipvóum,vatnsverjum og styrkjum steingu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Húsaveiðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLOTUN

Tek af mér að flota gólf og fl.

Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma: 777-2242



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.



Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Síðunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.



Stækkaðu húsið eða íbúðina með svalalokun frá Cover!

Normx getur nú boðið svalalokanir frá hinu þekktu finnska fyrirtæki Cover.

Cover kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförunum árum.



Rammalaus og nútímaleg hönnun Cover glerbrautakerfisins ýtir undir feður fasteignarinnar og eykur notkunargildi frá örfáum dögum í ári í heilsársnotkun. Cover verndar og heldur viðhaldi í lágmarki á því svæði sem það hylur.



Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra
starfa um lengri
eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt
& Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Kassagítarar
á tilboði**

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakki, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204



TILBOÐ

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með
höfuðpúðum og skammel, grár. St.
90X220 og skammel 70X85. Tilboð
óskast S. 663 3313

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Sumarbústaðir



Nýtt 34m² hús, klárt til flutnings.
70mm bjálki með tvöfaldrí nót.
Eitt svefnherbergi, salerni og
stórt alrými. Rafagnir klárar og
gólfefni komið. Teikningar fylgja
með. Tilboðsverð kr 6.500.000.-
Upplýsingar í síma 892-1882.

SKRÁDU ÞIG Á

PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins
sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnuhúsnæði



Til leigu nýtt 208m²
atvinnuhúsnæði við Bugðufjót
í Mosfellsbæ. 2 stórar
innkeyrsluhurðir. Kaffistofa og
snyrting. Mjög hátt til lofts. Afgirt
útsvæði með rafmagnshliði. Laust
strax. Nánari upplýsingar veitir Elli í
síma 892-1882

Til leigu eða sölu 50 m² bil +
milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða
geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

HEIDARLEGUR KK LANGAR
AÐ KYNNAST KVK

Mig langar að kynna konu um
60+ sem er til í að hittast yfir
kaffibolla, göngutúr og fl.
Vera með opinn hug varðandi
framhaldið ef að bæði hafa
áhuga.

Endilega hafið samb.
í s. 823 6329



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Ábendingahappinn
má finna á
BARNAHEILL.IS




SAFT

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18-49 ára lesa
Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóra og
snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar
og öll almenn bólstrun. Við erum
þekktir fyrir fljóta og góða
þjónustu. Skoðið video af vinnslu
á www.hsbolstrun.is

FYRIR **EFTIR**

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok
og yfirbreiðslur á allar
tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Ferðaðþjónustuhús

Vönduð hús sem henta
vel í ferðaðþjónustuna,
afhendað fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

BIOThERM

THE POWER OF LIFE PLANKTON



CHRISTY TURLINGTON BURNS

COMMITTED TO A
BETTER FUTURE
FOR OUR OCEANS
SINCE 2012



BIOThERM
WATER LOVERS



**KEMUR Í VEG FYRIR ÖLDRUNAREINKENNI
VEGNA SKORTS Á ÞÉTTLEIKA HÚÐAR
HÚÐIN FÆR LYFTINGU, ÞÉTTLEIKA OG ENDURHEIMTIR LJÓMA**

BLUE THERAPY

„Red Algae“ er einstakur rauðþörungur sem finnst við strendur Atlantshafs. Biotherm gefur einstaka blöndu þörunga og kollagenpeptíða sem veita húðinni þéttleika, lyftingu og aukinn teygjanleika.

BIOThERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT



Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega.

Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma. Einnig til fyrir þurra húð og næturkrem.

BLUE THERAPY AMBER ALGAE REVITALIZE



Blue Therapy Amber Algae Revitalize dagkrem fyrir andlit, háls og bringu sem hentar fyrir þroskaða húð.

Kremið inniheldur einstakan Amber Algae þörung, Life plankton™ auk uppbyggjandi efna. Það er orkugefandi, nærandi, dregur úr öldrunareinkennum og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

Húðin verður frísklegri, með meiri ljóma, mýkri og vel nærð. Einnig til næturkrem.

BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL



Viltu samstundis mýkt og næringu?

Uppbyggjandi virkni „sea sugar“ og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina. Kremið vinnur hratt gegn sjáanlegum öldrunareinkennum.

Á aðeins 2 vikum endurheimtir jafnvel þurr húð sjáanlega mýkt, þéttleika og ljóma.

BLUE THERAPY ACCELERATED



Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar“ við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.



Handan við frönsku byltinguna



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
sigmundur
@frettabladid.is

Tuttugu ár eru um þessar mundir liðin frá stofnun Fréttablaðsins – og voru afmælinu gerð góð skil í helgarblaði nýlega og sömuleiðis í sérstökum viðhafnarþætti á Hringbraut á miðvikudagskvöld. Rík ástæða er til að rifja upp sögu blaðsins, sem er í senn litrík og merkileg, en hún er einnig og ekki síst áminning um mikilvægi frjálsrar fjölmiðlunar gagnvart ofríki stjórnmalamanna, stjórnsýslu og hagsmunaafla í atvinnulífinu.

Og sú saga má ekki gleymast. Hún þarf að vera ljóslifandi fyrir hugskotssjónum allra fjölmiðlamanna um ókomin ár, svo og allra annarra talsmanna og áhugamanna um tjáningarfrelsi og nauðsyn upplýstrar umræðu og afhjúpunar á því sem þar leynist og á að vera almennungi aðgengilegt í opnu samfélagi.

Saga Fréttablaðsins er einmitt táknað í þessu efni. Hún er lexía í lýðræði, hún er aðvörum um að láta óttann ekki ráða – og svo það sé bara sagt; hún á umfram allt að segja okkur að ofstofafullir einræðistilburðir eru ekki og verða ekki liðnir í landinu.

Höldum aftur á síðustu öld. Framan af henni var Ísland að efnast og öðlast sjálfstæði með þeim afleiðingum að valdið færðist smám saman úr höndum danskra höndlara og Hafnarmanna til íslenskra auðmanna sem áttu sér flestir drauma um sterk og vegleg stjórnmalasamtök sem stýrðu hér málum í þeirra þágu. Og það gekk eftir í meginatriðum, enda dafnaði flokkurinn ríkulega um og upp úr öldinni, ekki síst sakir þess að öll helstu fyrirtæki landsins greiddu honum tíund af trúarástæðum.

Flokkurinn varð því sterkur og stór í krafti fjármagns sem fór í byggingu höfuðstöðva og hélt úti starfi hans í öllum landshlutum.



Ógleymanlegt er þegar Ólafur Ragnar Grímsson hafnaði sömuleiðis þessu frumvarpi um mestu inngríp framkvæmdavaldsins í fjölmiðla á Íslandi.

En svo breyttist allt eftir að síðasti fjórðungur aldarinnar gekk í garð. Kvænnafrídagurinn og stofnun Dagblaðsins árið 1975 breyttu yfirbragði samfélagsins, í fyrstu án þess að landsmenn tækju eftir því, en síðar með augljósum afleiðingum, eða sem nemur afhjúpun samfélagsins; það reyndist alls ekki vera jafn einsleitt og ætla mætti, heldur bæði kúnstugt og kynlegt, enda kaus það konu á forsetastól og kvænna fjöld á þing og stofnaði Samtökin '78 um svipað leyti. Við vorum sumsé alls konar.

Gott ef atvinnulífið varð ekki líka svolítið hinseginn. Alltént komu til sögu stórfyrirtæki sem litu ekki lengur á það sem sjálfsagðan hlut að gjalda keisaranum það sem keisarans var. Erindrekum flokksins var sumsé snúið við á dyramottunni í Bónus og Stöð 2, tveimur nýjum fyrirtækjum sem stofnuð voru á áratugnum eftir áður nefnda upplýftingu samfélagsins. Hér bar nýrra við. Það var komin ný hugsun, jafnt í fjölmiðlum og fyrirtækjarekstri öðrum.

Þeir sem rýnt hafa í þetta umróta-skeið í íslensku samfélagi eru margir þeirrar skoðunar að þarna hafi Sjálfstæðisflokknum ekki litist á blikuna, eða öllu heldur verðandi formanni hans, Davíð Oddssyni, sem gekk inn rauða dregilinn í Súlnasal Hótelis Sögu vorið 1990 með 60 prósentu fylgi Reykvíkinga, meira en

nokkru sinni, bæði fyrir og síðar, sem skilaði honum rակleidis í landsmálin og til lengstrar setu í oddvitasæti ríkisstjórnar sem sögur fara af.

Og allir þekkja að vald hans varð ærið á þeim tíma. Hann hafði flokkinn í vasanum og virtist ósigrandi á öllum sviðum stjórnmalanna, enda virtust honum allir vegir vera færir. Allt þar til einn maður varð þar fyrir.

Forsetinn.

Fram að því var óvildin orðin augljós í garð þeirra fjölmiðla sem voru í eigu fyrirtækja sem neitað höfðu að greiða það sem flokknum bar. Þeir voru uppnefndir og þeim gerðar upp sakir um annarleg skrif og undirferli í faginu. Það urðu til Baugsmiðlar og Baugspennar. Og allir þekkja þá áralöngu smjörklípu sem ættuð er úr einum og sama manningum.

En ekki dugði óvildin ein. Af hverju ekki að nota einmitt óskorað vald sitt til að afnema þennan miðil, eyðileggja hann með öllu?

Svarið birtist á borði ríkisstjórnarinnar þann 20. apríl 2004 í formi fjölmiðlafrumvarps sem byggði á álitni nefndar á vegum stjórnvalda þar sem dregnar voru fram staðreyndir um umsvif fyrirtækja sem eiga jafnframt í fjölmiðlum.

En nú fannst jafnvel Framsókn nóg um. Ráðherrar gamla bændaflokksins urðu beinlínis hvumsa við langborðið í Stjórnarráðshúsinu, svo sem skrifað stendur í ævisögu Guðna Ágústssonar, landbúnaðarráðherra í stjórn Davíðs: „Það er greinilegt á vandræðalega andrúmsloftinu að Davíð hefur ekkert rætt þetta frumvarp við Halldór Ásgrímsson, formann Framsóknarflokksins, og hvað þá aðra ráðherra flokksins. Það er bersýnilegt að frumvarpið kemur flatt upp á alla ráðherra flokksins...“

Skemmst er frá því að segja að

Halldór gaf frumvarpinu falleinkunn, kvað það ekki standast nokkra skoðun, enda fæli í sér að fyrirtækjasamtæður sem eru í markaðsráðandi stöðu megi ekki eiga stakasta aur í fjölmiðli með útvarpsleyfi. Hér væri veist að sjálfri stjórnarskránni.

En Davíð gaf sig ekki. Hann kallaði til Sigurð Lindal, lögfróðasta mann landsins um þær mundir, svo gefa mætti frumvarpinu fina umsögn. En það fór á annan veg. Fræg er sena sú á skrifstofu forsætisráðherra þegar Lindalinn leit yfir frumvarpið og blimskakkaði svo augunum yfir á Davíð og æðstu menn ráðuneytisins, en spyr svo nokkuð ákveðið; eruð þið ekki að grínast? Og af því að nástaddir komu ekki upp orði, svaraði sá lögfróði maður sjálfur; þetta frumvarp er handan við frönsku byltinguna!

Sumsé, einræði var það – og einræði hét það.

Ógleymanlegt er þegar Ólafur Ragnar Grímsson hafnaði sömuleiðis þessu frumvarpi um mestu inngríp framkvæmdavaldsins í fjölmiðla á Íslandi.

Hans rök voru skýr. Íslensk stjórnskipan byggir á þremur aðgreindum stöðum löggjafarþings, framkvæmdavalds og dómstóla, sem, vel að merkja, í anda frönsku byltingarinnar eiga að vera sjálfstæðar svo þær geti haft eftirlit hver með annarri. Ólafur Ragnar mat það svo að frumvarpið væri aðför að þrískiptingunni – og þá ekki síður fjórðu stöðinni, fjölmiðlavaldu sem þjóðarsamtæða væri um að væri til staðar í stjórnkerfi landsins. Og hann vísaði því málinu til þeirra sem í raun og veru ráða – og eiga alltaf að ráða, þjóðarinnar.

Fréttablaðið lifir enn, finu lífi. Og Fréttablaðið er áminning um þessa sögu. Hún er áminning um tilraun til valdaráms á Íslandi.

Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Fjölmiðlar og landsbyggðir

Málstofa á vefnum

12. maí kl. 9 – 10.30

Fjallað verður m.a. um vægi og birtingarmyndir íbúa á landsbyggðunum í fréttá- og dagskrárefni, mikilvægi staðbundinna fjölmiðla, hlutverk og skyldur almannapjónustumiðla gagnvart dreifðum byggðum og farið yfir dæmi frá Norðurlöndum.



Setning

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Horft út um glugga borgarmúrsins

Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi og formaður stjórnar SSNE

Vandi staðbundinnar fjölmiðlunar

Birgir Guðmundsson, dósent við fjölmiðlafræðideild Háskólans á Akureyri

Hvítu blettirnir í fjölmiðlun: Lærdómur frá Norðurlöndunum

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar

RÚV okkar allra

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri

Landshlutasamtök sveitarfélaga standa að viðburðinum í samstarfi við Byggðastofnun, RÚV, Háskólann á Akureyri og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Málstofunni verður streymt á Youtube. Sjá nánari upplýsingar á Facebook-viðburðinum **Fjölmiðlar og landsbyggðir**



TÍMAMÓT

KIRKJULAND



Við framleiðum mjög vandaða krossa á leiði með merkingu.

Hafið samband í síma 895 7745.
Sendum um allt land.

Allar uppl. og myndir www.skiltiogmerkingar.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Sigurðsson

véltækniþræðingur,
Skógarseli 43,

lést miðvikudaginn 5. maí á
krabbameinsdeild Landspítalans.

Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn
19. maí kl. 13. Einnig verður streymt frá athöfninni á
www.seljakirkja.is.

Árný Kristjánsdóttir

Gunnur Helgadóttir

Sigrún Helgadóttir

Baldvin Þ. Kristjánsson

Jón Bragi Bergmann

barnabörn og langafabörn.



Magnús Tumi á skrifstofu sinni í Öskju. Hann hefur kennt við Háskóla Íslands í 27 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALL

Fær eldgos á stórafmælum

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, er sextugur. Hann varð ungur forvitinn um landið og hefur miðlað af þekkingu sinni í áratugi.

Fyrsta spurning til Magnúsar Tuma í tilefni sextugsafmælisins í dag er rándýr: Verður boðið upp á gos og hraun í afmælinu? Hann hefur örugglega heyrt hana oft áður og svarar að bragði: „Ja, ég er nú meira fyrir hlaup!“

Við erum stödd í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, þar sem Magnús Tumi er prófessor, svo vill til að eldfjallið Askja gaus árið sem hann fæddist. Síðan hafa íslensku eldfjöllin oft rumskað honum til heiðurs kringum stórafmæli. „Hekla var ári of snemma á ferðinni 1970 en gaus bæði 1981 og 1991, þegar ég varð tvítugur og þrítugur,“ segir hann kíminn. „Ég var 35 ára þegar Gjalp gaus 1996 og Grímsvatnagosíð 2011 bar upp á daginn sem ég hélt upp á fimmtugsafmælið, 21. maí. Sumir sem boðnir voru í veisluna mættu ekki heldur fóru að gosinu en ég ákvað að biða með það til næsta dags.“

Nú reyna Geldingadalir að gleðja vísindamanninn á sextugasta afmælisárinu, hann er ekkert gríðarlega spennur en fylgist með gosinu á skjánum og er að undirbúa ferð þangað með nemendum.

Snemma beygðist krókurinn

„Ég fékk strax mikinn áhuga á landinu sem strákur. Átti tvo föðurbræður sem voru jarðfræðingar. Jens og Hauk Tómassyni, og fannst voða heillandi það sem þeir voru að gera,“ lýsir Magnús Tumi. „Um fermingu byrjuðum við nokkrir félagar að ferðast með Ferðafélagi Íslands, svo gekk ég í Alpklúbbinn sextán ára og fór að klífa tinda og var á



Við Anna Línal, kona mín, fórum í brúðkaupsferð á skiðum yfir þveran Vatnajökul, úr Kverkfjöllum að Þumli og niður í Skaftafell 1986.

fjöllum nánast um hverja helgi frá fimmtán ára aldri fram yfir tvítugt. Við Georg Guðni listmálarí vorum systkinasynir, jafnaldrar og vinir. Hann byrjaði ungur að mála á Tungnáröræfum þegar faðir hans var að vinna við Hrauneyjar og ég var á sama svæði við mælingar í nokkur sumur vegna virkjanarannsóknna. Það var ágætur skóli. Ég hafði gaman af reikningi og var með góðan eðlisfræðikennara í MS, Þorvald Ólafsson, svo ég fór í jarðeðlisfræði. Vann líka um tíma fyrir Helga Björnsson jöklafræðing og það jók áhugann á jökulum og hlaupum.

Draumur varð að veruleika

Jöklafræðingurinn sem Magnús Tumi gekk í þegar hann var 17 ára og hefur verið formaður í 23 ár, varð til þess að Grímsvötn urðu í upphaldi hjá honum. „Á árunum 1986-87 kynntist ég víðáttum Vatnajökuls. Við Anna Línal, kona mín, fórum í brúðkaupsferð á skiðum 1986 yfir þveran Vatnajökul, úr Kverkfjöllum að Þumli og niður í Skaftafell. Síðan fluttum við til London í framhaldsnám,“ lýsir hann. Í doktorsnámi kveðst hann hafa fengið samþykki leið-

beinanda síns fyrir að gera lokaverkefnið um Grímsvötn og út frá því hafi gosið í Vatnajökli 1938 sem olli stóru hlaupi með jakaburði í Skeiðará líka vakið rannsóknarþörf. „Ég vonaðist til að fá að upplifa eitthvað svipað og sá draumur raungerðist þegar Gjalp gaus 1996. Það gos hafði mikil áhrif á minn feril.“

Heppnin hefur verið með Magnúsi Tuma því síðan hann kom heim frá námi hafa flest eldgos á Íslandi orðið í jökulum. „Ég hef verið kringum þau gos og unnið við hættumat vegna náttúruvár, sérstaklega á Suðurlandi, þar sem Kötlugos vofir alltaf yfir. Það skilaði miklum árangri þegar Eyjafjallajökull gaus. Hef tekið þátt í mörgum fundum með heimafólki og það er lærdómsríkt og gefandi. Hjarta mitt slær úti á landi við rannsóknir. Ég hef unnið með góðu fólki og ef ég á að nefna einhvern einn vísindamann þá er Guðrún Larsen okkar besti gjóskulagafræðingur. Starf í raunvísindum er mikið hópstarf þar sem fólk með mismunandi styrkleika bætir hvert annað upp og treystir hvert öðru, líkt og í sögunni um Velvakanda og bræður hans.“

Fínir krakkar

Í lokin er forvitnast aðeins um fjölskylduna. „Við Anna eigum tvö uppkomin börn, Rögnvald, eðlisfræðingur sem vinnur á Ísor, fyrirtæki í orkurannsóknnum, og Kötlu Sigríði sem er lærð í kvikmyndafræði og stundar nú framhaldsnám í viðskiptafræði,“ upplýsir Magnús Tumi og bætir við brosandi: „Ég er ánægður með krakkana okkar.“

gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson

www.utforin.is

Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441



Óli Pétur
Útfararstjóri
s. 892 8947

Hinrik Valsson
Útfararstjóri
s. 760 2300

Dalsbyggð 15, Garðabæ
Sími 551 3485
osvaldutfor@gmail.com

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



Við tökum vel á móti ástvinum
í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Merkisatburðir

1835 Fyrstu ævintýri H.C. Andersen eru gefin út í Danmörku, þar á meðal Eldfærin og Prinsessan á bauninni.

1865 Hilmar Finsen er skipaður stiftamtmaður yfir Íslandi.

1933 Mohandas Karamchand Gandhi byrjar hungurverkfall til að mótmæla kúgun Breta á Indlandi.

1945 Síðari heimsstyrjöldinni lýkur með uppgjöf Þjóðverja.

1969 Sædýrasafn er opnað í Hafnarfirði.

1970 Tólfta og síðasta breiðskífa Bitlanna, Let It Be, kemur út.

1974 Kristján Eldjárn forseti rýfur þing að ósk forsætisráðherra, Ólafs Jóhannessonar.

1983 Norðurlandahúsið í Færeyjum er tekið í notkun.



OPIÐ HÚS Sunnudaginn 9. maí frá 14-15

MARÍUGATA 38-40

URRIÐAHOLT - VISTVOTTAÐ HVERFI Í GARÐABÆ

PG Verk kynnir nýjar og glæsilegar fasteignir til sölu í Urriðaholti í Garðabæ. Vel staðsettar íbúðir með skóla og leikskóla í göngufæri ásamt því að vera með golfvöll og Heiðmörkina í næsta nágrenni. Byggingin er efst á hæðinni og eru margar íbúðanna með frábært útsýni.



Íbúð 308 / 117 m²

Íbúð 304 / 142 m²



- ✓ Vandaðar íbúðir á besta stað í Urriðaholti, Garðabæ
- ✓ Frábær staðsetning í nálægð við Heiðmörkina, golfvöll og skóla
- ✓ 4ra herbergja íbúðir 117-161 fermetur
- ✓ Bílastæði í bílakjallara eða bílskúr fylgir öllum 4 herb. íbúðum
- ✓ Glæsilegt útsýni

PG VERK
Traustur byggingaraðili síðan 1998

**Framúrskarandi
fyrirtæki**

SÖLUVEFUR

tgverk.is/mariugata-38-40

Hafa samband við ragnhildur@borgir.is sími 861-1197 eða hrefna@tgverk.is



Nafnið Fósturvísarnir vísar til fortíðar sumra félaganna í sönghópnum sem ólust upp í Fóstbræðrum. MYND/AÐSEND

Syngja til heiðurs vori og hækkandi sól

Kvöldið er okkar... er heillandi yfirskrift tvennra tónleika sönghópsins Fósturvísanna sem haldnir verða í Fríkirkjunni við Tjörnina næsta mánudag og þriðjudag, 10. og 11. maí. Þeir hefjast klukkan 20 bæði kvöldin.

Lagavalið er í léttari kantinum í tilefni af vori og hækkandi sól. Þar eru nýlegir

og eldri slagarar, íslenskir og erlendir, að því er fregnir herma.

Innanborðs í Fósturvísunum eru fyrrverandi félagar úr Karlakórnum Fóstbræðrum svo þeir hafa sannarlega tekið lagið áður og eiga víst til að grípa stundum í perlur úr safni sins gamla kórs.

Allur ágóði af tónleikum rennur óskiptur til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, sem mikið mæðir

á nú vegna fjölgunar munaðarleysingja í kjölfar heimsfaraldursins og einnig dreifingar bóluafna til fátækari svæða heimsins.

Vegna fjöldatakmakana eru aðeins 100 miðar í boði á hvora tónleika í Fríkirkjunni. Hægt er að panta þá í gegnum Facebooksíðu Fósturvísanna. Ef húsrúm leyfir verða líka miðar til sölu við inn-ganginn. –gun



Herbert Herbertsson
vélstjóri,
er látinn.
Bálför hans hefur farið fram í kyrrþey.
Eiginkona og börn.



Sigurður Pétursson
lögreglumaður og atvinnukylfingur,
sem lést mánudaginn 19. apríl, verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 12. maí kl. 13.
Vegna fjöldatakmakana verða einungis nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Útförinni verður streymt á www.sonic.is/siggip
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknar- og hjálparsjóð Landsambands lögreglumanna.

Guðrún Ólafsdóttir
Pétur Óskar Sigurðsson **Nina Björk Geirsdóttir**
Hannes Freyr Sigurðsson **Kristjana Erlingsdóttir**
Hanna Lilja Sigurðardóttir **Jónas Bjarnason**
Ragnar Sigurðsson
Anna Margrét Sigurðardóttir **Bjarni Þór Guðmundsson**
Ólafur Örn Jónsson **Nana Jónsson**
og barnabörn.



